

62. Landsþing

Landssambands hestamannafélaga

haldið í fjarfundabúnaði og í húsnæði ÍSÍ, Reykjavík

27.-28. nóvember 2020

Þingforsetar

Valdimar Leó Friðriksson og Gretar D. Pálsson

Þingritari

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Snæfellingi

Þingsetning

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Formaður segir þetta sérstakt þing í þessum aðstæðum, og að kannski munum við taka eitthvað með okkur inn í framtíðina frá þessu þinghaldi, erum að læra og þróast og þurfum að vera fljót að bregðast við stöðunni á hverjum tíma. Segir gaman að vera með þingfulltrúum og vonar að þetta verði málefnalegt og gott þing eins og jafnan. Vill að við höfum það hugfast að við erum hér fyrst og fremst til að vinna fyrir fólkið okkar, hestamenn í landinu, segist vita að við munum ná góðum árangri hér á þessu þingi.

Látinna félaga minnst

Formaður byrjar þingið á hefðbundin máta og óskar eftir þátttöku þingfulltrúa, hvar sem þeir eru á landinu, að rísa úr sætum og minnst látinna félaga með einnar mínútu þögn. Hugsum til þeirra sem eru farnir yfir móðuna miklu.

Lárus ber þinginu kærar kveðjur stjórnar, greinir frá því að þingið hafi heila hæð í ÍSÍ húsinu, skipt í hópa skv. reglum og þeim fylgt í hvívetna.

Kosning þingforseta og þingritara

Valdimar Leó Friðriksson og Gretar D. Pálsson tilnefndir sem þingforsetar og teljast þeir rétt kjörnir.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir tilnefnd og rétt kjörin sem þingritari.

Formaður afhenti að þessu loknu stjórn þingsins til þingforseta og starfsmanna þingsins.

Valdimar tók þá við stjórn þingsins og þakkaði það traust sem starfsmönnum þingsins er sýnt.

Þingforseti sagði þetta vera sérstakar aðstæður sem við erum í núna en að ætlunin sé að gera okkar besta til að klára þetta þing hratt og vel. Tæknimaður er á staðnum en vegna aðstæðna er upptaka, bæði mynd og hljóð allan tímann, sem hér með upplýsist um.

Varðandi lögmæti þingsins, þá skoðast þingið löglega boðað og löglegt, engar athugasemdir bárust.

Forseti tekur fram að þegar þingfulltrúar þurfa að biðja um orðið, þá er það gert á spjallinu (e.chat), og þegar menn byrja að tala eru þeir vinsamlegast beðnir að kynna sig.

Gengið til dagskrár

Æskulýðsbíkar LH – Karen Woodrow

Kæru þingfulltrúar og þingforsetar, góðan dag, gaman að vera með ykkur. Er hér fyrir hönd æskulýðsnefndar LH.

Karen segir það vera með skemmtilegustu verkum nefndarinnar að veita Æskulýðsbíkarinn, en bíkarinn er veittur því félagi sem skarað hefur fram úr í æskulýðsstarfi síðastliðins starfsárs. Kallað er eftir skýrslum frá æskulýðsnefndum sem gefur frábæra innsýn í það sem er að gerast í æskulýðsmálum um land allt. Hvetur félögin til að lesa skýrslurnar og kynna sér æskulýðsstarf því það er mjög fjölbreytt og flott æskulýðsstarf í gangi víðsvegar um landið.

Þessi vetur var sannarlega með öðruvísi sniði. Við yfirferð á skýrslunum var þó í raun ótrúlegt hversu umfangsmikið starfið var í ljósi þeirra aðstæðna sem voru í vetur.

Á seinustu árum hefur verið mikil umræða um nýliðun í greininni og það var áberandi í skýrslunum að félögin eru að leggja áherslu á þennan hátt og lögð áhersla á að fjölga ungum þátttakendum og er nýliðunarstarf til fyrirmyndar hjá mörgum félögum.

Hestamannafélögin eru greinilega að hugsa stórt, það er verið að koma á fót félagshesthúsum, ráða til sín yfirþjálfara, setja á laggirnar kennslu sem stuðlar að þátttöku allan ársins hring.

Það sem var líka gaman að sjá, var að það mátti greina virkt og gott samstarf á milli félaga þegar kemur að æskulýðsmálum. Fyrir þetta eiga nefndirnar, félögin og félagsmenn þeirra mikið hrós skilið.

Í ár er það Hestamannafélagið Hornfirðingur sem hlýtur Æskulýðsbíkar LH 2020. Á staðnum er Ómar úr stjórn Hornfirðings sem tekur við bikarnum fyrir hönd félagsins.

Karen lýkur þar með sinni framsögu fyrir hönd æskulýðsnefndar og þakkar fyrir.

Þingforseti þakkar Karen fyrir.

Kjörbréfanefnd skilar álit – Kristján Gíslason

Kristján segir, að eins og fram hefur komið, eru mjög sérstakar aðstæður uppi og þegar kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréfin þá sjá þau ekki fulltrúana í salnum eins og verið hefur. Þakkar Hjörný og Berglindi fyrir frábæra vinnu við þátttakendalistann, fulltrúalistann og kjörbréfin. Af tæknilegum ástæðum er ekki lengur hægt að skipta inná, frestur fyrir breytingar rann út 26.11. Sá háttur verður hafður á að Kristján les upp skýrslu kjörbréfanefndar og fer hún hér á eftir:

Kjörbréfanefnd kom saman í Borgarnesi 20. nóvember til að fara yfir kjörbréf þau er borist höfðu á skrifstofu LH innan tilskilins frests.

Nefndina skipa Kristján Gíslason og Marteinn Valdimarsson báðir í Hestamannafélaginu Borgfirðingi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum byggðum á félagaskrá aðildarfélaga eiga 186 félagsmenn frá 42 hestamannafélögum seturétt á þingi LH 2020. Kjörbréf hafa borist frá 36 hestamannafélögum og samkvæmt þeim eru kjörnir fulltrúar á þingi LH 2020 177. Fimm fulltrúar fara með tvö atkvæði hver skv. umboðum. Því má vænta þess að hér inni verði 172 þingfulltrúar. Frá eftirtöldum hestamannafélögum bárust ekki kjörbréf: Feyki, Geisla, Glæsi, Glófaxa, Gnýfara og Þráni.

Fjöldi þingfulltrúa skiptist þannig eftir félögum:

Adam	1 fulltrúi
Blær	2 fulltrúar
Borgfirðingur	8 fulltrúar
Brimfaxi	2 fulltrúar
Dreyri	4 fulltrúar
Fákur	20 fulltrúar
Freyfaxi	3 fulltrúar
Funi	2 fulltrúar
Geysir	10 fulltrúar
Glaður	3 fulltrúar
Grani	3 fulltrúar
Háfeti	2 fulltrúar
Hending	1 fulltrúi
Hornfirðingur	3 fulltrúar
Hringur	3 fulltrúar
Hörður	9 fulltrúar
Léttir	7 fulltrúar

Kópur	2 fulltrúar
Ljúfur	2 fulltrúar
Logi	3 fulltrúar
Máni	5 fulltrúar
Neisti	3 fulltrúar
Sindri	2 fulltrúar
Skagfirðingur	10 fulltrúar
Sleipnir	9 fulltrúar
Smári	4 fulltrúar (af 5 sem þeir eiga rétt á)
Snarfari	1 fulltrúi
Snæfellingur	4 fulltrúar
Snæfaxi	2 fulltrúar
Sprettur	22 fulltrúar
Stormur	2 fulltrúar
Sóti	2 fulltrúar
Sörli	13 fulltrúar
Trausti	2 fulltrúar
Þjálfí	2 fulltrúar
Þytur	4 fulltrúar

Alls 177 fulltrúar og þannig lagt fram til þingsins.

Kjörbréfanefnd þakkar fyrir.

Valdimar þakkaði Kristjáni fyrir álit og niðurstöður kjörbréfanefndar. Engar athugasemdir bárust og skoðast þessir þingfulltrúar því rétt kjörnir.

Skýrsla stjórnar

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH flutti skýrslu stjórnar sem er einnig aðgengileg á vef LH.

Fór hann yfir helstu atriði er varða starf stjórnar að undanfögnu og þar sem þetta er síðasta skýrslan sem hann flytur á þessum vettvangi, þá tekur hann sér kannski leyfi til að fara aðeins aftur í tímann og fram í tímann.

Lárus er mjög ánægður með skýrsluna og ánægður með starfið og hvetur þingfulltrúa til að fletta í gegnum skýrsluna. Mun stikla á stóru en í fyrsta sinn var skýrsla stjórnar send á þingfulltrúa fyrir þingið. Þegar rýnt er í hana þá sjáum við að ansi margt hefur verið gert og ansi margt hefur verið vel gert og að sambandið stendur mjög sterkt á öllum vígstöðvum.

Stjórn LH 2018-2020 var þannig skipuð:

Aðalstjórn

Lárus Ástmar Hannesson, formaður

Sóley Margeirsdóttir, varaformaður

Ólafur Þórisson, gjaldkeri

Oddrún Ýr Sigurðardóttir, ritari

Meðstjórnendur:

Ágúst Hafsteinsson

Eggert Hjartarson

Stefán Logi Haraldsson

Varastjórn

Lilja Björk Reynisdóttir

Þórdís Arnardóttir

Rósa Birna Þorvaldsdóttir

Siguroddur Pétursson

Ómar Ingi Ómarsson

Við höfum starfað mjög mikið, búin að halda 33 stjórnarfundi, 17 á árinu 2020 og þar af vegna aðstæðna 13 í fjarfundi. Tvær vinnuhelgar, ein í Stykkishólmi í Desember 2018, svo á Hvolsvelli og ætluðu að vera með vinnuhelgi síðastliðið vor en það fór eins og það fór. Samskipti við félögin og upplýsingagjöf til þeirra er sífellt að aukast og síðustu tvö ár hafa farið rúmlega ein skilaboð á viku til félaganna sem deila svo upplýsingum áfram til sinna félaga og allir því vel upplýstir um það sem er að gerast og það sem verið er að vinna, þ.e.a.s. ef þeir kæra sig um og vilja lesa. Allar fundargerðir eru svo aðgengilegar heimasíðu LH. Mikið um tölvupósta til sambandsins og eitthvað um að félagsmenn komi í heimsókn í höfuðstöðvarnar en það hefur verið lítið undanfarið vegna stöðunnar.

LH er með starfsmenn í 180% starfshlutfalli á skrifstofu, þær Berglindi Karlsdóttir, framkvæmdastjóra og Hjörný Snorradóttir, verkefnastjóra.

Sambandið fór í hlutabótaleiðina þegar Covid-19 brast á, tóku þátt í því að starfsmenn voru heima og sinntu sínum störfum eins og hægt var. Er ánægður með starfsfólkið, þau eru hamhleypur og gott að vinna með þeim.

LH er einnig með á sínum snærum þjálfara sem starfa sem verktakar, þau Sigurbjörn Bárðarson, A-landsliðsþjálfara og Heklu Katharínu Kristinsdóttur U-21 landsliðsþjálfara. Svo stendur til og er verið að móta það að sjö þjálfarar komi inn í hæfileikamótunina.

Í skýrslunni má sjá mynd af skrifstofunni, það er búið að taka hana í gegn og mála og búa nýjum húsgögnum.

Nefndirnar eru hefðbundnar, þessar fastanefndir sem hafa starfað gríðarlega vel og verið mikið starf í gangi. Bendir sérstaklega á laganefndina sem er á fullu að fara í gegnum öll lög okkar og ekki vanþörf á, sem mun svo skila til formannafundar á haustdögum. Að öðru leyti þakkar Lárus starfsmönnum nefndanna fyrir þeirra verk. Þakkar einnig starfshópunum tveimur sem settir voru af stað, faglegir starfshópar um gæðingafimi og íslandsmót.

Það er mikill stuðningur af umgjörðinni innan ÍSí og gott að vinna með þessu fólk, sérstaklega í þessum hremmingum, og verið rekstrarlegur stuðningur að vinna með fólki sem er undir þessari regnhlíf. Erum íþróttafólk, viljum vera það og verðum áfram.

Það hefur verið mjög gagnlegt og gott að vera í covid vinnunni með íþróttahreyfingunni. Búið að halda 16 covid fundi með sóttvarnarteyminu, aðilum og yfirmönnum ÍSí. Höfum fengið ákveðinn ramma til að vinna eftir í okkar íþróttagrein. Sóttvarnareglur hafa verið uppfærðar 7 sinnum. Ekki alltaf ánægja með reglurnar, en svona er þetta. Höfum sótt um undanþágur þrisvar; vegna áhorfenda og tvisvar vegna reiðhalla og því hefur verið synjað. Er glaður með að vera í þessu sporti, því það eru margar íþróttagreinar sem taka miklu meiri skell en við. Við getum þó allavega farið í hesthúsin og riðið út og létt lundina með því, mikið var um ferðalög og annað slíkt í sumar og menn búnir að njóta þess að vera hestamenn.

Þetta hefur tekið á alla og við þurft að aflýsa viðburðum, t.d. Allra sterkustu. Við frestuðum landsmótinu, okkar stærsta viðburði til 2022 og færðum hin landsmótin aftur. Fleiri mót og viðburðir dattu upp fyrir og landsþingið fært í fjárfund og mikið hefði Lárus nú viljað hafa ykkur með okkur og við í góðum félagsskap norður í Varmahlíð. Uppskeruhátið féll niður og munum við veita viðurkenningar með öðrum hætti en áður.

Heldur að það sé bjart fram undan, við þurfum að taka þessu af æðruleysi og vera áfram ábyrg eins og hingað til.

Vorum glöð með að fá FEIF þing í febrúar, rétt áður en allt skall á. Það gekk mjög vel, þingið var haldið á Hótel Örk og hófst á því að Meistaradeildin bauð þingfulltrúum á fjörgangskvöld deildarinnar, með mat og öllu og er deildinni þakkað fyrir höfðinglegar móttökur. Mikil stemning var á þinginu og fengum við jákvæð viðbrögð og þakkir fyrir þingið.

Eigum okkar fulltrúa í nefndum á vegum FEIF. Eigum tvo fulltrúa í keppnisnefnd, þær Huldu Gústafsdóttur og Olil Amble. Í æskulýðsnefnd er Helga Björg Helgadóttir. Í menntanefnd er Sveinn Ragnarsson. Í kynbótanefnd er Þorvaldur Kristjánsson og í Leisure riding er Eggert Hjartarson.

Höfum verið í þessu öflugra samstarfi við marga aðila, ekki síst opinbera aðila í verkefninu Horses of Iceland. Hefur kannski ekki tekist að koma nógu vel til skila út á hvað þetta verkefni gengur en í hans huga er þetta gríðarlega mikilvægt og gott verkefni sem við erum að fá mikið út úr fyrir í rauninni lítið framlag frá hverjum og einum, 300 krónur. Fengum framlengt núna, fengum 19 milljónir, mikill metnaður og mikið fagfólk í þessu og segist hann vona að okkur beri gæfa til að standa vörð um þetta verkefni. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem setur okkur á hærri plan í stóra samhenginu í íslandshestaheiminum, frábært samtarfsverkefni innlendra og erlendra aðila.

Fórum í afmörkuð verkefni sem HOI hjálpuðu með: s.s. samfélagsmiðlaherferð, samfélag íslenska hestsins og átak í að fjölga félögum í hestamannafélögum. Það er áhyggjuefni að einhverjir sem eru að ríða út og nota þjónustu og reiðvegi og annað slíkt, ef þeir eru ekki skráðir í hestamannafélögum. Það er eitthvað sem þarf hægt og rólega að ná að grípa fyrir því það er engum til góðs, allra síst þeim sem hafa valið að vera fyrir utan okkar regnhlíf.

Dagur íslenskra hestsins er verkefni sem hefur einnig verið unnið með HOI og sem þarf að halda áfram að gera meira úr. Það kemur svo aftur inn í þátt sem við köllum nýliðun og að kynna íslenska hestinn fyrir börnum og ungum upprennandi knöpum.

Næsta verkefni er líka samstarfsverkefni, sem eru myndböndin á worldfeng. Höfum ekki látið deigan síga með þetta. Þarna erum við að fá mikið og gera mikið gagn fyrir lítinn pening. Það eru núna 21 hestamannafélag sem hefur keypt áskrift fyrir sína félagsmenn og fær aðgang allt árið að öllu efninu sem er komið inn. Sú ákvörðun var tekin með Stofnverndarsjóði, og megi sjóðurinn hafa þökk fyrir, að kaupa kynbótasýningar vorsins - keyptum 170 myndbönd sem hefðu með réttu verið á landsmóti og þessi gögn eru því til og komin inn. Einnig þessi frábæra landssýning sem haldin var á Hellu, fjárfest var í því líka.

Í þessu samhengi er viðeigandi að fara aðeins aftur í tímann. Þessi gögn voru öll til en voru ekki að nýtast okkur, voru út og suður og jafnvel í eigu annarra en landssambandsins. Farið var í þá vegferð að kaupa þetta og setja þetta inn. Það er í raun LM sem á þessi gögn og þetta var mikið gæfuspor. Framtíðartónlistin í þessu, þegar okkur áskotnast meira fjármagn og tími, að fara í gegnum öll myndböndin og setja inn alla gömlu hestana og hryssurnar. Sýn Lárusar er sú að HM eigi að fara þarna inn líka. Þetta er gagnabanki sem ber að varðveita og hugsa til framtíðar og að þarna safnist saman allar upplýsingar á einum góðum traustum stað.

Samningar um LM 2024 og 2026. Landsmót ársins 2020 færðist til 2022 sem gerði það að verkum að landsmót Sprettara færðist til 2024 og var mjög gott samstarf við alla þessa aðila um að vinna þetta málefnalega og leysa þessi mál og er þeim þakkað fyrir það. Á dögnum var svo gleðilegt að undirrita samning við Skagfirðinga um landsmót 2026 á Hólum í Hjaltadal. Þessir samningar byggja allir á samningum sem við náðum við Fákssfélaga fyrir landsmótið 2018 þar sem við tókum það farsæla stökk að færa rekstur mótanna úr ábyrgð LM yfir á félögin sjálf. Það hefur þurft að aðlaga samninga í samvinnu við félögin, bregðast við og gera þetta sanngjarnara og betra. Allir samningarnir eru sambærilegir að því leytinu til að félögin bera þessa ábyrgð og LM fær ákveðið afgang. Það þarf að standa vörð um þetta. Það gleymist stundum að þarf peninga til að reka batteríið og taka skref fram á við. LM er núna skuldlaust félag en skuldar eigendum sínum, það þarf að þakka það niður og sækja fram.

Sportfengur – það er búin að vera umræða á milli aðila um að efla þetta góða kerfi okkar og fá Svía og Norðmenn inn í þetta kerfi. Búið að færa þetta yfir á ensku og gera samkomulag um þessa notkun. Á bara eftir að ganga formlega frá því með Sportfenginn.

LH-Kappi – er alfarið í eigu LH. Talsverður kostnaður við rekstur og hefur verið lagt í fjárfestingu í þessu, núna komnir auglýsingaflípar. Er verið að ræða með sölu á því, en það er enn í skoðun. Skoðun Lárusar er sú að þetta eigi að reka sig sjálft og þeir sem eru að nota þetta eiga bara að kaupa þetta á sanngjarnan pening og hlaða þessu niður. Viljum hafa þetta sem

allra best og vera tilbúin að bregðast við og breyta og gera og græja. Finnst að eigi að selja þetta á sanngjarnan pening, en kemur í ljós hvernig það fer.

Skógarhólar – Eggert Hjartarson er búinn að lyfta þarna grettistaki en hann er stjórnarmaður í LH sem tók að sér að koma inn í reksturinn og halda utan um hann, gegn nánast engu gjaldi. Algjör snilld hvernig þetta er að verða og við getum verið gríðarlega stolt af þessu. Þetta er hjartað okkar, er að verða okkur til sóma. Lækkuðum gjaldið í sumar til að koma til móts við hestamenn, gáfum 30% afslátt og það var nýtt vel. Þarna er verið að skoða mjög sniðugt dæmi líka með að setja einhversskonar TRECK braut. Þarna er sagan okkar, hana þarf að skrá og koma upp á vegg í húsinu okkar. Það voru stofnuð þarna samtök sem heita Vinir Skógarhóla. Sér fyrir sér að þetta svæði muni nýtast okkur, ekki síst fyrir æskuna okkar. Hugsa sér að koma með æskuna í útilegu um Skógarhóla. Gista þarna, fara í reiðtúra, fara í treck, fótbolta og hafa gaman. Flottir möguleikar og við getum verið mjög stolt af þessu. Er mjög þakklátur öllum þeim sem hafa lagt þarna hönd á plóg. Hafi þeir þakkir fyrir, allir þeir sem lögðu fram vinnu og stuðning í formi efnis og fleira.

Gaman að geta þess að við erum búin að ganga frá því að hér á eftir verður skrifað undir 10 ára samning um Skógarhóla, við þjóðgarðsvörðinn Einar Sæmundssen, hérna eigum við hjarta og pössum það.

Mótahaldið 2020 var ótrúlega gott miðað við aðstæður. Náðum að halda íslandsmót barna og unglinga á Selfossi. Glæsilegt mót og frábært að sjá knapana okkar, vel riðandi og ótrúlega flínkir orðnir þó allir hafi ekki verið háir í loftinu. Þrátt fyrir stöðuna voru 90 skráð mót á keppnistímabilinu með 7.500 skráningum, samanborið við tæp 10.000 árið á undan.

Það er ekki hægt annað en að minnast á Reykjavíkurmeistaramótið, sem var stærsta mót sem haldið hefur verið, með 900 skráningar. Nota þetta tækifæri og þakka þessu fólki sem er að leggja á sig gríðarlega sjálfböðavinnu við að halda þessi flottu mót allsstaðar. Alltaf að verða þjálfaðra og þjálfaðra fólk og gengur betur.

Nýliðun í hestamennsku. Þar höfum við verið að vinna gríðarlega mikið. Settum okkur markmið um að setja þetta á oddinn. Tókum þetta í málstofu á formannafundinum 2019. Fórum í heimsókn til Sörla og á fyrirlestur þar og það er víða verið að vinna ofsalega gott starf. Höfum tekið þessi gögn öll saman því okkar verkefni er fyrst og fremst að aðstoða félögin við að fara af stað. Þurfum að hvetja og gera fólk meðvitað og að fólk átti sig á því að þetta er ekki óyffirstíganlegt. Það má hæla þessum félögum sem hafa gengið hvað lengst í þessu. Þetta byggir allt á æskulýðsstarfi, erum fyrst og fremst að reyna að ná inn fólki sem er ekki í hestamennsku og hefur ekki endilega aðgang að hestum. Punktar eins og hestaval í grunnskólum og framhaldsskólum. Það er að reynast mjög vel t.d. á Snæfellsnesi, þekki það mjög vel þar, að gera það í samstarfi við hestamannafélögin þar og grunnskólana. Þjóða upp á hestaval í elstu bekkjum grunnskóla, þar sem þetta er kennt eins og reiðnámskeið og keyrt mjög hratt. Í Stykkishólmi voru 12 krakkar sem eru 36% af krökkunum sem þar eru og verður einnig í Grundarfirði. Þurfum að finna leiðir, koma þessi af stað og hjálpa þeim að taka næstu skref. Eigum að halda áfram að efla reiðskólana og styðja við þá og nota daga eins og Dag íslenska hestsins 1. maí og fleira til að bjóða krökkum og fólki sem hefur áhuga, að koma og heimsækja okkur.

Afreksmálin – þar hefur verið lyft grettistaki. Þar hefur landsliðsnefndin farið í fararbroddi ásamt stjórn og starfsmönnum. Það leit út fyrir að við yrðum sett niður í ruslflokk nánast, en við spíttum í lófa og gáfum í. Hæfileikamótunin, sem stjórn tók og byrjaði að móta og færðist svo yfir til landsliðsnefndar, er mjög spennandi verkefni sem er starfsrækt á nokkrum stöðum um landið, yfir 50 knapar og svo eru landsliðshópar starfandi allt árið núna. Úr þessu öllu saman er orðin mjög flug afreksstefna hjá okkur. Svo er ekki annað hægt en að þakka allar deildirnar sem eru starfsræktar núna um allt land, þar sem knapar eru að þroska sig og þjálf. Þetta er að gera okkur ofsalega sterk og við sjáum hvað það er orðinn miklu stærri hópur sem er með góða hesta og góðar sýningar.

Mörg önnur mál sem við erum að vinna í. Norðurlandamót 2022, verður í Finnlandi. Þar var vinnuhópur sem varð til þess að marka í raun stefnuna um hvaða kröfur verði gerðar til þeirra sem halda Norðurlandamót og fastsetja tímasetningu. Í þessum vinnuhópi voru Sigurbjörn Bárðarson og Hjörný. Það er gott að fá ramma utan um eitt og annað og það leiðir okkur yfir í næsta punkt sem er endurskoðun laga og reglna en laganefndin er búin að vera að vinna mikið og þar er þarft verk.

Treck – búið að skoða það og sjá hvernig við komum því best inn hjá okkur.

Dómarakostnaður – það er umræða sem við verðum að taka. Lítil félög eru að bugast og geta ekki haldið lögleg mót. Þarna þarf landssambandið að koma inn, finna lausnir og koma inn með fjármagn. Það er mikill ábyrgðarhluti að styðja ekki við jaðarsvæði, ekkert síður en að tala um nýliðun. Höldum því áfram og þurfum líka að standa vörð um þá sem eru hjá okkur.

Gæðingakeppnin er að sækja fram erlendis og við höfum verið að hjálpa þeim við það. Þeir hafa verið í sambandi við þjóðir og að pota okkur í samstarf við þjóðverja. Þar eru ofboðsleg tækifæri og frábærir knapar og hestar.

Það er kominn world ranking listi í gæðingakeppninni sem mun halda áfram að vinda upp á sig næstu árin.

Þá er búið að fara yfir helstu atriði úr skýrslunni. Hvet þingfulltrúa enn og aftur til að lesa skýrsluna, hún er mjög góð. Held að sjaldan eða aldrei hafi verið svona fín skýrsla og þrátt fyrir það að árið hafi verið svona og við þurft að fresta verkefnum þá er staða sambandsins mjög góð.

Ólafur gjaldkeri fer yfir stöðu peningamálanna, það er allt í toppmálum enda góður maður sem heldur þar utan um taumana.

Þetta er í síðasta sinn sem ég flyt skýrslu stjórnar á þessum vettvangi og ég hlakka til að svara fyrirspurnum ef einhverjar eru.

Lárus þakkar fyrir og lýkur sínu máli.

Valdimar þakkaði Lárusi fyrir ítarlega skýrslu og gaf Ólafi Þórisssyni, gjaldkera orðið til að fara yfir ársreikninga.

Ársreikningar LH fyrir árin 2018 og 2019

Ólafur Þórisson lagði fram reikninga fyrir árin 2018 og 2019 og fór yfir helstu liði. Reikningarnir eru aðgengilegir á vef LH.

Ársreikningur 2018:

Rekstrartekjur voru kr. 69.634.365, rekstrargjöld voru kr. 65.945.420 og niðurstaða ársins rekstrarhagnaður upp á kr. 3.789.317 að teknu tilliti til fjármagnstekna og fjármagnsgjalda.

Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi hljóða upp á kr. 69.941.419, bókfært eigið fé í árslok er kr. 61.285.258 og eiginfjárlutfall félagsins er 88%.

Ársreikningur 2019:

Rekstrartekjur voru kr. 96.516.940, rekstrargjöld voru kr. 93.997.208 og niðurstaða ársins rekstrarhagnaður upp á kr. 2.565.686 að teknu tilliti til fjármagnstekna og fjármagnsgjalda.

Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi hljóða upp á kr. 68.125.408, bókfært eigið fé í árslok er kr. 63.850.944 og eiginfjárlutfall félagsins er 94%.

Átta mánaða rekstur LH 2020 kynntur

Ólafur fór yfir 8 mánaða uppgjör LH 2020 í helstu atriðum. Mestur munur er í afreksmálunum, hagnaður fyrstu 8 mánaða er kr. 4.841.518. Minni aðkeypt þjónusta á Skógarhólum, t.d. minna um hestaferðafyrirtæki sem hafa nýtt þjónustuna umtalsvert. Neikvæð niðurstaða þar, en búið að framkvæma mjög mikið eins og fram kom í skýrslu stjórnar.

Fjárhagsáætlanir 2021 og 2022 kynntar

Samkvæmt áætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir tekjum upp á rétt rúmar 90 milljónir og gjöldum upp á 86 milljónir og niðurstaða því áætluð jákvæð um 4,5 milljónir.

Árið 2022 eru tekjur áætlaðar 81 milljón, gjöld áætluð 78,5 milljónir og niðurstaða áætluð jákvæð um tæpar 2,5 milljónir.

Ólafur hefur þar sem lokið sinni yfirferð og þakkar fyrir sig.

Ársreikningur 2018 og 2019 merkt sem þingskjal 23 og vísað til fjárhagsnefndar. Fjárhagsáætlun 2021 og 2022 merkt sem þingskjal 24 og vísað til fjárhagsnefndar.

Valdimar gaf orðið laust fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og/eða ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Hjörtur Bergstað - formaður Fáks

Hjörtur sagði sérstakt að vera á þessum fundi svona, alltaf svo skemmtilegt að hitta aðra hestamenn, en það býður betri tíma. Sammála að skýrslan var mjög góð, margt gott í henni, vel skrifuð, en margt sem hann er ekki alveg sáttur við. Best að byrja á landsmótinu, gott að búið er að ákveða hvar það verður 2026 og þó hann hafi sótt um það fyrir Fák, finnst sá staður bestur á landinu, hverjum þykir sinn fugl fagur og allt það en það þurfi að fylkja sér bak við þær ákvarðanir sem teknar eru, menn verða að setta sig við það, hvort sem menn eru sáttir eða ekki. Óskar Skagfirðingum til hamingju með þetta og við sjáumst þar 2026. Ræðir samskipti stjórnar við hestamenn og tengsl á milli stjórnar og hestamannafélaganna. Finnst samskiptin afskaplega lítil og mættu vera miklu miklu meiri. Heyrði t.d. í Lárusi sem mér þótti mjög slæmt, rétt fyrir áramót, þar sem hann óskar eftir því að Fákur taki að sér Íslandsmót 2020, sem ég tók ágætlega í með þeim formerkjum að ég yrði að tala við kollega mína í hinum hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu sem ég og gerði, en menn tóku ekkert rosalega vel í þetta. Höfðum verið að halda landsmót 2018, Sprettarar höfðu verið að halda Íslandsmót 2018 og við héldum sameiginlega Íslandsmót 2019 en við töluðum við okkar bakhjarla, sveitarfélögin og svoleiðis og þeir mönuðu okkur í að gera þetta og voru þeir tilbúnir að bakka okkur upp. Þegar það var þá tókum við þá ákvörðun að fara í þetta og vorum búin að leggja töluvert mikla vinnu í að gera þetta. Svo þegar ég kem til baka með þetta, þá er eiginlega sagt að það sé búið að biðja fleiri. Ef maður hefði vitað þetta þá hefði maður ekki farið af stað því tími manns er ágætlega dýrmætur og maður hefði ekki eytt honum í þetta eða ekki farið af stað því það þurfti að beita fólk fortölum til að fara af stað, því við vorum búin að gera þetta árin tvö á undan.

Hjört langar líka að tala um frestun á mótahaldi í sumar. Héldum 900 skráninga mót við góðan orðstír, gaman að fá gesti í dalinn. Okkar markmið að gera mótin stærri og betri og að sem flestir fari ánægðir frá okkur. Fannst skrítið hvað menn voru fljótir að slá Íslandsmót 2020 af. Hefði fundist að það hefði mátt fresta þessu, þetta var jú bara í byrjun ágúst og alveg ágúst og september eftir. Fannst þetta dapurt og að það hefði verið hægt að leita leiða við að halda mótið. Fannst þetta ekki rétt. Finnst líka vanta í skýrsluna og í starf hestamannafélaga yfirhöfuð, að allavega 80-90% af félögum í hestamannafélaginu Faki er bara hinn venjulegi útreiðarmaður. Það fer afskaplega lítið fyrir því í skýrslu stjórnar um hinn venjulega útreiðarmann sem er jú undirstaða þess að við erum í hestamennsku. Leggja á, ríða út mér til skemmtunar og koma brosandir heim. Það sem þetta snýst um. Finnst að LH og HOI og fleiri þurfi að sjá ávinninginn þar. Lárus minntist á HOI sem er bara fínasta verkefni og vildi meina að það væri fjármagnað, er það fjármagnað eður ei? Margt gott verið gert, má ekki gleyma því, eins og Skógarhólar og fleira. Við höfum líka komið að verkefnum sem við höfum komið að með LH og HOI sem ég hefði viljað sjá í skýrslunni. Í sambandi við samneyti hestamanna við aðrar íþróttagreinar á þessum Covid tímum, þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og alls staðar annarsstaðar. Þessir árekstrar sem eru að verða svo mikið við hlaupafólk, hjólaafólk, mótorhjól. Þetta er agnúi sem við þurfum að vinna í og við erum að vinna þetta í samvinnu við Samgöngustofu og það er gott að þingheimur viti af því. Ef menn hafa hugmyndir í það þá má koma ábendingum til Dagnýjar í reiðveganefnd Fáks ef fólk hefur skoðanir á þessu. Hjörtur þakkar fyrir.

Dagbjartur Halldórsson – formaður Léttis. Er að skoða reikninginn, eignir undir veltufjármunum upp á rúmar 17 milljónir. Óskar eftir skýringum á því hvað það er?

Halldór H. Halldórsson - ræðir skýrslu stjórnar, ekki orði vikið að reiðvegum eða reiðvegamálum í orðum formanns. Hef starfað sem formaður ferða- og samgöngunefndar LH nokkur síðustu árin. Get ekki sagt að ég hafi hnotið um á síðustu tveimur árum, hvorki formann né stjórnarmenn í neinu er varðar þennan málaflokk sem reiðvegir eru. Hvort ég telst íþróttamaður í minni hestamennsku skal ósagt látið, en þetta snýst allt orðið um keppnismennskuna, en ekki um 90% hestamanna sem eru almennir hestamenn. Snýst ekkert um þeirra málefni. Lít á mína hestamennsku ekki síður sem menningu og lífsstíl. Takk fyrir.

Andrea Þorvaldsdóttir frá Létti, Akureyri – spurning um reikninga til gjaldkera. Kostnaður við uppskeruhátið 2019 er 3,5mkr, vill vita hvers vegna og einnig varðandi mótuneytisskostnað sem fer úr 1,5 milljón í tæpar 2,2 milljónir.

Valdimar gaf Lárusi orðið til að svara fyrirspurnum sem beint var til formanns.

Lárus - byrjar á að svara Hirti. Þakkar Fáksmönnum fyrir þeirra starf sem er öflugt. Varðandi tengslin, vill Lárus meina að í gegnum tíðina hafi hann verið í góðum tengslum, en þetta er eitthvað sem við megum alltaf gera betur.

Fákur hélt glæsilegt Íslandsmót 2018 og 2019 og þegar verið var að ræða 2020 mótið, þá er það alveg rétt að við leituðum hófana á nokkrum stöðum því það var ekki komin umsókn og þetta leit ekki vel út. Það datt svo inn umsókn frá Geysi og svo frá Fáki sem ber að þakka. Þessi fínu mót Fáks 2018-2019 voru flott en það var tekin sú ákvörðun að Geysir væri næstur, biðst velvirðingar á því hafi það valdið óþægindum.

Varðandi mótið í ágúst og að blása það svona snemma af, menn voru nú ósáttir við það að einhverju leyti að þetta yrði í ágúst. Þetta eru einhvern veginn þannig tímar að maður er að taka ákvarðanir sem eru margar misvondar og auðvelt að vera vitur eftir á og allir í þessari baráttu myndu örugglega hafa viljað fá annað tækifæri í hinum og þessum ákvörðunum. Ef við hefðum vitað það sem við vitum í dag þá hefði verið betra ef mótið hefði verið fyrr að sumrinu en vonandi þurfum við ekki að standa aftur frammi fyrir þessum aðstæðum. Stjórn tók þetta vel til umfjöllunar og þetta varð niðurstaðan.

Lítið talað um hestamenn í þessari skýrslu segirðu. En ef maður rýnir skýrsluna og fer yfir flokkana þá er þar talsvert talað um hinn almenna hestamann og það er svona þínu ósanngjarnt að segja að það sé sáralítið minnst á það. Margir flokkarnir eru almennir, eitthvað keppnis og eitthvað fyrir okkur þessa venjulegu hestamenn.

Horses of Iceland, það eru 19 milljónir sem eru fram á næsta ár. Erum að velta fyrir okkur núna að sækja um fjármögnun á þessu áfram, þannig að verkefnið stoppi ekki og það verður tekin ákvörðun um það hér á þinginu. Þetta er í höndum þingsins.

Það er í skýrslunni varðandi árekstra og umferð ríðandi fólks, aftarlega undir ýmis mál, þar minnumst við á þetta. Þetta er spennandi verkefni og þarft.

Halldór Halldórsson, nefnir að það sé lítið talað um reiðvegi. Hef sagt það að Halldór og samgöngunefndi sé öflugasta nefnd sem ég hef unnið með og hafi hún þakkir fyrir það. Við höfum átt í samskiptum, en þetta er auðvitað mál sem er eilífðarvinna og má aldrei stoppa. Er að breytast aðeins og snúast meira um árekstra en nýbyggingar á vegum. Tengillinn inn á skýrslu nefndar, sem er öflug frá Samgöngunefnd og hinum nefndunum, er í rafrænni útgáfu skýrslunnar. Um að gera að fara þar inn og lesa um það. Lárus þakkar fyrir að sinni.

Lárusi þökkuð svörin og orðið gefið laust til Ólafs gjaldkera.

Ólafur - varðandi spurningarnar frá Dagbjarti. Það eru eignarhlutar í Landsmóti og Skógarhólum upp á rétt rúmar 19 milljónir árið 2019 og svo er líka skuldastaða milli félaga, LM ehf og LH upp á 17 milljónir. Ef þetta svar dugar ekki þá þarf ég að fá nánar að vita hvað Dagbjartur er að spá í.

Varðandi spurninguna frá Andreu um uppskeruhátíðna, úr 900þús í 3,5mkr. Ástæðan 2019 var sú að landsliðsnefnd bauð öllu landsliðinu á uppskeruhátíðina og það er stór hluti af því. Svo koma tekjur á móti þessu inn annarsstaðar upp á 2mkr þannig að tapið af uppskeruhátíðinni er ekki nema 1,5mkr.

Svar til Hauks varðandi hækkun á launakostnaði. Það var ráðinn inn þriðji starfsmaður á skrifstofu 2019 og líka núna 2020 og breytingin var sú að Berglind Ragnars vildi hætta og ekkert mál með það, þannig að frkv stjóri bókar bókhaldið en Ólafur sem gjaldkeri borgar alla reikninga og hefur gert öll þau 6 ár sem hann hefur verið gjaldkeri.

Hjörtur Bergstað biður aftur um orðið. Hann minntist á reiðvegi og árekstra, þetta kom ekki fram í máli Lárusar, fór fram hjá Hirti líka í skýrslunni. Finnst að þetta eigi ekki að vera önnur mál. Mikilvægt mál. Gleymdi að minnst á styrki út af Covid sem er búið að tefja allt fyrir okkur. Hella eða aðstandendur Gaddstaðafleta sótti um Covid styrk og fengu 8 milljónir. Frábært mál, veit sjálfur hvað kostar að halda svona landsmót, þetta er dýrt og tekur tíma og þetta er síst of hár styrkur. Langar að vita – sko LH, sótti sambandið um í þessa sjóði, þá hversu mikið og ef ekki þá af hverju.

Ræðir aftur Íslandsmótið, að það hefði mátt vera fyrr, en sumarið ekki búið í ágúst, finnst bara ekki halda rök að fresta þessu svona snemma. Nógur tími eftir. En lætur gott heita, takk.

Lárus – get svo sem ekki farið yfir alla skýrsluna í töluðu máli, of langt, en sammála því að þetta er þarft mál og vona að það muni leiða okkur á góðan stað. Vona að fólk lesi skýrsluna.

Varðandi Hellu og styrk, vonar að fólk sæki í það, var sett upp fyrir þá sem hafa orðið fyrir tapi á frestuðum viðburðum og mótahaldi. LH varð ekki fyrir tapi sjálft, en þessi sjóður var eyrnamerkur þeim sem urðu fyrir tapi.

Varðandi Íslandsmótið, veit svo sem ekki hvernig rökin geta verið í þessu árferði, en þetta er niðurstaða sem stjórnin komst að. Ef ég hefði vitað allt þá sem ég veit núna þá hefði verið betra að hafa mótið fyrr.

Tekur að lokum undir orð Hjartar að það er leiðinlegt að hafa ekki alla hérna.

Ólafur gjaldkeri aftur. Varðandi það sem Dagbjartur spurði um, þá er þetta 17mkr skuldastaða milli LM og LH, Landsmót ehf skuldar LH þessar rétt rúmu 17 milljónir.

Svarar Andreu líka. Þetta er formannafundur, mötuneyti ÍSí þar sem starfsmenn fara í mat að einhverju leyti og einnig ef nefndir eru að funda í ÍSí, stundum í hádeginu eða kaffitíma.

Þingforseti segir þessum lið lokið og næsta mál á dagskrá er Horses of Iceland.

Horses of Iceland – Jelena Ohm

Jelena þakkar fyrir að fá að koma á fundinn. Hún er verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu og stýrir verkefninu HOI. Gaman að heyra að það var talað um HOI fyrr á þinginu og greinilegt að það eru spurningar sem fólk er að velta fyrir sér, vonar að hún geti svarað þeim hér.

Jelena fór yfir upphaf verkefnisins, greiningu og stefnumótun. Báðum um fjármagn frá ríkinu 2015, svarið var komið ykkur saman og gerið plan. Við erum vettvangur, atvinnulífið, hestamenn og ríkið.

40-50 manns mættur úr öllum áttum, talað um framtíðarsýn, svót greiningu, tækifæri, markhópa, samkeppni. Erlendis erum við að keppa á móti öðrum hestakynjum og hér heima á móti annarri afþreyingu, öðrum íþróttum ofl. Fórum í samkeppni hér heima, hvernig við viljum kynna íslenska hestinn, hvað við viljum segja osfr.

Útkoman var þessi: „HOI færir þig nær náttúrunni“. Meginmarkmið er að auka gjaldeyristekjur af íslenska hestinum og það gerum við með því stækka íslenska hestasamfélagið erlendis og hér á Íslandi. Ef þú finnur ekki tengingu við þá hestamennsku sem þú stundar og markaðsverkefnisins HOI þá langar mig að benda á að með því að auka gjaldeyristekjur í greininni þá erum við óbeint að styrkja stoðir allrar hestamennsku, betri þjónustu, vöruþróun og meiri gæði og fagmennsku í greininni.

Áherslur hafa verið að auka vitund um og styrkja ímynd íslenska hestsins á Íslandi og alþjóðavettvangi.

Strax í upphafi var 10 manna verkefnisstjórn skipuð, með tvo fulltrúa frá Félagi hrossabænda og Landssambandi hestamannafélaga. Einn fulltrúi frá Félagi tamningamanna, háskólunum, útflytjendum, Samtökum ferðaþjónustunnar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Gaman að segja frá því að næsti fundur er sextugasti fundur stjórnarinnar. Það fer gríðarlegur tími í verkefnið. Besta við verkefnið að fá alla aðila saman einu sinni í mánuði til að ræða málin, tækifærin, fara yfir kostnaðarliði og ákveða hvert við viljum setja fjármagnið okkar. Skrifað undir samning 2016 við ríkið fyrir 25mkr á ári til fjögurra ára. Gaf tækifæri á því að kynna íslenska hestinn hérlandis og erlendis. Þetta er króna á móti krónu verkefni. Þetta var svo framlengt 2019 í 18 mánuði eða til loka júní 2021.

Við erum að ræða þetta núna og kjósa á þinginu hvort við getum fengið að halda áfram til framtíðar. Erum að vinna að því að gera langtímasamning við ríkið, því þetta er ekki markaðsáttak, heldur markaðsverkefni sem er komið til að vera.

Svo hófst vinnan við að fjármagna verkefnið og byrja vinnuna, höfðum þá 50 milljónir til að kynna íslenska hestinn á heimsvísu. Gerð heimasíða á fjórum tungumálum, allskonar kynningarefni, myndbönd og margt fleira. Fórum á fjölda sýninga.

Er hér á þinginu til að ræða samstarf HOI og LH.

Strax frá upphafi er fyrst og fremst hér á Íslandi áhersla lögð á að auka nýliðun og að kynna hestamennsku sem frábæra afþreyingu og íþrótt fyrir íslendinga. Það var keyrt af stað 2016 með Degi íslenska hestsins 1. maí þar sem hefur verið skróðreið í bæinn þrjú ár í röð. Hefur verið kynnt sérstaklega fyrir íslenskum fjölskyldum til að koma og klappa hestunum, sjá þá og einnig fyrir erlendum ferðamönnum á svæðinu. Höfum lagt áherslu á Æskan og hesturinn en það voru góðar hugmyndir fyrir 2020 til að nýta þennan vettvang enn frekar. Hestamannafélögin voru hvött til að halda uppákomur saman, opin hús, félagsreiðtúra og fleira til að setja út í heiminn og kynna þetta samfélag okkar. HOI hafa einnig verið með hestasýningu á 17. Júní í miðbæ Reykjavíkur, kostað myndatökur á fjölda viðburða, tekið yfir samfélagsmiðla LH fyrir HM, staðið fyrir herferð til að fjölga félagsmönnum í hestamannafélögum og unnið að hvatningaverkefni með Samgöngustofu um tillitssemi og umgengni við hesta í umferðinni. Sýndi hún dæmi um auglýsingar á vegum HOI og tilgang þeirra.

Vorið 2020 fór af stað herferð um að skrá sig inn í hestamannafélag. Snýst ekki bara um nýliðun heldur einnig um fólk sem stundar hestamennsku en er ekki partur af hestasamfélaginu. Þetta er peningatap fyrir hvert og eitt félag, landsfélagið og alla leið upp í FEIF. Þetta var samfélagsmiðlaherferð og hvetur hún félögin til að nýta tækifærið, efnið og þessi myndbönd í sinni starfsemi.

Árangurinn var góður á fyrstu árum verkefnisins 2016-2019 en sem dæmi voru birtar voru rúmlega 54 milljónir birtinga á samfélagsmiðlum og samanlagt virði þeirra birtinga var um 40 milljónir króna. Fjöldi fylgjenda óx mikið, greinar og þættir í kjölfar blaðamannaheimsóknáðu til um 293 milljóna manna, með samanlagt virði umfjallana um 730 milljónir auk þess sem myndbönd verkefnisins fengu yfir 3 milljón spilarir.

Sýndar voru svipmyndir af samfélagsmiðlum sem náðu góðri dreyfingu og dæmi um verkefni.

2020 var nýtt vörumerki mótað í tengslum við allar atvinnugreinar landsins, niðurstaðan að Ísland sé þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni. Nú hefur HOI verið aðlagð að þessum stoðum í stefnumótunarárvinnunni í ár.

Nýr fókus verkefnisins verður á komandi kynslóðir hér á Íslandi og erlendis en það mun verða stærsti hlekkurinn í stuðningi við nýliðun og frábært að taka fund og ræða við formenn og öll félög um hvað þau langar til að gera og hvernig HOI getur stutt starfsemi félaganna. Þetta er algerlega opið samtal.

Það skiptir máli að vera með sterkt vörumerki. Með því að vera sýnileg á þessari stærðargráðu erum við að lyfta hestamenskunni á hærra plan. Það hjálpar með vitundarvakningu um hestamennsku sem frábær kostur fyrir íslenskar fjölskyldur og sérstaklega þegar við þurfum að sækja fjármagn til sveitarfélaganna til að byggja upp okkar innviði, reiðhallir, reiðvegi o.s.frv.

Stór herferð fór af stað hjá Íslandsstofu í byrjun sumars og það sem er spennandi við að hafa HOI innan Íslandsstofu er tækifærið til að ná til miklu stærri hópa fólks út um allan heim. Íslenski hesturinn er hluti af öllu því sem Íslandsstofa gerir og í þeim gæðaflokki sem við viljum sjá. Þessi herferð mætti 36 sinnum okkar markmiðum og hefur náð til tæplega 3 milljóna manna. Gríðarleg tækifæri þar.

Jelena sagði stuttlega frá boði sem hún fékk á heimsráðstefnu um hesta sem haldin var 2019 í Kína. Gaman að sjá þar hvað íslenski hestaheimurinn er kominn langt í samanburði við aðra og það að miklum hluta fyrir tilstilli sjálfbæðaliða eins og þeirra sem sitja þetta þing núna. Við höfum náð ótrúlega langt en mörg verkefni eru eftir, vera leiðandi í hestaheiminum og vera best.

Reynslan sýnir að samstarfs- og markaðsverkefni geta skilað miklum ávinningi en þá aðeins ef þau eru nægilega fjámögnuð og til langs tíma. Við höfum núna byrjað aftur samtal við ráðherra og finnum fyrir miklum áhuga og jákvæðni í okkar garð. Það er algjörlega nauðsynlegt að hestamenn standi saman og taki vel á móti fjármagni ríkisins. LH hefur alltaf lagt fjármagn í markaðssetningu en það hefur verið ómarkvisst að mörgu leyti. Þessar 300kr á mann munu gefa okkur ótal tækifæri til framtíðar og við lofum að halda áfram af öllum krafti.

Jelena þakkar fyrir og hefur lokið sinni framsögu.

Forseti þakkar Jelenu fyrir hennar framlag til þingsins og gefur orðið yfir til Félags hrossabænda.

Formaður Félags hrossabænda – Sveinn Steinarsson

Áskorun að halda þing með þessum hætti, en verður vonandi góður skóli fyrir framtíðina þó að við vonum að ástandið verði ekki svona áfram og við getum stundað starfið okkar.

Það hefur verið gott samstarf með okkar félögum undanfarin ár, samhljómur mikill með okkar starfi og margir af okkar félögum eru í báðum félögunum. Í verkefnum sem Jelena fór yfir áðan, er gaman að geta horft um öxl og rifjað upp hvað er búið að gera undanfarin ár í samstarfi og samvinnu. Varðandi HOI þá er verkefnið orðið sex ára og byggir á framlagi frá ríkinu og Íslandsstofu en Íslandsstofa leggur til verkefnisstjóra á sinn kostnað, hana Jelenu.

Verkefnið er á vissum krossgötum núna því samningurinn við ríkið er að renna út um mitt næsta ár. Höfum sjálf þurft að fjármagna verkefnið að hluta. Það hafa komið 70 félagar að því en við og Þið og FT og FEIF höfum verið vissir kjarnafélagar í verkefninu. HOI er risaverkefni og risaverkfæri sem við hestamenn höfum og höfum ekki haft áður. Höfum ekki getað staðið að skipulögðu kynningar- og markaðsstarfi sem langtímaverkenfi þó vissulega höfum við staðið að mörgu saman sem hefur þá tengst ákveðnum viðburðum. Það eru mörg verkefni sem er hægt að fara í og snúa bökum saman. Það hefur margt verið nefnt hérna, það eru sífellt fleiri áskoranir fyrir hesta og hestafólk að vera í þéttbýli, og margt sem hestar hræðast og þurfa að venjast. Hestamennska er í samkeppni við aðra afreyingu og þar þurfum við að standa okkur því við erum fjöldahreyfing.

Það hefur verið gaman að geta séð fyrirsjáanleika í starfinu. Höfum gert með markvissum hætti fjárhagsáætlanir þar sem þekkt fjármagn er lagt til grundvallar. Það má í raun segja að LH, félag hrossabænda, FEIF og FT leggjum fjármuni í þetta verkefni en sannarlega margföldum okkar krónur í gegnum framlag ríkisins og fjármuni frá öðrum aðilum.

Það var nefnt í inngangi formanns og í fyrirspurnum hvernig fjármögnun liði, en stutt frá sagt þá er búið að óska formlega eftir því og okkur hefur í raun aldrei verið betur tekið. Erum ítrekað að koma sem einn aðili og tala fyrir hagsmunum okkar og hestsins, þannig að ég held við ættum að vera bjartsýn á framhaldið hvað ríkið varðar og hvað Íslandsstofu varðar. Bara spurningin hvort við séum ekki alveg í ístaðinu.

Munum leggja meiri áherslu á að skapa samtal, hvernig við getum gert nýliðunarstarfinu hærra undir höfði í verkefninu. Það er verið að gera góða hluti í hestamannafélögunum svo eftir því er tekið og það þarf að kynna það og af því þarf að læra. Hef tekið eftir, FH og LH að við höldum í okkar félag og bætum nýjum við og gætum haldið vinnustofu þar sem formenn aðilarfélaga okkar og ykkar gætu haft samtal um áherslur fyrir framtíðina. Það er auðvitað margt sem stjórnir og formenn félaga þurfa að fást við og spurning hvernig við deilum kröftunum.

Þetta ár verður okkur í minni vegna ástandsins og þessarar truflunar sem margt verður fyrir, ekki bara hestahaldið, en við stöndum sameiginlega fyrir viðburðum og þar er ákveðin varnarbarátta hvað þá viðburði varðar. Þurfum að hugsa nýjar leiðir og hugsa hlutina kannski svolítið upp á nýtt.

Þakkar Lárus fráfarandi formanni og stjórn hans fyrir samstarfið og segist hlakka til að starfa með nýjum formanni og nýrri stjórn. Megið þið eiga gott þing og búa til farsælar niðurstöður. Takk fyrir mig.

Þingforseti þakkar Sveini fyrir sína framsögu.

Kjör þingnefnda

Annar þingforseti og kjörnefnd hafa gert hér eftirfarandi tillögu um 5 fulltrúa í hverja nefnd og þeir sem ekki eru tilnefndir geta þá skráð sig í þá nefnd sem þeir vilja, kjósa bara í þeirri nefnd sem þeir skrá sig í.

Kjörnefnd skipa Margeir Þorgeirsson, formaður, Helga Claessen og Þórður Ingólfsson.

Kjörbréfanefnd skipa Kristján Gíslason og Marteinn Valdimarsson.

Fjárhagsnefnd:

Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Létti, formaður

Margrét Tómasdóttir, Spretti

Eygló Arna Guðnadóttir, Geysi

Haukur Baldvinsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Allsherjarnefnd:

Pálmi Guðmundsson, Hornfirðingi, formaður

Sigfús Ólafur Helgason, Létti

Lilja Guðnadóttir, Hring

Herborg S. Sigurðardóttir, Snæfellingi

Hjörtur Bergstað, Fáki

Keppnisnefnd:

Elvar Einarsson, Skagfirðingi, formaður

Hulda Gústafsdóttir, Fáki

Þórunn Eggertsdóttir, Fáki

Haukur Bjarnason, Borgfirðingi

Olíi Amble, Sleipni

Æskulýðsnefnd:

Sjöfn Sæmundsdóttir, Glað, formaður

Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Fáki

Arnhildur Halldórsdóttir, Spretti

Halldór Sigurkarlsson, Borgfirðingi

Rúnar Sigurpálsson, Herði

Kynbótanefnd

Valberg Sigfússon, Glað, formaður

Sigurþór Gíslason, Adam

Kolbrún Grétarsdóttir, Þyt

Birgir Leó Ólafsson, Trausta

Guðbrandur Magnússon, Kóp

Ferða- og samgöngunefnd

Halldór H. Halldórsson, Spretti, formaður

Dagný Bjarnadóttir, Fáki

Einar Hermundsson, Sleipni

Þorgeir Margeirsson, Mána

Ólafur Flosason, Borgfirðingi

Athugasemdir bárust ekki við ofangreindar tillögur og þær skoðast því samþykktar.

Þeir sem ekki hafa verið nefndir velja sér þá nefnd og verður þá hleypt inn í þá fundi hér á eftir.

Tillögur til þingsins lagðar fram og vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 2 – fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 3 – allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 4 – allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 5 – keppnisnefnd

Þingskjal nr. 6 – keppnisnefnd

Þingskjal nr. 7 – keppnisnefnd

Þingskjal nr. 8 – keppnisnefnd

Þingskjal nr. 9 – keppnisnefnd

Þingskjal nr. 10 – allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 11 – keppnisnefnd

Þingskjal nr. 12 - allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 13 - allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 14 - allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 15 - allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 16 - keppnisnefnd

Þingskjal nr. 17 - keppnisnefnd

Þingskjal nr. 18 - keppnisnefnd

Þingskjal nr. 19 - keppnisnefnd

Þingskjal nr. 20 - allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 21 - kynbótanefnd

Þingskjal nr. 22 – æskulýðsnefnd

Þingskjal nr. 23 – fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 24 - fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 25 – allsherjarnefnd

Athugasemd barst um að þingskjal nr. 22 ætti einnig að fara fyrir allsherjarnefnd.

Forseti segir að litið verði til þeirra athugasemda og ábendinga sem berast.

Þá er búið að vísa öllum þingskjölum til nefnda og áður en gert er hlé er gerð profukosning til að prufa kosningakerfi. Kosningaprufuhlekkur settur á spjallborð, þingfulltrúar skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og kjósa.

Hlé

Laugardagur 28. nóvember

Þingfundur, nefndir skila álit, umræður og afgreiðsla.

Þingforseti Valdimar Leó Friðriksson setti fundinn og afhenti stjórn þingfundarins til Gretars D. Pálssonar, varþingforseta.

Opnað var fyrir profukosningu og fulltrúar beðnir um að skrá sig inn á kosningavef og vera skráðir inn á meðan á þingfundi stendur.

Gretar skýrði út fyrirkomulag þingsins en þingstörf fara þannig fram að hver nefnd gerir grein fyrir störfum sínum, þ.e. hverju þingskjali fyrir sig, þá verður opnað fyrir umræður og hver tillaga afgreidd sér.

Talsmenn nefnda flytja skýrslu nefndarinnar og hafi þann háttinn á að flytja umfjöllun um hvert þingskjal, þá gerir formaður hlé og þingforseti afgreiðir viðkomandi þingskjal með þinginu.

Kynbótanefnd – Valberg Sigfússon

Þingskjal nr. 21 – hestanafnanefnd

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, skorar á BÍ og WF að fara yfir reglur og verklag í tengslum við skráningu á nöfnum hesta í WF. Ef skorður eiga að vera á því undir hvaða nöfnum megi skrá hross í gagnagrunninn, þá verður að skýra hvaða markmið BÍ hefur í þessum efnum og bæta verklag "Hestanafnanefndar". Ef ekki tekst að koma þessum málum í eðlilegan farveg verði hestanafnanefnd felld niður.

Nefndin hafði til umfjöllunar þetta eina þingskjal. Nefndin fjallaði um tillöguna og hún kom út úr nefndinni dálítið breytt. Breytingatillaga lögð fram:

62. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, skorar á BÍ og FEIF að fara yfir reglur og verklag við skráningu á nöfnum hrossa í WorldFeng, með það að leiðarljósi að hesteigendum séu ekki settar óþarflega þröngar skorður í nafngiftum og einfalt sé að fá ný nöfn skráð.

Funi gerir ekki athugasemd við breytingar á tillögunni. Orðið gefið laust um tillögu kynbótanefndar. Enginn kveður sér hljóðs og því opnað fyrir atkvæðagreiðslu á þingskjali nr. 21.

Fjöldi atkvæða 113. Já sögðu 112, nei sagði 1.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 21 samþykkt.

Æskulýðsnefnd

Þingskjal nr. 22 – Stefnumótun um nýliðun í hestamennsku

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, felur stjórn landssambandsins að hefja þegar í stað vinnu við eftirfarandi:

1. stefnumótun, með það að leiðarljósi að auka nýliðun í hestamennsku á landinu öllu;
2. mótun aðgerðaráætlunar til að auka nýliðun sem kynnt skal aðildarfélögum LH innan árs, þannig að hún geti gagnast aðildarfélögunum;
3. stefnumótun, með það að leiðarljósi að æfingar og námskeið barna og ungmenna í hestaíþróttum færist nær því sem þekkist í öðrum íþróttum, þ.e.a.s. reglulegar æfingar yfir allan veturinn sem hefjast að hausti og ná til vors.

Sjöfn Sæmundsdóttir formaður æskulýðsnefndar gerði grein fyrir álitum nefndarinnar.

Æskulýðsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og vísað til framkvæmdar hjá stjórn LH.

Orðið gefið laust um tillögu æskulýðsnefndar. Enginn kvað sér hljóðs og því opnað fyrir atkvæðagreiðslu á þingskjali nr. 22.

Fjöldi atkvæða 124. Já sögðu 124.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 22 samþykkt.

Ferða- og samgöngunefnd

Halldór H. Halldórsson, formaður nefndarinnar

Ekkert þingskjal lá fyrir nefndinni en nefndin átti ágæta umræðu þegar hún loks komst í gang. Mikil umræða skapaðist um störf faghóps sem er að störfum er varðar öryggi hestaumferðar gagnvart annari umferð. Þessi hópur er tilkominn að frumkvæði Dagnýjar Bjarnadóttur. Gott framtak, unnið með Samgöngustofu.

Nefndin vann þrjár ályktanir fyrir þingið til samþykktar eða synjunar.

Þingskjal nr. 25

Ályktun 1 frá Ferða- og samgöngunefnd:

62. Landsþing LH haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020 beinir því til stjórnar LH að styðja við faghóp um umferðaröryggi hestamanna, með fjárstuðningi og öðrum þeim stuðningi sem þarf til að áætlanir faghópsins verði að veruleika.

Orðið gefið laust.

Dagný Bjarnadóttir biður um orðið og segir stuttlega frá.... leggjum mikla áherslu á það í þessari vinnu að það sé ekki hættulegt að hafa hesta með annarri umferð, ein hugmynd Begga Rist, að leiðbeina fólki og útskýra hvernig hestur virkar. Dæmi, teiknimyndin að snúa upp á hlutverkin og leiðbeina um það að hestamaður er alltaf að fást við tvo heila, sjálfs sín og hestsins og langaði að tvísta þessu og láta reiðhjól fá sjálfstæðan vilja og þannig gera svolítið grín en um leið fræða. Koma inn með jákvæðni, þetta á að vera gleðiganga, nálgast það þannig. Getur verið tækifæri í leiðinni að fræða um hestinn og tengjast öðru kynningarefni.

Sigríður Magnea, Sleipni – stórmál í mínum huga að náist samhugur, sérstaklega við sveitarfélögin, því mjög oft hjá sveitarfélögum eru stígar, göngu, hjóla og reiðstígar allt í einum stíg.

129 greiddu atkvæði. Já sögðu 127, nei sagði 1 og 1 tók ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 25 samþykkt.

Þingskjal nr. 26

Ályktun 2 frá Ferða- og samgöngunefnd:

62. landsþing LH haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020 hvetur stjórn LH til að beita sér fyrir því að sektarákvæði verði að finna í umferðarlögum um hjólreiðar á skilgreindum reiðvegum sem eru merktir sem slíkir.

Orðið gefið laust um þessa ályktun. Enginn kvað sér hljóðs og því opnað fyrir kosningu um þingskjal nr. 26.

Fjöldi greiddra atkvæða: 131. Já sögðu 117, nei sögðu 7 og 7 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 26 samþykkt.

Þingskjal nr. 27

Ályktun 3 frá Ferða- og samgöngunefnd:

62. landsþing LH haldið í Reykjavík 27. og 28. nóvember 2020 skorar á Vegagerðina og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og um allt land að standa vörð um einstakan lífandi menningararf sem reiðleiðir í þétt- og dreifbýli eru og vinna að viðgangi þeirra og öryggi hestamanna. Að sveitarfélög setji aukið fé í viðhald og framkvæmdir reiðleiða ásamt því að koma að gerð hönnunarleiðbeininga um framkvæmd þeirra ekki síst í þéttbýli.

Áskorðunina mætti gjarnan senda á hvert sveitarfélag líka.

Orðið gefið laust um þessa ályktun.

Dagnýju Bjarnadóttur langaði aðeins að útskýra þetta sem er verið að tala um með hönnunarleiðbeiningar. Er að fara á fund með sveitarfélögum og vegagerðinni í desember. Erum svo hliðarsett við hönnun mannvirkja. Nefnir sem dæmi tvöföldun Suðurlandsvegar, undirgöng og mannvirki sem ekki eru hönnuð fyrir hesta og þarf að hugsa út frá eðli hestsins. Þarf að hamra á því að ábendingar skili sér inn í hönnunarvinnu og það verði til hönnunarleiðbeiningar sem hönnuðir geti leitað í.

Varðandi menningararfleiðina, Vera Roth, skráning á fornum ferðaleiðum í skaftárhreppi – hreppurinn er að taka þessa vinnu núna inn í aðalskipulagsvinnu sína, sem er frábært.

Anna Berg – tel að þessi ályktun sé afar mikilvæg, því mörg sveitarfélög gera sér ekki grein fyrir því að þau eigi að gera reiðvegi og hafa það mörg hver ekki inn í skipulagsvinnu sinni. Mörg sveitarfélög í endurgerð skipulaga.

Opnað fyrir kosningu um þingskjal nr. 27

Fjöldi greiddra atkvæða: 136. Já sögðu 135 og einn tók ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 27 samþykkt.

Keppnisnefnd

Elvar Einarsson, formaður keppnisnefndar

Tíu tillögur lágu fyrir keppnisnefnd.

Þingskjal nr. 5 – Reglur um gæðingafimi

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að notast verði við reglur um gæðingafimi unnar af starfshópi LH um gæðingafimi til reynslu fram að landsþingi 2022. Mælt er til að keppt verði í greininni á Íslandsmóti og þær mótaraðir sem hafa gæðingafimi sem keppnisgrein noti þessar reglur á næsta keppnisári. Að keppnistímabilinu loknu verði reglurnar teknar til endurskoðunar með tilliti til þeirra athugasemda sem keppendur, dómarar og mótshaldarar gera. Stefnt er á að reglurnar verði lagðar fyrir landsþing 2022 til samþykktar sem reglur LH um gæðingafimi. Hestamannafélögin verði einnig hvött til að halda mót í gæðingafimi á öllum stigum til að fá sem mesta reynslu á reglurnar. Sjá reglur starfshóps LH um gæðingafimi.

Samþykkt með smá breytingum, rætt í nefndinni að þetta væri mjög vel unnið á margan hátt en vantaði smáatriði inní. Nefndin samþykkti því tillöguna með viðbót.

Breytingartillaga frá keppnisnefnd:

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að notast verði við reglur um gæðingafimi unnar af starfshópi LH um gæðingafimi til reynslu fram að landsþingi 2022. Mælt er til að keppt verði í greininni á Íslandsmóti og þær mótaraðir sem hafa gæðingafimi sem keppnisgrein noti þessar reglur á næsta keppnisári. Nefndin sem hannaði þetta og gerði fái allar athugasemdir um breytingar og þróun greinarinnar til næstu tveggja ára. Senda inn allar breytingar og tillögur til LH. Stefnt er á að reglurnar verði lagðar fyrir landsþing 2022 til samþykktar sem reglur LH um gæðingafimi. Hestamannafélögin verði einnig hvött til að halda mót í gæðingafimi á öllum stigum til að fá sem mesta reynslu á reglurnar. Sjá reglur starfshóps LH um gæðingafimi.

Viðbót við þingtillögu:

Nefndin sem hannaði þetta og gerði fái allar athugasemdir um breytingar og þróun greinarinnar til næstu tveggja ára. Senda inn allar breytingar og tillögur til Hjörnýjar hjá LH.

Orðið gefið laust um breytingartillöguna.

Hulda Gústafs – Sigurður Ævarsson með smá breytingu á breytingartillöguna (nefndin sem þetta vann):

Nefndin sem þetta vann fái allar athugasemdir um breytingar og þróun greinarinnar til næstu tveggja ára. Senda inn allar breytingar og tillögur til Hjörnýjar hjá LH.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og því opnað fyrir kosningu um breytingartillöguna.

Fjöldi greiddra atkvæða: 134, 122 sögðu já, 2 nei og 10 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Breytingartillaga við þingskjal nr. 5 samþykkt.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 5 með áorðnum breytingum.

Hulda Gústafs – vil örstutt fylgja þessu úr hlaði og rekja forsöguna. FT kom með tillögu fyrir 2 árum við að hefja vinnu við að gera gæðingafimi að löglegri grein, eftirspurnin eftir greininni er að aukast en var að þróast á 2-3 stöðum í mismunandi mynd og þessi tillaga því gerð. Stofnaður starfshópur með fjölda fólks sem brennur fyrir þessari grein og nú eftir marga fundi og mikla vinnu er orðið til þetta skjal sem hér er lagt fram. Nefndin hafði í hyggju að koma með þetta til endanlegrar samþykktar fyrir þetta þing en sökum aðstæðna náðist ekki að halda þrúfumót í sumar eins og fyrirhugað var. Eru bjartsýn á að þetta verði tekið til notkunar í vetur. Hefur tekið miklum breytingum frá fyrstu kynningu í febrúar, búið að taka inn athugasemdir frá ýmsum deildum og aðilum, taka til umfjöllunar og lagfæra. Svona plögg eru ekki meitluð í stein, eru ennþá í þróun. Leggja hér fram sem keppnisgrein til reynslu og að næstu tvö ár verði notuð til að þússa þetta skjal og að á þinginu eftir tvö ár verði hægt að bera þetta upp til samþykktar. Með því að taka þetta hér inn tökum við ákveðna forystu með þessa grein. Líka eftirspurn erlendis og því mikilvægt að við náum að halda þessari forystu, svo þetta verði ekki til í allskyns myndum út um allt.

Ábending frá Þórunni varðandi orðalag.

Ekki fleiri kváðu sér hljóðs og því opnað fyrir kosningu um þingskjal nr. 5 með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 135. Já sögðu 129, 6 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 5 samþykkt með áorðnum breytingum.

Þingskjal nr. 6 – Reglur um gæðingatölt

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á kafla 7, Reglugerð um gæðingakeppni í lögum og reglum LH. Við bætist ný keppnisgrein er kallast „gæðingatölt“.

Tillagan rædd fram og til baka og endirinn að hún var samþykkt í keppnisnefnd án breytinga með 5 mótatkvæðum.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 6.

Snorri Dal – í sambandi við gæðingatölt, þó að hugmyndin sé góð, tel ég að ekki sé búið að hugsa þetta til enda og legg til að áfram verði unnið að því að þróa keppnina. Lítur út of mikið eins og T7 og eins og rætt var í gær, væri ekki sniðugra að sníða þessa grein meira til gæðingakeppninnar? Spyr mig líka varðandi litlu/minni félögin þar sem er hefð að halda T1 eða T3 hvort það detti þá ekki frekar út. Eins finnst mér ekki alveg nógu skýrt með greinina, hef ekki keppt í henni sjálfur né dæmt hana, en finnst ekki skýrt hvort vegi herra yfirferðartölt eða milliferðartölt. Hef séð þegar hestur fór á mikilli ferð en með lítilli fegurð, þá vóg það herra en milliferðartölt. Finnst líka erfitt sem dómari að leggja mat á vilja, þar sem ég horfi á hægt tölt og milliferðartölt.

Sigrún Sigurðardóttir – telur að það hafi verið önnur niðurstaða á nefndarfundi en upplýst er hér, fundarstjóri segir því haldið til haga.

Siggi Ævars – er ekki með sterka skoðun á þessar grein, hlustar vel á rökin hjá Snorra og finnst að það megi þróa þetta. Þetta leiðir okkur ekki beinlínis, því það verður ekki keppt í þessu á landsmóti. Þetta er T7 keppni, þínu verið að mixa þetta saman. Margt gott við þessa hugmynd en finnst hún ekki fullgerð. Rétt eins og rætt var í nefndum að það er verið að prufa þetta og það er allt í lagi. Má heldur ekki fjölga greinum þannig að það verði ekki nema tveir og fjórir í hverri grein.

Valdi – rétt sem Siggi segir. Búið að prófa þetta í nokkur ár erlendis, og mikill áhugi, meiri hér heima eftir sl. sumar. Ekki sett til höfuðs T7, á að vera val fyrir mótshaldara að nota þetta. Sem Snorri nefndi um að þetta sé ekki nógu vel útfært, þá er þetta nú í sambandi við að dæma milliferð/yfirferð, meira verið að horfa í gæði gangtegundanna. Finnst þetta spennandi grein, gaman að dæma þetta og þetta gengur hratt fyrir sig og enn hraðar þegar það kemur inn í Sportfeng. Er líka áhorfendavænt og ég legg til að við samþykkjum þetta.

Jón Þorberg Steindórsson – vil taka undir það sem Valdimar kom með inn í umræðuna um að þetta er ekki sett til höfuðs neinu, er bara viðbót og sett í hendur mótshaldara.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og þingskjal nr. 6 því borið upp í heild sinni og opnað fyrir kosningu um þingskjal nr. 6.

Fjöldi greiddra atkvæða: 136. Já sögðu 84, nei sögðu 42 og 10 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 6 samþykkt.

Þingskjal nr. 7 – Gæðingakeppni, flokkar 2, 3 og 4

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir eftirfarandi breytingu á kafla 7, Reglugerðum um gæðingakeppni í lögum og reglum LH.

Var til umræðu í nefndinni, snerist aðallega um útreikninga og þess háttar sem var ekki í kerfinu. Fengum Þórð inn á fundinn og tilkynnt að þetta væri nýkomið inn og þetta þyrfti því ekki lengur. Tillagan því dregin til baka og vísað frá.

Tillagan komin inn á þing. *Lagt til að þingskjali nr. 7 sé vísað frá* og orðið því gefið laust um frávísunartillöguna. Enginn kvað sér hljóðs og því opnað fyrir atkvæðagreiðslu um frávísun á þingskjali nr. 7.

Fjöldi greiddra atkvæða: 133. Já sögðu 114, nei sögðu 3 og 16 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Frávísun á þingskjali nr. 7 samþykkt.

Örstutt kaffihlé gert kl. 10.55.

Þingskjal nr. 8 – Viðsnúningur í aðdraganda skeiðsýningar í gæðingakeppni óheimill

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 7.3.4 Framkvæmd keppni og grein 7.6.2. Framkvæmd úrslitakeppni, í lögum og reglum LH.

Breytingartillaga við gr. 7.4.3 Framkvæmd keppni

3. málsg. gr. 7.4.3. orðist svo:

Keppanda er frjálst að sýna gangtegundir í þeirri röð sem hann kys. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A-flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringjum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. **Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.** Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar. Knapi skal gefa til kynna með greinilegri höfuðhreyfingu að hann hafi lokið keppni.

Breytingartillaga við gr. 7.6.2

Framkvæmd úrslitakeppni, Grein 7.6.2.1 Alhliðahestar – A-flokkur orðist svo: 7.6.2.1 Alhliða hestar – A-flokkur Úrslit skulu fara þannig fram:

- Sýna skal tölt á frjálsum hraða allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar.
- Sýna skal tvo skeiðspretti báða til sömu handar, að höfðu samráði við keppendur.

Eftir að keppandi hefur hafið aðreið að skeiðsýningu er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast á vinstri hönd.

Breytingartillaga frá keppnisnefnd:

Að tillagan sé líka fyrir A-flokk ungmenna. “7.6.2.1 Alhliða hestar - A flokkur fullorðinna og ungmenna”

Nefndin kom með smá viðbót inn í tillöguna og samþykkti tillöguna þannig samhljóða til þingsins, þ.e. með áorðnum breytingum.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 8.

Siggi Ævars – eina breytingin er að það er bannað að taka volta þegar það er búið að kalla keppendur upp í skeið.

Ekki fleiri kváðu sér hljóðs og því opnað fyrir kosningu um þingskjal nr. 8, breyting fer einnig inn í gr. 7.7.4.4. Ungmennaflokkur A-flokkur og 7.7.6.4. úrslitakeppni – A-flokkur ungmenna.

Fjöldi greiddra atkvæða: 128. Já sögðu 110, nei sögðu 15 og 3 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 8 samþykkt.

Þingskjal nr. 9 – vallarstærð löglegra innanhúsmóta.

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingu á grein 8.3.2.1 Innahússmót, í lögum og reglum LH.

8.3.2.1 Innanhússmót Um innanhússmót gilda eftirfarandi reglur.

*Almennt gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum. Sérstaklega skal minnt á skil á mótsskýrslu til að árangur skráist í Mótafeng og þar með inn í Worldfeng. Þegar riðið er inn á völl á innanhússmótum er leyfilegt að leyfa lengri leið áður en keppni hefst, eftir því sem aðstæður leyfa. Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í töltili á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti. ~~Reglur um vallarstærð og vallargerð eiga ekki við.~~ **Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hvers keppnisárs þarf vallarstærð að vera að lágmarki 19 m. á breidd og 60 m. á lengd.** Innanhússmót munu ekki vera lögleg til að vera á stöðulistum FEIF.*

Nefndin gerði smá breytingu, nú þingskjal 9A.

Breytingatillagan: Þingskjal 9a

Almennt gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum. Sérstaklega skal minnt á skil á mótsskýrslu til að árangur skráist í Mótafeng og þar með inn í Worldfeng. Þegar riðið er inn á völl á innanhússmótum er leyfilegt að leyfa lengri leið áður en keppni hefst, eftir því sem aðstæður leyfa. Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í töltili á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti. Reglur um vallarstærð og vallargerð eiga ekki við. Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hvers keppnisárs þarf vallarstærð að vera að lágmarki 19 m. á breidd og 50 m. á lengd. Innanhússmót munu ekki vera lögleg til að vera á stöðulistum FEIF.

Breytingatillaga að þingskjali: *lágmarki 19 m. á breidd og 50 m. á lengd. Keppnisnefnd samþykkir breytingartillögu samhljóða.*

Enginn gerir athugasemd við þessa orðalagsbreytingu og orðið því gefið laust um þingskjal 9A.

Enginn kvað sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal 9A.

Fjöldi greiddra atkvæða: 128. Já sögðu 120, nei sögðu 5 og 3 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 9A samþykkt.

Þingskjal nr. 11 – orðalagsbreyting – sérstök forkeppni barnaflokkur

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við kafla 7.8.1 Sérstök forkeppni, í lögum og reglum LH.

Greinin orðist svo:

7.8.1.3 Barnaflokkur

- *Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu*
- *Tveir hringir brokk og/eða tölt*
- ***Stjórnun og áseta x 1***
- *Tvær umferðir stökk, betri ferð gildir til einkunnar*
- ***Stjórnun og áseta x 1***
- *Deilitala fyrir dómara er 4*

Algerlega óbreytt, bara verið að skerpa á því að áseta- og stjórnun sé gefin fyrir hvora gangtegund fyrir sig. Samþykkt samhljóða í nefndinni.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 11. Enginn kvað sér hljóðs og því opnað fyrir kosningu á þingskjali nr. 11.

Fjöldi greiddra atkvæða: 133. Já sögðu 131, nei sagði 1 og 1 tók ekki afstöðu. Þingskjal nr. 11 samþykkt.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 11 samþykkt.

Þingskjal nr. 16 – Ræsing í skeiðkappreiðum – loka startbásur að aftan og hjálmaskylda starfsfólks og aðstoðarmanna

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 8.7.17.4 Ræsing með rásbásur eða sjálfvirkri ræsingarvél í lögum og reglum LH.

Þegar rásbásur eða sjálfvirk ræsingarvél er notuð fá knapar 2 mínútur til að koma hestum sínum inn í rásbásana. Innan 30 sekúndna eftir að síðasti hestur er kominn inn í sinn rásbás skal ræsa. Loka skal rásbásur að aftan áður en ræst er. Hafi knapa ekki tekist þetta innan þessara tímamarka er hann dæmdur úr viðkomandi hlaupi. Aðstoðarmenn verða að standa með að minnsta kosti annan fótinn á jörðu, án undantekninga. Fari aðstoðarmenn ekki að reglum er knapi dæmdur úr leik. Einn aukadómari er staðsettur fyrir aftan ráslínu til að

leiðbeina og fylgjast með framkvæmd ræsingar. Hjálmaskylda er á öllum sem vinna við rásbása, aðstoðarmönnum knapa, ræsi og dómara sem staðsettur er við rásbás.

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða í nefndinni en jafnframt vísað til FEIF. Er í reglum um HM en vantar inn í reglugerðir venjulegra móta.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 16

Sigurður E. Ævarsson – mín upplifun af þessari samþykkt í nefndinni í gær var að samþykkt var að vísa þessari tillögu til FEIF en ekki tekin afstaða til tillögunnar sem slíkrar. Mikilvægt fyrir okkur að gera ekki sérreglur.

Ómar Ingi Ómarsson – ekki sama upplifun hjá mér og Siggi Ævars nefnir, því við ákváðum að reyna að samþykkja þetta svona og senda þetta einnig til FEIF og láta þá til eftirbreytni fylgja okkur í þessu. Mikilvægt í mínum huga að loka rásbásum að aftan, sérstaklega áður en ræst er, þar sem menn nánast hlupu í gegn í skeiðinu og það er engan veginn ásættanlegt. Þessi hjálmaskylda fyrir alla í kringum básana, það er allt gott í þessu og ég skil ekki að menn séu að tala á móti því.

Forseti, tvennskonar túlkun í gangi sem við þurfum að fá á hreint áður en við afgreiðum.

Sigurðu Ævarsson – er ekki að segja að það sé slæmt við þessa tillögu, en við eigum að gera þetta rétt. Bara aðferðarfræðin sem hann er að benda á. Ef við ætlum að fara með þetta fyrir FEIF og ná þessu inn fyrir 1. apríl næsta ár.

Hulda Gústafsdóttir – mikilvægt að við reynum að fara þessar réttu boðleiðir. Erum á þannig tíma að við getum gert þetta rétt, og komið þessu kláru inn á fundinn í febrúar. Get ekki sagt að þó að þessar setningar hafi vantað inn í, að það hafi verið til vandræða. Menn hafi verið með hjálma og ræsingar hafi gengið vel. Þetta hefur ekki verið vandamál, en sjálfsagt að hnykkja á þessu. Mín upplifun á fundinum í gær að við hefðum ákveðið að gera þetta þannig.

Í ljósi umræðunnar mun forseti fyrst bera upp að tillögunni sé vísað beint til FEIF. Enginn kveður sér hljóðs. Við erum ekki að kjósa um þingskjal nr. 16.

Ólafur Þórisson – formaður keppnisnefndar LH og gjaldkeri. Hef farið á þing FEIF og er sammála þessari aðferðarfræði sem Hulda og Sigurður nefna. Er ekki rétt að ef LH sendir inn tillögur þá bíði þær í eitt ár, en ef Sportnefndin sendir inn tillögur þá fari þær beint inn?

Hulda Gústafs – rétt sem Óli segir, það fer eftir því hvernig þetta fer fyrir þingið í febrúar, frá Sportnefndinni. Þessi breytingartillaga, er meira verið að hnykkja á einhverju sem hefur verið iðkað að því er henni hefur best sýnst og hún ítrekar að þetta fari rétta leið.

Greidd verða atkvæði um að vísa þingskjali nr. 16 til FEIF.

Fjöldi greiddra atkvæða: 134. Já sögðu 120, nei sögðu 10 og 4 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Samþykkt að vísa þingskjali nr. 16 til FEIF.

Þingskjal nr. 17 – A-flokkur ungmenna ekki á landsmótum

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 7.7.4.4 Ungmennaflokkur A-flokkur, í lögum og reglum LH.

7.7.4.4 Ungmennaflokkur – A-flokkur

Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr. ákvæði 7.4.3. Einkunnum fyrir fegurð í reið og vilja er bætt við. Einfalt vægi er á einkunnum fyrir vilja, fegurð í reið, tölt og skeið. Ekki skal keppa í Ungmennaflokki A-flokki á landsmótum.

Keppnisnefnd samþykkti þingskjalið samhljóða.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 17 sem lagt er fram óbreytt. Enginn kvað sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 17.

Fjöldi greiddra atkvæða: 133. Já sögðu 121, nei sögðu 6 og 6 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 17 samþykkt.

Þingskjal nr. 18 – Sama hesti ekki heimilt að keppa í tveimur flokkum í gæðingakeppni á sama móti

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 7.5.2.1 A-flokkur gæðinga og grein 7.5.2.2 B-flokkur gæðinga í lögum og reglum LH.

Breytingartillaga við grein 7.5.2.1 A-flokkur gæðinga:

Fyrir framan fyrstu málsgrein bætist málsgreinin: „Hestur sem tekur þátt í A-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum A-flokki gæðinga, né neinum B- eða C-flokki gæðinga á sama móti.“

Breytingartillaga við grein 7.5.2.2 B-flokkur gæðinga:

Fyrir framan fyrstu málsgrein bætist málsgreinin: „Hestur sem tekur þátt í B-flokki gæðinga getur ekki tekið þátt í öðrum B-flokki gæðinga, né neinum A- eða C-flokki gæðinga á sama móti.“

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 18 sem lagt er fram óbreytt. Enginn kvað sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 18.

Fjöldi greiddra atkvæða: 133. Já sögðu 128, nei sögðu 2 og 3 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 18 samþykkt.

Þingskjal nr. 19 – Þískur leyfður í gæðingakeppni.

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við kafla 8.2.3 Útbúnaður knapa, og við kafla 7.3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa, í lögum og reglum LH.

Breytingartillaga við grein 8.2.3.

Greinin orðist svo:

8.2.3 Útbúnaður knapa

Á öllum mótum skal knapi klæðast reiðjakka, félagsbúningi eða einfaldri ípróttapeysu eða mittispeysu, reiðbuxum og reiðstígvélum eða skóbuxum og reiðskóm. Í skeiðkappreiðum og gæðingaskeiði skulu knapar klæðast reiðbuxum og reiðstígvélum eða skóbuxum og reiðskóm en mega að öðru leyti vera í þægilegum og viðeigandi klæðnaði. Sporar eru bannaðir.

Notkun á viðurkenndum reiðhjálmi er skylda.

Á öllum mótum þar sem keppt er eftir reglum þessum skulu knapar ávallt bera opinberlega viðurkenndan reiðhjalm á hestbaki.

~~Í gæðingakeppni er pískur einungis leyfður í barna- og unglingaflokki. Pískur má ekki vera lengri en 120 cm að meðtöldum pískenda. Í skeiðkappreiðum eru pískar bannaðir. Knapi má einungis nota einn písk í einu. Reglur um píska gilda á öllu mótssvæðinu á meðan á mótinu stendur.~~

Breytingartillaga við grein 7.3.2.

Greinin orðist svo:

7.3.2 Sýnandi, búnaður hests og knapa

Þegar gæðingur kemur fyrir dómnefnd, skal eigandi sjálfur, eða sá er hann kveður til, sitja hestinn í dómi. Í gæðingakeppni vísast til kafla 8 í lögum um ípróttakeppni (FIPO) um allan útbúnað knapa og hests. Í gæðingakeppni er pískur leyfður í öllum greinum.

Tillagan mikið rædd og menn höfðu misjafnar skoðanir fram og til baka en atkvæði voru greidd í nefndinni og þingskjalið var fellt með meirihluta atkvæða.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 19.

Hjörvar Ágústsson – benti á í keppnisnefndinni að þetta form að leyfa ekki písk, hefur fengið mann til að hugsa sína reiðmennsku, vera markviss með fætuna og hvatningu. Hefur hjálpað honum að vera markvissari með fætuna og hvernig hann þjálfar hestinn. Suma daga sleppi hann písk og finnst að við eigum að bíða með að breyta.

Pálmi Ríkharðsson, Þyt – mín skoðun er sú að pískur í dag er annað en fyrir 20 árum, tæki sem við notum við stjórnun hestsins og mælir með því að við samþykkjum písk.

Forseti, tillagan verður borin upp sem slík.

Ólafur Flosason – pískur, hef alltaf litið á gæðingakeppni að hafa sem minnst boð og bönn, þannig að hvers vegna að banna písk. Er það til að menn séu að þjálfa meira með löppunum? Finnst að gæðingakeppnin eigi að fara meira frá ípróttakeppni. Finnst ekki vera í þágu gæðingakeppninnar að hafa boð og bönn. Finnst þetta lögregluríkislegt og gæðingakeppnin á ekki að vera einmitt það.

Súsanna Sand Ólafsdóttir – er sammála bæði Pálma og Óla að pískur er ekki það sama og var í gamla daga þegar gæðingakeppnin byrjaði. Hægt að meta kynbótahross, vilja og fegurð í reið þó menn séu með písk og í allri kennslu og þjálfun er þetta bara nútímareiðbúnaður. Hún dæmi mikið og finnst erfitt þegar knapar eru að koma upp í ungmennaflokk, með písk í hendi og þá þarf að dæma sýningu ógilda. Ef knapi þarf og notar písk til að píska hest áfram í keppni, þá ógildir það auðvitað sýningu. Hluti af reiðbúnaði og skiptir ekki máli að leyfa því að vera, fólk geti þá valið hvort það ríði með písk eða ekki í gæðingakeppni. Heldur að þetta hafi ekki úrslitavald um hvort það sjáist hvort að hesturinn sé viljugur eða ekki.

Sigurbjörn Bárðarson – mér hugleikið mál, þetta er sérstaða íslenska gæðingsins. Höfum haft að leiðarljósi við íslenska gæðingakeppni, að hesturinn fari sjálfviljugur í léttu samspili með sínum knapa, og fyrir þá sem eru að þjálfar er áskorun að vera með hestinn sjálfviljugan til verksins, en ekki með notkun pískisins. Sjálfið frá hestinum er komið svolítið yfirdrifið undir stjórn knapans. Þessi sérstaða okkar íslenska hests, eigum að vera stolt af því, og ekki hlaupa eftir öllu erlendis frá. Notum fullt af öðru til þjálfunar, sem ekki er leyfilegt að keppa með. Mæli með að nota ekki písk, þannig aðskiljum við keppnina.

Mette Manseth – vil leggja orð í belg varðandi þetta mál. Þetta snýst um marga hluti. Er alfarið á móti því að leyfa písk í gæðingakeppni. Er líka spurning um ímynd íslenskrar reiðmennsku og íslenska hestsins. Erum tiltölulega stórir knapar og finnst líta betur út ef knapi er písklaus. Pískur á að vera óþarfi í keppni almennt. Gott markmið að geta ríðið hesti písklaust. Er stundum erfiðara og því gott markmið. Góð áskorun og skil ekki til hvers á að breyta þessu og mæli með því að við fellum þessa tillögu.

Snorri Dal – er sammála Sigurbirni og Mette að þetta er ævaforð hefð sem gaman er að halda í og við megum ekki henda öllu gömlu út og það er ákveðin list að ríða með písk ef þú ætlar að ríða til afkasta. Hef svo sem ekki miklu að bæta við þetta, nema sleppum písknum.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 19 um hvort pískur sé leyfður eða ekki og þeir sem segja já í kosningu eru því að samþykkja að pískur sé leyfður í gæðingakeppni og þeir sem segja nei að pískur sé bannaður.

Fjöldi greiddra atkvæða: 135. Já sögðu 52, nei sögðu 79 og 4 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 19 er fellt.

Keppnisnefnd þakkar fyrir. Formaður minnst á að rætt var örlítið um íslandsmót en það verður tekið fyrir í allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd

Pálmi Guðmundsson, formaður nefndarinnar fór fyrir nefndinni. Það voru alls 8 þingskjöl sem nefndin fékk til umfjöllunar, auk afreksstefnu LH.

Þingskjal nr. 3 – reglugerð LH um Íslandsmót

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingu á kafla 5 í lögum og reglum LH Reglugerð um Íslandsmót.

Reglugerð um Íslandsmót orðist svo:

5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót

5.1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunarog leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin með hliðsjón af landsmóti og heimsmeistaramótum hverju sinni. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglinga hins vegar í sitt hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal halda fyrstu helgina í júlí á heimsmeistaramótsári en í annarri viku eftir landsmót á landsmótsári. Mótið skal hefjast á fimmtudegi og ljúka á sunnudegi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal vera Worldranking.

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Á Íslandsmóti barna og unglinga skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Börn keppi í V2, T3, T4, fimi.

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, fimi og skeiðgreinum sem skilgreindar eru.

5.3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna hafa rétt til þátttöku efstu þör á stöðulista sem metinn er út frá árangri á löglegum mótum og gilda einkunnir pars sem eru allt að tveggja ára gamlar í V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3 og P2.

Fjöldi þátttakenda í hverri keppnisgrein er eftirfarandi:

Keppnisgrein	Flokkur fullorðinna	Ungmennaflokkur
T1 tölt	30	20
T2 slaktaumatölt	30	20
V1 fjórgangur	30	20
F1 fimmgangur	30	20
PP1 gæðingaskeið	15	15
P2 100 m. skeið	15	15
P3 150 m. skeið	15	5
P1 250 m. skeið	15	5

Miðað er við stöðu á stöðulistanum 10 dögum áður en mót hefst. Ef knapi óskar ekki eftir þátttöku er næstu knöpum á stöðulista boðin þátttaka. Ráslistar liggja fyrir þremur dögum fyrir mót og þrír varaknapar tilgreindir í hverri grein. Flokkar fullorðinna og ungmenna ríða forkeppni saman en sérstök úrslit eru fyrir hvorn flokk fyrir sig.

5.4 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna og ungmenna sem og barna, unglinga) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

5.5 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd um áramót, sama ár og mótið er haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- Framkvæmdastjóra. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.*
- Fjölmiðlafulltrúa. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.*
- Mótsstjóra. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.*
- Vallarstjóra. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.*

- Þuli. Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara eða meðlim dómarastarfsliðs, áður tilnefndum af honum, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum, og talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á Íslandsmóti barna og unglunga skal fulltrúi knapa vera ækulyðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi, áður tilnefndur af honum.

5.6 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá HÍDÍ. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Sama gildir um erlenda dómara.

5.7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna er skylt að halda B-úrslit í hringvallagreinum, þ.e. keppni um 6. til 10. sæti. Á Íslandsmóti barna og unglunga er það skylda, ef skráningar eru 20 eða fleiri. Sigurvegari í B-úrslitum vinnur sér rétt til að keppa í A-úrslitum.

5.8 Dagskrá Íslandsmóts fullorðinna og ungmenna

Fimmtudagur

Fimmgangur F1

Fjörgangur V1

Föstudagur

Tölt T2

Tölt T1

Gæðingaskeið

Laugardagur

Slaktaumatölt T2 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Slaktaumatölt T2 B-úrslit

Fjörgangur V1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Fjörgangur V1 B-úrslit

Fimmgangur F1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Fimmgangur F1 B-úrslit

Tölt T1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Tölt T1 B-úrslit

250 m. skeið P1

150 m. skeið P3

Sunnudagur

Slaktaumatölt T2 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Slaktaumatölt T2 A-úrslit

Fjörgangur V1 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Fjörgangur V1 A-úrslit

Fimmgangur F1 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Fimmgangur F1 A-úrslit

100 m. skeið P2

Tölt T1 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Tölt T1 A-úrslit

5.9 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

5.10 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um íþróttamót og keppendur.

Pálmi gerði grein fyrir þeim breytingum sem nefndin gerir tillögu um.

Breytingartillögur frá allsherjarnefnd

5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum styrkleikaflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 sem og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. **Farnir skulu 4 sprettir í 250m og 150m skeiði.** Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki. Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar, kjósi mótshaldarar svo, sem og sýningagreinar. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

5.3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna hafa rétt til þátttöku efstu þör á stöðulista sem metinn er út frá árangri á löglegum mótum og gilda einkunnir þars ~~sem eru allt að tveggja ára gamlar~~ **frá fyrra og núverandi keppnistímabili** í V1, F1, T1, T2, PP1, P1, P3 og P2.

Þar sem keppir til verðlauna um samanlagðan sigurvegara, þarf að hafa þátttökurétt í a.m.k einni grein og eigi jafnframt skráðan árangur í öðrum greinum sem telja til samanlagðra verðlauna.

Fjöldi þátttakenda í hverri keppnisgrein er eftirfarandi:

Keppnisgrein	Flokkur fullorðinna	Ungmennaflokkur
T1 tölt	30	20
T2 tölt	30	20
V1 fjórgangur	30	20
F1 fimmgangur	30	20
PP1 gæðingaskeið	30	15
P2 100m skeið	30	15
P3 150m skeið	20	6
P1 250m skeið	20	6

Miðað er við stöðu á stöðulistanum 10-5 dögum áður en mót hefst. Ef knapi óskar ekki eftir þátttöku er næstu knöpum á stöðulista boðin þátttaka. Ráslistar liggja fyrir þremur dögum fyrir mót og þrír varaknappar tilgreindir í hverri grein. Flokkar fullorðinna og ungmenna ríða forkeppni saman en sérstök úrslit eru fyrir hvorn flokk fyrir sig.

5.4 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í hestaíþróttum skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni (bæði fullorðinna og ungmenna sem og barna, unglinga) skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu.

5.5 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd um áramót, sama ár og mótið er haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þátttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- *Framkvæmdastjóra*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir mót, þannig að keppendur geti æft sig á mótssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- *Fjölmiðlafulltrúa*. Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmiðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmiðla, sér einnig um auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- *Mótsstjóra*. Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- *Vallarstjóra*. Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- *Puli*. Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- *Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn* starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara eða meðlim dómarastarfsliðs, áður tilnefndum af honum, mótsstjóra eða fulltrúa hans, áður tilnefndum af honum, meðlimi framkvæmdanefndar, formanni keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum, og talsmanni knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2). Á Íslandsmóti barna og unglinga skal fulltrúi knapa vera æskulýðsfulltrúi LH eða annar fulltrúi, áður tilnefndur af honum.

5.8 Dagskrá Íslandsmóts fullorðinna og ungmenna

Fimmtudagur

Fimmgangur F1

Fjörgangur V1

Föstudagur

Tölt T2

Tölt T1

Gæðingaskeið

Laugardagur

Slaktaumatölt T2 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Slaktaumatölt T2 B-úrslit

Fjörgangur V1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Fjörgangur V1 B-úrslit

Fimmgangur F1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Fimmgangur F1 B-úrslit

Tölt T1 B-úrslit (ungmennaflokkur)

Tölt T1 B-úrslit

250 m. skeið P1

150 m. skeið P3

Sunnudagur

Slaktaumatölt T2 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Slaktaumatölt T2 A-úrslit

Fjörgangur V1 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Fjörgangur V1 A-úrslit

Fimmgangur F1 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Fimmgangur F1 A-úrslit

100 m. skeið P2

Tölt T1 A-úrslit (ungmennaflokkur)

Tölt T1 A-úrslit

5.9 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mót.

Orðið svo gefið laust um þingskjal nr. 3 og um allar breytingatillögurnar sem allsherjarnefndin gerir.

Sigurður E. Ávarsson – held að þessi tillaga þurfi meiri vinnu, þó það sé mjög góð vinna í henni og hún búin að batna mikið. 5.1. keppnisnefnd velur hvar íslandsmót skuli haldið, eða á að leggja til fleiri staði ef fleiri koma til greina. Varðandi stöðulistana í ungmennaflokki, þá var á síðasta íslandsmóti sem var haldið fyrir ungmenni meiri fjöldi í öllum flokkum. Þurfum við að skera þetta svona mikið niður?? Ánægður með að dagskráin sé farin út. Erum með reglur í dag sem voru samþykktar 2018 og það hefur aldrei verið farið eftir þeim, eða ekki haldið mót þar sem farið hefur verið eftir þeim reglum. Þurfum við ekki að fara í gegnum eitt til tvö tímabil eftir covid, eftir þeim reglum sem eru í gangi og sjá hvar við stöndum og taka svo stöðuna með hvað á að gera. Held að við þurfum að skoða þetta mjög vel.

Enginn kveður sér hljóðs og því gengið til atkvæða um breytingartillögu keppnisnefndar um grein 5.2.

Fjöldi greiddra atkvæða: 129. Já sögðu 97, nei sögðu 18 og 14 tóku ekki afstöðu. Breytingartillaga keppnisnefndar um grein 5.2. samþykkt.

Orðið gefið laust um grein 5.3. Þeir sem eru samþykki breytingartillögu allsherjarnefndar um grein 5.3 segja já, aðrir segja nei.

Fjöldi greiddra atkvæða: 126. Já sögðu 68, nei sögðu 48, 10 tóku ekki afstöðu.

Breytingartillaga keppnisnefndar um grein 5.3. samþykkt.

Grein 5.4. þar sem lagt er til að fella út orðið í fjölmiðlum, leggur forseti til að þessi breytingartillaga sé samþykkt ef enginn hreyfir mótmælum. Enginn gerir athugasemdir og því litið á þetta sem samþykkt.

Grein 5.5. Enginn gerir athugasemdir og því litið á þetta sem samþykkt.

Grein 5.8. Lagt til að dagskráin falli út úr skjalinu. Gengið til atkvæða um breytingartillögu 5.8.

Fjöldi greiddra atkvæða: 128. Já sögðu 116, nei sögðu 5 og 7 tóku ekki afstöðu.

Breytingartillaga um grein 5.8 samþykkt.

Grein 5.9. Listi yfir lágmarkskröfur.

Fjöldi greiddra atkvæða: 130. Já sögðu 115, nei sögðu 6 og 9 níu tóku ekki afstöðu. Breytingartillaga um grein 5.9 samþykkt.

Þá bar þingforseti upp þingskjal nr. 3 upp í heild sinni með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 134. Já sögðu 90, nei sögðu 38 og 6 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 3 samþykkt með áorðnum breytingum.

Þingskjal nr. 4 – Landsþing fjalli ekki um úthlutun Íslandsmóts

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingu á grein 1.2.4 Dagskrá landsþings, í lögum og reglum LH.

Eftirfarandi setning falli brott:

„Landsþing taki ákvarðanir varðandi Íslandsmót samkvæmt reglugerðum þar um.“

Þingskjalið var samþykkt samhljóða í nefndinni. Þetta er lagabreyting, þanngi að það þarf atkvæði 2/3 viðstaddra. Viðstaddir eru þeir sem greiða atkvæði og því þarf 2/3 greiddra atkvæða.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 4. Enginn kvað sér hljóðs og atkvæðagreiðsla því opnuð um þingskjalið.

Fjöldi greiddra atkvæða: 123. Já sögðu 115, nei sögðu 6 og 2 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 4 samþykkt.

Þingskjal nr. 10 – Upphitunar og undirbúningssvæði í íþróttakeppni

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að við kafla 8 í lögum og reglum LH bætist við ný grein sem verður gr. 8.4.1.1 um undirbúningssvæði.

Greinin orðist svo:

8.4.1.1 Upphitunar- og undirbúningssvæði

Mótshaldarar skulu sjá til þess að gott upphitunarsvæði sé til staðar. Að auki skal vera undirbúningssvæði (hringlaga eða opið svæði) þar sem keppnispar skal mæta a.m.k. 1 mínútu fyrir upphaf keppni, þannig að keppnin megi ganga snurðulaust fyrir sig.

Undirbúningssvæði skal vera a.m.k. 20x40 m. að stærð eða hringvöllur af sambærilegri stærð. Undirlag skal vera sem líkast keppnisvelli. Greið tenging skal vera frá undirbúningssvæðinu inn á keppnisvöll.

Á undirbúningssvæði má knapi fá aðstoð þjálfara/aðstoðarmanns við að lagfæra búnað sem og leiðsögn, þó þannig að það trufli ekki aðra sem mögulega eru einnig á undirbúningssvæði.

Fyrir úrslit, þar sem 5 eða fleiri skulu mæta, er mótshaldara heimilt að útvíkka undirbúningssvæðið, þó þannig að knapar fari ekki úr auglýn dómara eða fótaskoðunarmanna sem staðsettir eru við völinn, þannig að allir hafi nægilegt svæði til upphitunar.

Nefndin gerir tillögu um breytingu í grein 8.4.1.1. Orðið gefið laust um breytingartillögu allsherjarnefndar við þingskjal nr. 10. Enginn kvað sér hljóðs og því opnað fyrir atkvæðagreiðslu um breiþingskjal nr. 10.

Fjöldi greiddra atkvæða: 123. Já sögðu 113, nei sögðu 7 og 3 tóku ekki afstöðu. Breytingartillaga við þingskjal nr. 10 samþykkt.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 10 með áorðnum breytingum.

Sigurður E. Ávarsson – spyr hvort verið sé að breyta greininni í heild og fella meira út en kemur fram í breytingunum.

Forseti svarar og Pálmi áréttar eftirfarandi breytingar: – réttar athugasemdir hjá Sigurði. Það falla út þrjár fyrstu setningarnar í 8.4.1.1 og það kemur ein setning í staðinn. Út fellur í 2 málsgrein 8.4.1.1 þrjár fyrstu setningarnar og ein setning kemur í staðinn.

Fyrri atkvæðagreiðsla er ógild m.v. nýjar framkomnar breytingar. Orðið gefið laust um þingskjal nr. 10 með áorðnum breytingum og ofangreindum útskýringum.

Forseti áréttar: Þetta er ný grein í 8.4.1 og fær númerið 8.4.1.1.

Gengið til kosninga um breytingartillögu um þingskjal nr. 10.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 10 með áorðnum breytingum. Enginn kveður sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 10 með áorðnum breytingum.

Fjöldi atkvæða: 126. Já sögðu 76, nei sögðu 45 og 5 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 10 samþykkt.

Þingskjal nr. 12 – Frestur til að auglýsa mót

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 2.8.1 Auglýsingar móta, í lögum og reglum LH.

Greinin orðist svo:

2.8.1 Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í fjölmiðlum/**netmiðlum** með ~~minnst eins mánaðar~~ **7 daga** fyrirvara. Úrtökur fyrir Landsmót skal auglýsa með minnst ~~14~~ **7 daga** fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst ~~14~~ **7 daga** fyrirvara í fjölmiðli. Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þátttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þátttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en ~~5~~ **3 dagar**. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. ~~Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara.~~ Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram **nema ef opnað hefur verið fyrir skráningu og skal þá auglýsa nýjan skráningarfrest vandlega**. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

Minniháttar breytingar á þessu, í fyrstu og þriðju línu um auglýsingar móta. Til samræmis við það sem áður er sett inn, þetta er auglýst á þeim stað sem hentar hverju sinni.

Breytingartillaga frá allsherjarnefnd:

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í fjölmiðlum/**netmiðlum** með minnst eins mánaðar **7 daga** fyrirvara. Úrtökur fyrir Landsmót skal auglýsa með minnst ~~14~~ **7 daga** fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst ~~14~~ **7 daga** fyrirvara í fjölmiðli. Sé um mót að ræða,

sem greiða þarf til þátttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þátttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en 3 dagar. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram **nema ef opnað hefur verið fyrir skráningu og skal þá auglýsa nýjan skráningarfrest vandlega**. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

Orðið gefið laust um breytingartillögu allsherjarnefndar við þingskjal nr. 12. Vekur athygli að það sem sett er á chattið er þingfulltrúa á milli, biðja þarf um orðið ef þið viljið tjá ykkur inn á þingið. Enginn kveður sér hljóðs og því gengið til atkvæðagreiðslu um breytingartillögu við þingskjal nr. 12.

Fjöldi greiddra atkvæða: 137. Já sögðu 125, nei sögðu 9 og 3 tóku ekki afstöðu. Breytingartillaga um þingskjal nr. 12 samþykkt.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 12 með áorðnum breytingum. Enginn kveður sér hljóðs og þingskjal nr. 12 því borið undir atkvæði með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 122. Já sögðu 116, nei sögðu 3 og 3 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 12 samþykkt með áorðnum breytingum.

Þingskjal nr. 13 – Frestur til að birta dagskrá móta

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar, í lögum og reglum LH.

Greinin orðist svo:

2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar

*Framkvæmdanefnd skal sjá um útgáfu mótsskrár, sem sé tilbúin a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts. Í mótsskrá skal koma fram a.m.k. **dagskrá mótsins**, nafn keppanda og félags hans, nafn, litur og aldur hests, ásamt öðrum upplýsingum sem framkvæmdanefnd óskar. Framkvæmdanefnd skal sjá um að keppendur gefi umbeðnar upplýsingar þegar við skráningu.*

Breytingartillaga frá allsherjarnefnd:

Framkvæmdanefnd **opinna móta og móta á milli héraða** skal sjá um útgáfu mótsskrár, sem sé tilbúin a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts. Í mótsskrá skal koma fram a.m.k. **dagskrá mótsins**, nafn keppanda og félags hans, nafn, litur og aldur hests, ásamt öðrum upplýsingum sem framkvæmdanefnd óskar. Framkvæmdanefnd skal sjá um að keppendur gefi umbeðnar upplýsingar þegar við skráningu.

Allsherjarnefnd gerir tillögu um breytingu á þingskjal nr. 13. Orðið gefið laust um breytingartillögu allsherjarnefndar.

Sigurður E. Ævarsson – spyr út í 8.2 sem verið var að afgreiða áðan, komst ekki í gegn í fyrri umræðu.

Enginn kveður sér hljóðs um breytingartillögu um þingskjal nr. 13 og því gengið til atkvæða um beytingartillöguna.

Fjöldi greiddra atkvæða: 130. Já sögðu 98, nei sögðu 24 og 8 tóku ekki afstöðu. Breytingartillaga samþykkt. Orðið gefið laust um þingskjal nr. 13 með áorðnum breytingum. Enginn kvað sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 13 með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 127. Já sögðu 90, nei sögðu 30 og 7 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 13 samþykkt.

Þingskjal nr. 14 – Frestur til að sækja um dómara fyrir mót

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 2.8.4, Skipun dómara á mót, í Lögum og reglum LH.

Greinin orðist svo:

2.8.4 Skipun dómara á mót

Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómarafélaga LH til að mótin séu

lögleg og fá skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara ~~4 vikum~~ 7 dögum fyrir upphaf móts. Bera dómaranefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómaranefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómarafélaganna.

Tillagan lögð fram frá nefndinni án breytinga.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 14. Enginn kvað sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr 14.

Dagbjartur Halldórsson – gerir athugasemdir við störf þingforseta, tekur fram að á skjá þingfulltrúa hafi verið rangar upplýsingar og því þurfi að endurtaka þessa atkvæðagreiðslu. Forseti tekur þessari ábendingu og ítrekar að þingskjal nr. 14 er óbreytt og það er rétt á skjánum núna.

Herborg – ítrekar að það hafi átt að vera að minnsta kosti 7 dögum, þ.e. að það vanti a.m.k. inn í skjalið.

Dagbjartur Halldórsson – vill að kosning um þingskjal nr. 14 sé ógild. Forseti staðfestir að búið sé að ógilda fyrri kosningu og að gerð verði ný kosning.

Opnað fyrir kosningu um þingskjal nr. 14 að nýju.

Fjöldi greiddra atkvæða: 131. Já sögðu 90, nei sögðu 33 og 8 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 14 samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 15 – Öryggi við umgjörð skeiðkappreiða

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir breytingartillögu við grein 8.5.1 Skeiðvöllur í lögum og reglum LH.

Greinin orðist svo:

8.5.1 Skeiðvöllur

Völlurinn skal vera beinn; 250 m langur, jafn, fastur og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Um það bil 8m pláss fyrir start og um það bil 50m niðurbæingarkafli. Girðing skal ná a.m.k. 10m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins. Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún truflí.

Yfirdómari verður að samþykkja völinn.

Gæðingaskieiðvöllur skal vera beinn, 210 metra langur, jafn, fastur og vera að minnsta kosti 4 metra breiður. Skeiðvöllur má nota fyrir gæðingaskieið með viðeigandi merkingum sem sjá má í FIPO bæklingi.

Aðstæður til skeiðkappreiða skulu vera viðunandi og þannig sett upp að slyshætta sé í algjöru lágmarki. Startbásar skulu vera eins hljóðlátir eins og unnt er og byggðir upp á þann hátt að öryggi hests og knapa sé í fyrirrúmi. Fyrir skeið með fljúgandi starti skal aðdragandi skeiðkaflans vera nægilega langur og vel afmarkaður eins og skeiðkaflinn sjálfur.

Niðurbæingarkafllinn eftir að skeiðkafla lýkur skal vera afmarkaður eins langt og mögulegt er og hættulaus fyrir hest og knapa.

Mótsstjóri, yfirdómari og fulltrúi knapa skulu yfirfara og samþykkja að aðstæður til skeiðkappreiða séu viðunandi. Fulltrúi knapa hefur meira vægi en mótsstjóri og yfirdómari telji hann aðstæður ekki viðunandi.

Breytingartillaga við 8.5.1. Ein setning sem nefndin vildi breyta, varðandi niðurbæingarkafllann. Þingskjal nr. 15 lagt fram frá nefndinni með áorðinni breytingu.

Breytingartillaga frá allsherjarnefnd

Völlurinn skal vera beinn; 250 m langur, jafn, fastur og verður að vera a.m.k. tveggja metra breiður fyrir hvern hest. Halli á 100 metrum má ekki fara yfir 0,2%. Um það bil 8m pláss fyrir start og um það bil 50m niðurbæingarkafli. Girðing skal ná a.m.k. 10m lengra en endamark. Báðar hliðar vallarins skulu vera afmarkaðar nákvæmlega á brún vallarins. Að auki skal á annarri hliðinni vera önnur girðing um það bil 5-10 m frá þeirri fyrri þar sem áhorfendur geta staðið á meðan á kappreiðum stendur. Með 50 m millibili skal vera merking sem gott er að sjá, án þess að hún truflí. Yfirdómari verður að samþykkja völinn.

Gæðingaskeiðvöllur skal vera beinn, 210 metra langur, jafn, fastur og vera að minnsta kosti 4 metra breiður. Skeiðvöllur má nota fyrir gæðingaskeið með viðeigandi merkingum sem sjá má í FIPO bæklingi.

Aðstæður til skeiðkappreiða skulu vera viðunandi og þannig sett upp að slyshætta sé í algjöru lágmarki. Startbásar skulu vera eins hljóðlátir eins og unnt er og byggðir upp á þann hátt að öryggi hests og knapa sé í fyrirrúmi. Fyrir skeið með fljúgandi starti skal aðdragandi skeiðkaflans vera nægilega langur og vel afmarkaður eins og skeiðkaflinn sjálfur.

Niðurbæturkaflinn eftir að skeiðkafla lýkur skal vera afmarkaður **að lágmarki 70 m og í framhaldi, flóttaleið sem sé því næst bein, eða í aflíðandi línu, leiðin sé greiðfær og undirlag stöðugt. eins langt og mögulegt er og hættulaus fyrir hest og knapa.**

Mótsstjóri, yfirdómari og fulltrúi knapa skulu yfirfara og samþykkja að aðstæður til skeiðkappreiða séu viðunandi. Fulltrúi knapa hefur meira vægi en mótsstjóri og yfirdómari telji hann aðstæður ekki viðunandi.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 15 og þær breytingar sem allsherjarnefnd leggur til á þeirri tillögu.

Sigrún Sig – biður um upplýsingar um hve langan frest fulltrúar hafa til að taka grein 10 upp aftur? Forseti svarar því til að á meðan verið er að fjalla um þingskjölin þá er opið fyrir það. Ítrekar einnig að það þurfi að koma fram formleg tillaga þess efnis.

Sigurður Ævarsson – spyr um þingskjal 15, er verið að breyta því að þeir vellir sem eru löglegir núna eftir reglum FEIF, verði ekki allir löglegir? Er verið að breyta því hvaða vellir eru löglegir? Þetta er mikið mál fyrir nokkur félög.

Pálmi svarar – ekki mitt sérsvið. Umræðan var á þann máta að menn vildu auka úr 50 metrum um 20 metra í 70 metra. Helst þeir sem eru mikið í skeiðkappreiðum og vildu auka öryggi.

Þórarinn Eymundsson – þetta þingskjal tókum við fyrir í allsherjarnefndinni, kom frá keppnisnefnd LH. Tillagan sem við fengum til umfjöllunar, með niðurbæturkafla eftir að skeiðkafla lýkur, skuli vera afmarkaður eins langt og mögulegt er og hættulaus fyrir hest og knapa. Það var umræða um að skýra þetta betur, svo ekki kæmi upp þegar að móti væri staðið, hvort kafla á mótsstað væri metinn hættulaus eða ekki. Vorum að hugsa skeiðkappreiðar í gegnum reiðhallir og annað slíkt þar sem þetta er ekki á hreinu. Með því að setja inn 70 metra og svo flóttaleið er meiningin að skýra frekar hvaða kröfur eru til staðar svo mótshaldarar geti undirbúið sig og uppfyllt upptaldar kröfur. Að öðrum kosti ætti keppni ekki að fara fram ef ekki er hægt að uppfylla upptaldar kröfur.

Sigurður Ævarsson – gæti ekki verið meira sammála Tóta. Spyr um velli sem ekki ná 70 m niðurbæturkafla og opnu svæði þar eftir, eru þeir þá ólöglegir? Skeið í gegnum hús, fellur ekki undir vallarbreytingar, það er allt önnur clausa. Erum að breyta reglum um velli með þessu.

Þórarinn Eymundsson – varðandi þetta sem Sigurður var að segja varðandi sprett í gegnum reiðhallir, er ekki verið að samþykkja á þessu þingi að innanhúsmót verði lögleg og þá væntanlega skeið í gegnum hús eða hvað? Það sem vakti fyrir nefndinni var að skýra hvaða vellir væru löglegir og hvaða vellir ekki löglegir. Svárið til Sigga, já það er þá verið að útiloka

ákveðna velli með þessum breytingum en um leið að gefa mótshöldurum möguleika á að breyta/útfæra hjá sér til að uppfylla þessi skilyrði.

Sigríður Magnea – hafið þið mælt þessa velli sem eru í gildi í dag og vitið þið þá hvaða velli þið eruð að útiloka? Ég get ekki sagt að við Sleipnismenn vitum það. Get ekki sagt að við eigum að samþykkja svona ef þetta er að útiloka einhver félagssvæði.

Pálmi – tek undir með Sigríði, finnst vanta fyrirvara á þetta fyrir félögin. Ekki hægt að ætlast til þess að við förum út í einhverjar miklar breytingar á vormánuðum, þurfum að fá smá fyrirvara.

Dagný – það geta verið smá gildirur í þessu. Ekki alltaf þessir 70m til staðar. Fínt samt að reyna að ná utan um þetta. Þarf ekki bara að koma önnur tillaga um hleypingar í gegnum reiðhallir?

Jónas – hefur skipulagt mörg mótssvæði á landinu, yfirleitt með 50m kafla. Það stendur ekki niðurhægingarkafllinn skal vera afmarkaður að lágmarki 70m, en hann er ekki alltaf beinn. Vildi koma því á framfæri.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og því gengið til kosninga um breytingar við þingskjal nr. 15.

Fjöldi greiddra atkvæða: 143. Já sögðu 79, nei sögðu 55 og 9 tóku ekki afstöðu. Breytingartillaga samþykkt.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 15 með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 127. Já sögðu 68, nei sögðu 51 og 8 tóku ekki afstöðu.

Þingskjal nr. 15 samþykkt með áorðnum breytingum.

Forseti upplýsir að borist hafi tillaga varðandi endurupptöku á þingskjali nr. 10 og að fjallað verði um það að loknum tillögum allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 20 – Bakhlífar

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að sambandið láti gera athugun á bakhlífum og virkni þeirra við slys tengd útreiðum. Einnig verði könnuð tíðni bakmeiðsla í hestamennsku og við hvaða aðstæður slysin verða.

Breytingartillaga frá allsherjarnefnd

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að sambandið **láti gera athugun** afli **upplýsinga um notkun** á bakhlífum og virkni þeirra við slys tengd útreiðum. Einnig verði könnuð tíðni bakmeiðsla í hestamennsku og við hvaða aðstæður slysin verða.

Pálmi greinir frá því að nefndin gerir tillögu um smá breytingu á orðalagi. Orðið gefið laust um breytingartillögu allsherjarnefndar á þingskjal nr. 20.

Dagbjört Hulda Guðjónsdóttir – gerir athugasemd því henni finnst verið að kollsteypa því sem verið er að leggja þarna fram. Er á móti því að orðalagi sé breytt. Sammála tillögunni óbreyttri.

Anna Berg – þetta var rætt talsvert í nefndinni, að láta gera athugun, út frá því að það er í höndum LH að gera svo viðamikla athugun, þarf þá að fara í rannsókn. Erum ekki á móti tillögunni, bara þessi reginmunur að það sé í höndum LH að gera rannsóknir.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og því gengið til kosninga um breytingartillögu við þingskjal nr. 20 að út falli „láti geri athugun“ og inn komi í staðinn „afli upplýsinga um notkun“.

Fjöldi greiddra atkvæða: 135. Já sögðu 91, nei sögðu 35 og 9 tóku ekki afstöðu.

Breytingartillaga samþykkt og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 20 með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 125. Já sögðu 92, nei sögðu 26 og 7 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 20 samþykkt.

Þingskjal nr. 25 – Afreksstefna LH

Vissum ekki af því fyrr en seint að afreksstefnu LH var vísað til okkar líka. Fékk ekki umfjöllun en nefndarmenn eru búnir að lesa hana yfir. Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar.

Pálmi fór stuttlega yfir almenn atriði úr afreksstefnunni, fyrir tímabilið 2020-2024.

Afreksstefna LH borin undir atkvæði eins og hún liggur fyrir þinginu.

Fjöldi greiddra atkvæða: 129. Já sögðu 104, nei sögðu 2 og 23 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 20 samþykkt.

Pálmi að lokum – þakkar fyrir samstarfið í nefndinni. Þetta var breiður og góður hópur og málefnaleg og góð umræða. Menn ræddu sig í gegnum málin og náðu samkomulagi. Stuttur tími og sérstakar aðstæður en tókst vel að vinna þetta. Þakkar fyrir hönd allsherjarnefndar.

Tillaga um að þingskjal nr. 10 verði tekið aftur til umræðu á þingfundi þessum og þingfulltrúum aftur gert kleift að kjósa um það.

Forseti vekur athygli á því að Endurskoðun afstöðu þarf 2/3 hluta atkvæða. Tillagan er umræðuhæf og orðið gefið laust um þessa tillögu.

Sigrún Sigurðardóttir – fannst þingskjalið ekki vera fullnægjandi eins og það var sett upp. Leggur til að við fellum þetta, fellum þingskjal nr. 10.

Orðið laust um tillögu Fáks um að taka þingskjal nr. 10 aftur til umræðu og umfjöllunar. Forseti minnir á að það þarf 2/3 atkvæða til að samþykkja að fjalla aftur um þingskjal nr. 10.

Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir – legg til að það fari fram, þ.e. að tillaga Fáks verði samþykkt um að taka þingskjal nr. 10 upp aftur.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og því gengið til atkvæða um það hvort fjalla eigi aftur um þingskjal nr. 10.

Fjöldi atkvæða: 138. Já sögðu 108, nei sögðu 23 og 7 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Samþykkt að taka þingskjal nr. 10 aftur til umfjöllunar.

Hlé

Forseti tekur fram að vegna röskunar á tímaáætlun, þá fái orðið núna forseti FEIF, Gunnar Sturluson.

Gunnar Sturluson, forseti FEIF

Gunnar hóf mál sitt á að lýsa yfir ánægju sinni yfir að fá að ávarpa hestamenn á landsþingi LH, enda allnokkur ár síðan hann sat landsþing síðast. Þykir skemmtilegt að hitta þingfulltrúa þó það sé bara á þennan rafræna hátt.

Gunnar hefur verið forseti FEIF síðan 2014, verið í stjórn síðan 2011 og því starfað í þessu alþjóðastarfi í allnokkurn tíma.

Aðilar að FEIF eru 22 lönd um víða veröld, allt frá Bandaríkjunum í vestri og niður til Ástralíu og Nýja-Sjálands og nýjasta aðildarlandið er Ungverjaland.

Markmið FEIF er að sameina fólk vegna ástríðu þeirra fyrir íslenska hestinum. Starfið á rætur sínar að rekja til frumkvæðis Gunnars Bjarnasonar sem stóð fyrir því árið 1969 að stofna FEIF með fimm aðildarlöndum. Markmið að sameina alla áhugamennina um hagsmuni íslenska hestsins og íþróttarinnar. Árið 2020 voru 65.000 félagar vítt og breitt um heiminn, Þýskaland með 25.700, Ísland með 12.500 og Danmörk með 8.700. Um 285.000 íslenskir hestar skráðir í heiminum í Worldfeng þetta árið, sem er um 1,8% fjölgun á milli ára, flest á Íslandi 93.600 en 62.500 í Þýskalandi, litlu færri í Danmörku og heldur færri í Svíþjóð. Það eru því fleiri hestar utan Íslands en á Íslandi sem mörgum þykir býsna merkilegt.

Á síðasta ári var haldið upp á 50 ára afmæli FEIF og í rúm 50 ár er því búið að keppa í íþróttakeppni. Upprunalega markmiðið var að halda reglulega alþjóðleg mót en fyrsta Evrópumótið var haldið 1970 í Aegidienberg.

FEIF starfar á grundvelli laga sem marka grundvöll þessa alþjóðlega samstarfs og æðsta val í höndum árlegs þings og atkvæðavægi landanna er í samræmi við félagafjölda og Ísland og Þýskaland eru þar stærst og með flestu atkvæðin. Það eru teknar ákvarðanir um

ræktunarreglur og keppnisreglur eftir umfjöllun í nefndum. Kosið er í nefndir: ræktunarnefnd, keppnisnefnd, æskulýðsnefnd, menntanefnd og útreiðanefnd og menn eru í kjöri á tveggja ára fresti. Í stjórn sitja forseti, varaforseti, leiðtogar nefnda, alls 7 í dag.

Það sem er í gangi núna er undirbúningur HM 2021 í Herning og það er enn á áætlun, annað hvort með hefðbundnu sniði eða streymismót. Til að það megi verða þurfa reglurnar að breytast og að 500 manns megi koma fram utandyra. Það þarf 500 manns til að halda svona mót, keppendur, þjálfarar og starfsfólk telur um 500 manns.

Við ætlum að halda aðalfund í febrúar, frestuðum ársþinginu til haustsins og höfum orðið að fresta unglinga og ungmennastarfi sem átti að vera í sumar, en ætlum að taka það upp aftur næsta ár. Stöðug vinna að menntamálum, verið að bæta menntun reiðkennara, samræma réttindamál og fleira. Svo er útreiðanefndin að undirbúa sameiginlega alþjóðlega hestaferð í Noregi.

FEIF tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi FEI og European horse network, kominn grunnur að samkomulagi um samstarf og vonandi verður það klárað á komandi starfsári.

Í kynbótastarfinu er horft til Íslands, sem leiðir kynbótastarfið og reglurnar á Íslandi eru samræmdar reglunum hjá FEIF og verða til í samstarfi FEIF og íslenskra landbúnaðaryfirvalda.

FEIF stendur að rekstri á WF með BÍ, eiga Wordlfenginn með Bændasamtökunum og bera ábyrgð á því og að honum verði vel við haldið. Einstakur í sinni röð.

Af hverju á Ísland að leiða starfið á vettvangi Íslandshestamennskunnar? Við þurfum að taka forystu vegna þess að Ísland er upprunaland þessa hests, þó hann sé kominn út um allan heim. Ísland verður að vera í forystuhlutverki á þessum vettvangi. Höfum tvöfalda aðild að FEIF sem er einstakt og verðum að leiða ræktunina og ef við gerum okkur gildandi þá getum við líka haldið forystuhlutverki í íþróttastarfinu öllu saman. Þurfum að taka virkan þátt í þessu svo rödd okkar heyrir í þessu lýðræðislega samstarfi innan FEIF og tryggja að það sé þokkalegur samhljómur í starfi þessara landa. Með því að virkja aðildarlöndin þá náum við að efla Íslandshestamennskuna og tryggja að það verði nýliðun og vöxtur. Þurfum að halda þessu starfi áfram.

Þurfum að einbeita okkur núna að velferðarmálum. Það er nýja stóra málið en við finnum fyrir miklum þrýstingi á velferðarmál hesta. Þurfum að höfða til sem flestra og gæta þess að starfið sé fjölbreytt og skemmtilegt. Leggja áherslu á að sinna unga fólkinu og tryggja þannig nýliðunina. Sjálfboðastarfið þarf að fá sérstaka athygli þeirra sem starfið leiða og við munum auka við alþjóðlegt samstarf eins og við FEI og tryggja að starfið í framtíðinni sé eins og verið hefur á síðustu 50 árum.

Þakka fyrir að fá að koma og vera með ykkur og tala til þingsins. Vona að þingstörf gangi vel og óska ykkur alls hins besta. Takk fyrir.

Forseti þakkar Gunnari fyrir sitt innlegg til þingsins.

Gengið aftur til dagskrár þar sem frá var horfið

Eftir er að fjalla um þingskjal nr. 10 að nýju og svo þau þingskjöl sem vísað var til fjárhagsnefndar.

Samþykkt var að taka þingskjal nr. 10 efnislega upp að nýju.

Ólafur Þórisson – höfum rætt í keppnisnefnd eftir að þetta kom upp og keppnisnefnd LH leggur til að vísa þingskjali nr. 10 aftur til keppnisnefndar LH og skila inn tillögu aftur á næsta þingi. Ætlum ekki að búa til misræmi í lögunum. Viljum að þetta komi aftur inn á næsta þingi betur unnið.

Forseti gefur orðið á Halldór og Sigurð áður en afstaða verður tekin.

Halldór Gunnar Victorsson – feginn því að þetta verði tekið aftur fyrir í keppnisnefndinni. Hafði áhyggjur af því að þetta myndi kalla á misræmi í lögunum.

Siguður E. Ævarsson – sammála þessu, þarf að skoða þetta betur. Langar samt að spyrja fyrst Ólafur er kominn í færi, var ekki farið eftir því sem lagt var fyrir á síðasta þingi að laganefnd læsi yfir tillögur og að það fylgdi tillögum greinargerð frá keppnisnefnd og laganefnd? Var laganefnd ekki höfð með í ráðum? Finnst sumar tillögur smitaðar af því að laganefnd hafi ekki lesið þær yfir.

Jónas Vigfússon – finnst þetta ekki nógu faglegt. Höfum samþykkt reglur FEIF og þetta þarf að koma betur undirbúið fyrir þingið.

Ólafur Þórisson – held örugglega að laganefnd hafi ekki náð að lesa allar tillögurnar nógu vel til að lesa og samræma í lögum og það er eitthvað sem þarf að laga. Íslandsmótstillagan kom frá Íslandsmótsnefnd en ekki keppnisnefnd, fór þannig í gegnum stjórn. Það er rétt sem hefur verið bent á að það þarf að gera sumt betur og það þurfum við að taka með okkur í farteskið.

Forseti segir orðið laust og að það liggi fyrir tillaga frá Ólafi Þórisssyni um að vísa þingskjali nr. 10 til keppnisnefndar og hún komi með endurskoðaða tillögu á næsta þingi.

Enginn kveður sér hljóðs og því gengið til atkvæða um að vísa þingskjali nr. 10 aftur til keppnisnefndar og að hún skili af sér á næsta þingi.

Fjöldi greiddra atkvæða: 133. Já sögðu 129, nei sögðu 2 og 2 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Samþykkt að vísa þingskjali nr. 10 aftur til keppnisnefndar.

Fjárhagsnefnd

Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, formaður (Létti) gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og nefndaskipan en í nefndinni sátu eftirfarandi 11 fulltrúar: Andrea M. Þorvaldsdóttir, formaður, Létti, Dagbjartur Halldórsson, Létti, Helga B. Helgadóttir, Fáki, Lilja Björk Reynisdóttir, Hring, Margrét Tómasdóttir, Spretti, Rósa María Vésteinsdóttir, Skagfirðingi, Ólafur Þórisson, Geysi, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Sörla, Haukur Baldvinsson, Sleipni, Rúnar Þór Guðbrandsson, Herði og Eygló Arna Guðnadóttir, Geysi.

Nefndin fékk þrjú þingskjöl til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 1 – árgjald til LH

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að árgjald fyrir árin 2021 og 2022 frá aðildarfélögum LH til sambandsins verði kr. 1.800,- á hvern gjaldskyldan félag, en félagar á aldrinum 17-69 ára greiða árgjald til LH. Árgjaldið fer þá úr kr. 1.500,- í kr. 1.800,- og hækki um kr. 300,-.

Árgjöld í LH hafa ekki hækkað í 8 ár og telur nefndin að beri að samþykkja þessa hækkun og voru misjafnar skoðanir, en meirihluti fjárhagsnefndar samþykkti þessa tillögu.

Orðið gefið laust um þingskjal nr. 1. Tvíþætt, annars vegar að árgjaldið sé 1.800 og hins vegar að það séu félagar á aldrinum 17-69 ára sem greiði það. Enginn kvað sér hljóðs og því gengið til atkvæðagreiðslu um þingskjal nr. 1.

Fjöldi greiddra atkvæða: 143. Já sögðu 95, nei sögðu 44 og 4 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 1 samþykkt.

Þingskjal nr. 2 – gjald til HOI

62. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 27.-28. nóvember 2020, samþykkir að lagður verði aukaskattur á félögin upp á kr. 300,- fyrir hvern greiðandi félagsmann, fyrir árin 2021 og 2022 vegna markaðsátaksins Horses of Iceland, enda verði ríkissjóður þátttakandi í verkefninu á þessum árum.

Skiptar skoðanir í nefndinni. Rúnar kom með góða söluræðu og ég reikna með að hann geri það aftur núna. Gerum tillögu um að þingskjal nr. 2 verði samþykkt. Orðið gefið laust um þingskjal nr. 2.

Rúnar Þór Guðbrandsson – skorast ekki undan áskorun um söluræðu um þetta ágæta verkefni. Kemur inn á forsögu málsins, mikil umræða um markaðsmál í samfélagi hestamanna. Óskað eftir erindi um markaðsmálin á þingi fyrir nokkrum árum síðan, tók þá saman helstu punkta sem markaðsfræðingur. Benti þar á að vandinn lá í því að við höfðum framsýnan mann Gunnar Bjarnason og svo langur tími þar sem ekkert gerðist og ekkert markaðsstarf unnið. Lítill stuðningur frá ríkinu og það sem var gert var ómarkvisst og óvönduð vinnubrögð og peningum kastað á glæ. Vorum líka í skotgröfum og að skjóta á hvern annan, LH, Félag hrossabænda,

skólarnir o.fl. Þessum peningum var svo varið í verkefni sem fóru út og suður og mis vel. Líka sótt að hestaíþróttinni og hestamennskunni eins og öllu öðru sporti. Þurftum að taka saman höndum. Líka sótt að íslenska hestinum af fólki með önnur hestakyn. Varð svo úr að við bárum gæfu til að fara í samstarf og fengum stuðning ríkisins. Kæmum okkur saman um það hestamenn hvernig við vildum haga okkar málum. Það hefur alltaf verið settur peningur í markaðsmál, en verið ómarkvisst og farið illa með. Það sem gerðist svo með þessu samstarfi var að farið var af stað með skýrum skilaboðum. Forsenda nr. 1 að við vitum hvað við stöndum fyrir. HOI fór í samræma skilaboð, setja saman aðgerðaráætlun, markaðsáætlun sem við vildum fylgja eftir og búa til framtíðarsýn. Þar sem skiptir mestu máli í þessu að þegar við komum saman þá fengum við hljómgrunn frá ríkinu og fjármagn frá þeim og jafnframt Íslandsstofu og þessi stuðningur er ómetanlegur.

Ríkin allt í kring eru að sinna markaðsmálum líka og ríkisstjórnir annarra landa eru að setja mun meiri fjárhæðir í hestamennsku en hér er gert. Það sem gleymist stundum í þessu samhengi er, með því að vera í þessu samsarfi ogt fá þennan stuðning frá ríkinu er að sá peningur sem við setjum, að það koma jafn margar krónur frá ríkinu á móti. Viljum við standa undir þessu ein? Eða viljum við leggja fjármagn í þetta og fá sama á móti frá ríkinu?

Getum sem sagt sett 3mkr í HOI eða 6mkr með krónu á móti krónu framlagi frá ríkinu.

Við getum haft áhrif á og stýrt því hvað er gert. Skiptir miklu máli að við stöndum saman um þetta og ég hvet alla að styðja við áframhaldandi samvinnu og nýta okkur þennan stuðning ríkisins. Vil hvetja fólk til að kjósa já með þessari tillögu.

Forseti þakkar innleggið en minnir þingfulltrúa á að vera stuttorðir, erum komin þrjá tíma fram yfir áætlun nú þegar í dagskrá.

Atli Már Ingvarsson – var staðráðinn í því að greiða þessu ekki atkvæði mitt. En í gær var mjög góð kynning frá Jelenu Ohm sem sýndi tölulegan árangur og ávinning af þessu verkefni. Ég og fleiri vorum að spá að búið væri að setja nefskatt á félaga og ef þið munið fyrstu glærana, með að afla gjaldeyrstekna, þá fannst mér það ekki samræmast því sem þessi grasrótahreyfing væri að spá. Var því að spá í að kjósa ekki með þessu. Finnst samt núna að hlustað hafi verið á gagnrýnisraddir. Það sem hefur verið að gerast hérna innanlands, t.d. varðandi nýliðunina sem er nánast engin. Ég og fleiri eru tilbúnir að greiða þessu atkvæði að því gefnu að menn einbeiti sér að því sem er að gerast á Íslandi. Það er snilld að fá krónu á móti krónu og vinna skipulega að markaðsstarfi. Það þarf að sinna kynningu á innanlandsstarfi, huga að grasrótinni, menn horfa erlendis því að er gaman og fínt og hesturinn töff og vinsæll. Er tilbúinn að spila með á þeim forsendum að horft sé meira innanlands. Má líka spyrja sig hvort þetta þurfi að vera nefskattur eða bara ákveðið hjá stjórn á hverjum tíma.

Hjörtur Bergstað – tek heilshugar undir orð Atla, finnst þau í tíma töluð. Skil hvað Rúnar er að fara, finnst það bara ekki eiga heima hér í þessu samfélagi að tala um markaðsstarf úti íheimi, eigum að vera að tala um hér heima, reiðleiðir og samfélagið hér. Eigum að beina þessum peningum í miklu meira mæli í nýliðun, samskipti hestamanna. Finnst líka sprning hvort peningar LH og nefskattur okkar, hvort við eigum ekki að gera þá kröfu að þeir fjármunir fari í innanlandsmarkað, þ.e. að hinn almenni hestamaður sé ekki að styrkja einhver verkefni erlendis. HOI að nota erlent orð að kynna hestamennsku á Íslandi. Atli, notaði orðið Komdu í

hestana – finnst það alveg frábært og segja um hvað þetta snýst. Finnst líka, til margra ára var riðið í bæinn í Reykjavík. Bærinn fullur af fólki, við á forsíðu allra dagblaðanna og á fullu í fréttunum, skil ekki þá ákvörðun að hætta við þetta. Það eru einhverjar milljónir sem kostar að komast á heilsíðu í blöðunum og komast í fréttatímana.

Dagný – langar að lýsa yfir stuðningi við þetta verkefni. Held að við getum tekið það í ýmsar áttir. Getum tekið þetta góða efni og beina því innanlands líka. Að hafa fulltrúann Jelenu, er mikilvægt td á þessum fundum með Samgöngustofu. Held að þetta sé svo góð kynning fyrir íslenska hestinn ekki bara á heimsvísu heldur bara á allan máta. Finnst þetta bara smáaurar miðað við það sem við fáum á móti.

Vil fá skýrt, erum við að hækka í 600 eða að þetta verði 300 áfram.

Forseti segir, 300 áfram.

Rúnar síðastur á mælendaskrá – svara örstutt eins og Hjörtur bendir á, að hugsa um hinn almenna hestamann, það er ég líka að gera. Viljum geta keypt hesta, reiðkennslu, hestaflutninga. Öll greinin er að njóta ávinnings af sameiginlegu átaki. Varðandi miðbæjarreiðina, þá er HOI algjörlega sammála því, það var hins vegar ákvörðun LH að hætta því en vildum gjarnan vilja að þetta yrði tekið upp aftur. Þessi punktur með Komdu í hestana, er brílljant. Það er þá hægt að keyra markaðsverkefnið Komdu í hestana, sem átak væri það frábært.

Ekki fleira hafa kveðið sér hljóðs og því gengið til atkvæða um þingskjal nr. 2 óbreytt.

Fjöldi greiddra atkvæða: 127. Já sögðu 101, nei sögðu 25 og 1 tók ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Þingskjal nr. 2 samþykkt.

Þingskjal nr. 24 – fjárhagsáætlun LH

Andrea hafði orð fyrir nefndinni.

Fjárhagsáætlunin var yfirfarin, lítur vel út og tók mið af hækkuninni, þ.e. því að þingskjal nr. 1 yrði samþykkt og fjárhagsáætlunin liggur því fyrir með þeirri hækkun inni.

Fjárhagsnefndin gerir ekki athugasemdir við áætlunina að öðru leyti en því að nokkrar tölur voru uppfærðar í hundrað þúsund, þ.e. endi á núllum en ekki krónum. Nefndin óskar eftir því að sjá áætlunina á skjánum, eftir breytingar, áður en nefndin leggur áætlunina fyrir þingið. Áætluninni varpað upp á skjá með þessum breytingum sem fjárhagsnefndin óskaði eftir.

Þingskjal nr. 24 fjárhagsáætlun LH fyrir árin 2021 og 2022 er framlögð og fjárhagsnefnd leggur til að hún verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Orðið gefið laust um fjárhagsáætlun LH.

Dagný – vill bara vera viss um að það sem rætt var í morgun varðandi stuðning LH við Samgöngustofuverkefnið, er það ekki örugglega þarna inni eða þarf að leggja til einhverjar breytingar út af því? Jú, þetta rúmast þar inni, staðfest af forseta.

Ekki fleiri kváðu sér hljóðs og því gengið til atkvæða um fjárhagsáætlun LH fyrir árin 2021 og 2022.

Fjöldi greiddra atkvæða: 116. Já sögðu 109, 7 tóku ekki afstöðu og

Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun LH fyrir árin 2021 og 2022 samþykkt.

Þingskjal nr. 23 – ársreikningar fyrir árin 2018 og 2019

Andrea gerði grein fyrir vinnu fjárhagsnefndar.

Miklar umræður urðu í nefndinni og gerði nefndin hlé á störfum sínum rétt eftir miðnætti kvöldið áður og mættu aftur til fundar kl. 9.00 að morgni 28.11. Nefndin var með fyrirspurnir um ákveðin atriði sem öllum var svo sem svarað en þeim þykja hækkanir á matarkostnaði og fundakostnaði óeðlilegar, eða kannski ekki óeðlilegar heldur eigi ekki að vera svona miklar á milli ára og vilja að það sé endurskoðað og skoðað. Uppskeruhátíðin var einnig rædd, hún er dýr og er mínus á félagið og Andrea nefnir að við þurfum að spyrja okkur hvort við viljum halda uppskeruhátíð eða ekki, viljum við gera hana á einhven annan hátt en við erum að gera? Þetta sé verkefni næstu stjórnar að skoða.

Mikið var rætt um launakostnaðinn sem jókst á milli ára en í því liggur aðallega að það var fjölgað um starfsmenn og má segja að þessi aukastarfsmaður, verkefni viðkomandi hafi verið afreksstefna LH og við hennar störf breyttumst við í að vera B-afrekshópur og við það jukust tekjur eða styrkir til sambandsins gríðarlega mikið og má því segja að það hafi allavega greitt laun starfsmannsins. Nefndin óskar eftir því að þessu starfi verði haldið áfram og reynt verði að koma okkur í A-flokk afreksíþróttafélaga þar sem er þá enn meiri tekjulind fyrir afrekshópana okkar sem eru landsliðin. Það starf sem er verið að vinna þar er gríðarlega gott.

Svo voru þessar hefðbundnu umræður í nefndinni varðandi LM og LH og tengingar þar á milli. Andrea óskaði eftir því að fá ársreikning ársins 2019 á skjáinn.

Andrea segir að við yfirferð þessara reikninga hafi komið í ljós að það er margt ekki í lagi í ársreikningnum og hefur sennilega ekki verið í lagi í einhvern tíma. Aðallega eignarhlutur LH í Landsmóti sem sé ofreiknaður að þeirra mati og sendu þau reikningana til stjórnar kvöldið áður. Vísuðu reikningunum til stjórnar og samkvæmt upplýsingum frá gjaldkera næsta morgun þegar nefndin hóf störf þá hafði stjórn ekki komið saman og ekki fjallað um þær ábendingar eða breytingar sem nefndin hefði viljað sjá á ársreikningunum.

Andrea las yfirlýsingu fjárhagsnefndar ársins 2020, sem hljóðar svo:

„Fjárhagsnefnd 62. landsþings Landssambands hestamannafélaga getur ekki lagt það til að ársreikningar félagsins fyrir árin 2018 og 2019 verði samþykktir óbreyttir.

Við tökum það fram að við teljum ekkert óheiðarlegt eigi sér stað í reikningum félagsins.

Eignir félagsins eru ofmetnar að upphæð 35.016.187 krónur sem er krafa í LM ehf. upp á 17.000.000 kr. og eignarmat uppá 18.016.187. Við leggjum til að krafa LH á LM verði afskrifuð

og hluturinn færður niður. Einnig þarf að afskrifa eignarhlut LH í Eiðföxa að upphæð 500.000 kr.

Það vantar í reikninginn 2019 tekjur að upphæð 500.000 frá Félagi hrossabænda vegna Uppskeruhátíðar 2019 sem kæmu á móti gjöldum vegna hátíðarinnar.

Ferðakostnaður stjórnar er ranglega lyklaður undir Afrekshóp, æfingabúðir og fræðslu í stað skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar að upphæð 1.286.001 og fer þá kostnaður skrifstofu og stjórnunar úr 10.863.869 milljónum í 12.149.870 kr. og lækkar því kostnaðurinn fyrir afrekshóp, æfingabúðir og fræðslu úr 11.719.442 í 10.433.441.

Einnig vantar samstæðuuppgjör LH þar sem reikningar LM eru teknir inní. Einnig vantar útskýringar við reikninga Landsmóts, hvers vegna engar tekjur eru skráðar vegna Worldfengs fyrir árið 2019, en voru 1.848.116 krónur árið 2018.

Við leggjum til að fyrir næsta þing muni reikningar LH og félaga þess verða lagðir fram að lágmarki viku fyrir þing svo þingfulltrúar geti kynnt sér reikningana. Við leggjum einnig til að þetta verði sett í lög félagsins. Við leggjum til að reikningar Landssambands hestamanna fari hér eftir í löggilta endurskoðun ár hvert.,,

Niðurstaða þessi var samþykkt með 8 atkvæðum, 1 var á móti og 2 sátu hjá.

Ef niðurstaðan verði sú að þingið hafni reikningunum þá er auðvelt að halda aukaping í dag þar sem að það yrði einnig rafrænt og allir geta settið það þing heima hjá sér og greitt atkvæði með eða á móti reikningunum án þess að það sé mikill tilkostnaður fyrir samtökin að ganga í það.

Andrea þakkar fyrir sig.

Forseti þakkar Andreu fyrir framsöguna og greinir frá því að Ólafur Þórisson, Lárus Ástmar og Stefán Logi hafi beðið um orðið, opið fyrir mælendaskrá.

Verið að fjalla um ársreikninga 2018 og 2019 og vekur þingforseti athygli á því að ársreikningarnir verða bornir upp í sitthvoru lagi.

Ólafur Þórisson – fórum yfir þessi mál í fjárhagsnefnd í gærkvöldi, heldur að þetta sé í fyrsta sinn sem fjárhagsnefnd sé lengur að störfum en keppnisnefnd. Allt voru þetta mjög góðar ábendingar og ef við förum yfir þessi atriði sem eru í þessari ályktun þá er eignarhlutur í Eiðföxa upp á 500.000 í efnahagsreikningi og það hefur ekki áhrif á rekstrarreikning eða niðurstöðu reksturs sambandsins. En það er rétt metið að það þarf að laga þetta, því þetta hefur hangið þarna inni í mjög langan tíma, sennilega hlutur í Eiðföxa sem var hér í denn. Af hverju það hefur ekki verið lagað, það get ég ekki svarað fyrir, gleymst eða ekki gengið nógu hart á eftir því að afskrifa það.

Ferðakostnaður stjórnar, undir þeim lið sem Andrea benti á, kynning fræðsla og útbreiðsla. Ferðakostnaður uppá 1200þús árið 2018 og árið 2019 upp á 1400þúsund. Þessi liður er

ferðakostnaður á stjórnarmönnum sem hafa td farið út, hluti er þegar farið var til Svíþjóðar að kynna sportfeng, fræðsluerindi og kostnaður í því. Hluti af þessari tölu er réttlæt看lega akstur stjórnarmanna á stjórnarfundi, og ef fólk vill skipta þessu upp þá er það bara gott og blessað að það sé bara alveg sér, akstur stjórnarmanna á stjórnarfundi og þá á hann að bókast undir skrifstofu og stjórnarkostnað, þannig að öll þessi tala 1200þúsund 2018 og 1400 eða tæp 1500 þúsund 2019 er þetta samanlagt, þannig að hluti af þessu á að vera undir kynnding, fræðsla og útbreiðsla en kannski réttlæt看legt að hluti af þessu, þ.e.a.s. akstur stjórnarmanna á stjórnarfundi fari undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Miðað við það að nánast öll stjórnin er úti á landi og kemur til reykjavíkur til að funda þá er kostnaður mjög lár, því það er langt í frá að allir og mjög misjafnt er hvað menn innheimta og þá hvort að þeir innheimti allar ferðir eða ekki. Þá var búið að segja frá því líka að þó að við skiptum þessari tölu í tvennt þá hefur það ekki áhrif á endanlega niðurstöðu rekstrarreiknings og útkoman á rekstrarreikningi er sú sama.

Varðandi hlut Félags hrossabænda í uppskeruhátíð 2019. Það er rétt að FH og LH halda hátíðina saman og sá háttur hefur verið hafður á að LH borgar alla hátíðina og svo borgar félag hrossabænda sinn hlut í hátíðinni. Hlutur FH 2019 eru tæp 500þús og hefur fyrirsést að setja það inn sem kröfu á ársreikning 2019. Ff það hefði verið gert, þá hefði rekstur sambandsins hækkað úr 2,5 milljón í hagnað í 3 milljónir.

Þessi tala er í 8 mánaða uppgjöri 2020, sú tala er komin inn, því hún var borguð eftir áramót og því færð á árið 2020 og kemur inn þar sem tekjur. Ef við hefðum sett þetta sem kröfu 2019, þá hefði hagnaður ársins hækkað um þessa tölu. Kemur inn sem aukatekjur fyrir 2020.

Varðandi samstæðureikninga. Það er engin krafa um samstæðureikninga þegar talað er um félagasamtök. Því félagasamtök hafa ekki framtalsskyldu ársreikninga til skattstjóra. Þannig að það er engin ástæða eða krafa um samstæðureikninga og hefur ekki verið hingað til.

Þessi atriði sem búið er að benda á, hafa ekki bein áhrif nema hlutur félags hrossabænda, á rekstur félagsins og afkomu 2019.

Svo er rætt um hlut LH í LM. LH á 2/3 í LM á móti Félagi hrossabænda. Félag hrossabænda fékk hlut BÍ um áramót 2018/2019 þannig að Félag hrossabænda tók við hlut BÍ.

Að segja að að LM ehf. sé ekki 18mkr virði fyrirtæki, get ég ekki sagt, því ég hef ekki kunnáttu til að meta LM ehf. Það sem ég veit er að LM ehf. á öll myndbönd og upptökur af landsmótum frá upphafi, sem fara inn í worldfeng og ég held að verðmæti þessara myndbanda séu töluverð og að hluta til ómetanleg fyrir greinina í sögulegu samhengi. Þannig að það að afskrifa eignarhlut í þessu fyrirtæki finnst mér ekki alveg rétt.

Skuldin sem er á milli LM og LH hefur magnast upp og hefur átt sína sögu. Eins og staðan er á LM í dag þá skuldar félagið engum nema eigendum sínum, sem er félag hrossabænda 1/3 og LH 2/3. Sú tala um síðustu áramót var rúmar 17mk. LM ehf er að fá tekjur af landsmótum mv landsmótssamninga þannig að það koma inn tekjur þar. Útgjöld í LM eru nánast engin og starfsemin í algjöru lágmarki gagnvart því nema þetta er utanumhald utan um, og sameiningartákn milli Félags hrossabænda og LH og svo á það myndböndin. LM ehf fær líka á hverju ári fjárhæð frá RML eftir að BÍ færði alla sína tölvuvinnslu yfir í RML, sem gerðist við

síðustu áramót. Það sem hefur gerst, þegar þessi skipti fóru fram, þá hefur upphæð sem átti að koma inn fyrir myndbönd 2019 virðist hafa dottið út 2019, en hafa verið innheimt 2020 og hafa komið inn 2020 og mistökin sem voru gerð og RML vildi ekki laga var að RML sendi LH upphæð sem átti að fara til LM.

Ástæðan er að þetta átti að fara til LM vegna þess að LM á myndböndin og fær tekjur af myndböndunum en ekki LH. LH getur svo fengið pening frá LM þegar LM borgar niður sínar skuldir við LH.

Svo erum við náttúrulega að tala ársreikninga LH á þessu þingi en ekki ársreikninga LM.

Staðan á bankabókum sambandsins í dag er um 25mkr og hefur sjaldan verið meiri peningur þar inni. Ólafur segir að síðan hann tók við hefur aldrei þurft að taka yfirdrátt sem þurfti að gera áður þannig að rekstur sambandsins er í góðu lagi.

Að meta LM sem fyrirtæki held ég að þurfi töluverða vinnu til og ekki hægt að afskrifa það með einu pennastriki. Það finnst mér ekki rétt.

Ólafur segist vona að þetta hafi svarað þessum spurningum og útskýrt það sem fjárhagsnefnd var að tala um, en eins og kemur fram þá var hann ekki þessari ályktun fjárhagsnefndar sem hún sendi frá sér. Ólafur tekur að samþykkja eigi reikninga 2018 og 2019 en segir að það megi með réttu senda inn ábendingu til nýrrar stjórnar um að fara í þau mál, hvers virði er LM ehf. og hvað skal gera við það.

Ólafur þakkar fyrir sig.

Þingforseti þakkar Ólafi fyrir hans framlag og gefur orðið til Lárusar Ástmars.

Lárus Ástmar – byrjar á því að þakka gjalddkera fyrir sín skýru svör sem honum skilst að hafi komið öll fram í umræðunum á fundinum.

Tekur fram að þar sem verið er að tala um ferðakostnað stjórnar að sú ákvörðun var tekin í tíð m.a. þeirra fjögurra sem sátu í fjárhagsnefnd, að stjórnarmenn fá greiddar 60 krónur, heilar 60 á hvern kílómetur sem þeir keyra sem er hálft gjald miðað við það sem gefið er upp af ríkistaxta svona cirka. Nefnir að Andrea geti líka sagt til um það að þegar hún flaug hérna suður á fundi þá borguðum fyrir hana flugið og hennar beið líka bílaleigubíll á flugvellinum. Það er mjög eðlilegt að LH greiði fyrir allavega útlagðan kostnað.

En hvað er hér um að ræða? Það liggur hérna fyrir tillaga Fjárhagsnefndar um að fella reikninga 2018 og 2019. Þetta er eitt það undarlegasta sem ég hef séð í mínu starfi sem formaður Landssambands hestamannafélaga í 6 ár.

Nefndin leggur til að reikningarnir 2018 og 2019 verði felldir. Þetta er mjög alvarlegt. Ég sem formaður stjórnar LH og stjórnar LM þennan tíma, ég tek svona tillögu alvarlega. Þetta er áfellsdómur yfir mjög marga sem starfa hér í sambandinu, en það er Fjármálastjórinn sem er fyrirtæki sem við buðum út reikningana í tíð fyrri stjórnar og Fjármálastjórinn, sem er hún Berglind Ragnarsdóttir sem tekur að sér bókhald fyrir stór og smá fyrirtæki hefur unnið og séð

um bókhaldið fyrir okkur þangað til um síðustu áramót. Við spöruðum með því á sínum tíma að útvista bókhaldinu, um 2-3 milljónir.

Lárusi skilst að í umræðum í nefndinni hafi nefndarmenn vitnað meðal annars í hagfræðinga Brims sem fóru yfir reikningana í nótt eða gærkvöldi. Einnig var vitnað í löggilta endurskoðendur norður á Akureyri.

Ég vil áður en lengra er haldið fá aðeins að heyra hvað þarna var um að vera, hvernig þessir hagfræðingar og löggiltu endurskoðendur tóku reikningana til umfjöllunar. Hvað þeir höfðu um þá að segja, því það hlýtur að vera réttur minn og okkar að fá innsýn inn í mat sérfræðinga sem vitnað er í í umræðum nefndanna. Ég ætla því aðeins að fá að hinkra núna og fá Andreu eða einhvern úr nefndinni.

Þingforseti tekur til máls og segir að umræðan sé komin á alvarlegt stig og að nú sé m.a. rétt um það, hvað með að vera stuttur. Segist meta það svo að þegar lagt er til að ársreikningar séu ekki samþykktir að þeir sem leggja þá fram til samþykktar undirritaða af skoðunarmönnum að þeir hafi fullan rétt til að verja sig. Segir að Dagbjartur Halldórsson hafi beðið um orðið og muni tala hér á eftir Stefáni Loga sem er næstur á mælendaskrá. Þingforseti spyr Andreu hvort hún vilji tjá sig um fyrirspurn Lárusar.

Andrea segist ekki ætla að tjá sig, segir að Dagbjartur muni svara þessu með endurskoðendurna hér á eftir. Ítrekar að ekki sé verið að tala um ferðakostnað stjórnar, sat sjálf í stjórn og veit að það er greitt fyrir stjórnarmenn. Ekki verið að tala um krónur og aura, en þetta er ekki rétt lyklað um það snýst þetta.

Lárus fær því orðið aftur og segir það verða fróðlegt að heyra af hagfræðingum Brims og þeirra sem gáfu okkur tíma sinn til að fara fyrir reikningana. Það verður spennandi á eftir, segist hlakka til.

Víkjum þá efnislega að þessari stóruandlegu niðurstöðu nefndarinnar.

Þau byrja á því að segja að það er ekkert óeðlilegt, það er nú gott. En svo byrjar nú sagan.

Eignir félagsins eru ofmetnar að lítilla 35 milljóna. Það er talsverður peningur. Þar er verið að tala um kröfu í LM upp á 17 milljónir og eignarmat á LM upp á 18 milljónir. Þessu vill Fjárhagsnefndin henda. Vill henda þessu frá Landssambandinu, þrjátíu og fimm milljónum. Þetta er eitt það algalnasta sem ég hef heyrt. Þetta er ótrúlega óábyrgt. Þetta er mjög sérstakt þar sem að í nefndinni sátu 4 fyrrverandi stjórnarmenn og ég geri þá kröfu í svona máli að fólk kynni sér um hvað er verið að ræða.

Þá skulum við byrja á þessum 17 milljónum, skuld LM við LH sem nefndin nefnir og vill henda út, út með þetta. LH á bara að losa sig við þessar 17 milljónir. Það eru nú þegar að koma árlegar tekjur til LM, það er nú þegar búið að skrifa undir þrjá landsmótssamninga sem munu gefa allt að 21 milljón. Það er von að menn vilji henda þessu.

Þá skulum við snúa okkur að eignarmatinu upp á 18 milljónir. Þessu vill Fjárhagsnefndin líka henda. Út með þetta. LH hefur ekkert að gera með þessar 18 milljónir. Þessi nefnd hefur greinilega ekki kynnt sér hvað er verið að fjalla um í LM. Þetta er, eins og ég hef sagt áður, ótrúleg framsetning. Eigum við að telja upp öll myndböndin sem LM á? Það eru landsmótin

2000-2018, 10 landsmót. Það eru óklipptu landsmótin 1954 til 1986, 14 landsmót. Þarna erum við komin í 24 landsmót. Fjórðungsmót 2017, landssýningin frá því í sumar og 170 kynbótahross sem við keyptum í sumar, LM. Hrikalega óábyrgt væntanlega af okkur.

En hvers virði eru öll þessi myndbönd? Erum við eitthvað bættari með að segja að þau kosti 20 milljónir, 30 milljónir, 40 milljónir eða 5 milljónir eða ekki neitt eins og nefndin vill gera? Þetta er ómetanlegt.

Það er ómetanlegt fyrir okkur sem grein að hafa fengið þetta inn á worldfeng, fá að njóta þess, fá tekjur inn á þetta og þarna munum við safna okkar landsmótum og sækja fram. En þetta segir fjárhagsnefndin að kosti ekki neitt. Við erum búin að kaupa myndbönd, hugsiði ykkur. Það var nú gert meira að segja í tíð fyrri stjórnar. Við erum búin að fá styrki upp á, óábyrgt hjá mér að nefna það en ég held fyrir 6 milljónir, til að kaupa þetta. Þá erum við komin í 6 milljónir allavega og þá eigum við eftir að taka öll landsmótin sem LM átti. Get sagt ykkur það að það er dapurlegt að þurfa að fjalla um svona á síðustu metrum á 6 ára formannsferli. Ég er mjög stoltur af stöðu LM og ég er mjög stoltur af stöðu LH.

Þegar við komum að, ég og Óli og sumir af þessum stjórnarmönnum sem voru í þessari nefnd, þá var skuld á LM upp á 11 milljónir. Það er búið að greiða hana. Það er búið að fjárfesta í þessum myndböndum, setja myndböndin inn á Worldfenginn og þar mun það nýtast okkur inn í framtíðina.

Þá er kannski bara fínt að nota tækifærið og tala almenn um bókhaldið, það var löggiltur endurskoðandi sem var fyrst með það 2014, við spöruðum 2-3 milljónir með því að skipta því út.

Kæru þingfulltrúar. Staðan er nefnilega þannig að rekstur á LH er í frábærum málum. Núna eins og Óli kom inn á, eru 25 milljónir handbært fé, veit ekki hvort einhver getur bent mér á að það hafi einhverntímann verið betra. Og það er fullt af fólki sem leggur mikið á sig til að svona sé og þakka ég því fyrir og það á ekki skilið að svona sé tekið á málum. Það er búið að reka þetta með hagnaði í nokkur ár, og LM er skuldlaust eins og ég áður sagði.

Þetta er það sem þingfulltrúar þurfa að taka tillit til. Það er klárlega eitthvað sem má laga eins og Óli kemur inná, og fyrri stjórn og næsta stjórn mun taka það væntanlega til athugunar og laga en ef þið, þingfulltrúar góðir ætlið að samþykkja það að fella reikningana á þeim forsendum að það eigi að henda út 35 milljóna eign frá ykkur, þá er ég hissa á hestamönnum á Íslandi í dag. Takk.

Þingforseti þakkaði Lárusi fyrir sitt innlegg og næstur á mælendaskrá er Stefán Logi og honum gefið orðið.

Stefán Logi – hefur setið í stjórn LH síðustu tvö ár. Það hefur verið mikill heiður og á köflum tekið á og tekið tíma, allt í fína með það, það er hluti af því að vera í félagsmálum. Hef töluvert góða reynslu af rekstri fyrirtækja. Er búin að vera framkvæmdastjóri í stórum fyrirtækjum í á þriðja áratug og einnig mikið í félagsmálum og búinn að fara í gegnum mörg svona þing, hef

verið á nokkrum LH þingum, í fjárhagsnefnd og farið í gegnum svona vinnu eins og fjárhagsnefnd var að fara í gegnum og tel mig nú þekkja ágætlega til.

Það er ágætt og í raun grundvallaratriði það sem kemur fram í bókun fjárhagsnefndar, að ekkert óheiðarlegt eigi sér stað í reikningum félagsins og það er nákvæmlega það sem fjárhagsnefnd er í rauninni og á að álykta um þegar verið er að tala um hvort eigi að fella eða samþykkja ársreikninginn. Ársreikningurinn er til þess að skýra út fyrir landssambandinu eða félögunum og fulltrúunum hvort allt hafi verið með eðlilegum hætti í rekstri sambandsins á þessum tveimur árum. Það eru engar, nákvæmlega engar forsendur til að fella ársreikning þegar svo er, það eru nákvæmlega engar forsendur. Til að fella ársreikninga, þá þarf að hafa átt sér stað brot á samþykktum sambandsins eða ólögleg ráðstöfun á fjármunum sambandsins, það er alveg dagljóst, það væri ástæða til þess. Ef LH þing, þingfulltrúar ætla að fella þessa ársreikninga þá hlýtur að kalla á lögreglurannsókn eða eitthvað annað, ef það á í rauninni að ganga fram með þeim hætti. Það finnst mér reyndar ákaflega ólíklegt að þingheimur láti yfir sig ganga.

Tel engin rök fyrir því og þeirri staðhæfingu að eignir séu ofmetnar um 35 milljónir vegna eignarhluta og skuldar LM. Vill benda á það að stjórnin hefur engar heimildir að hans áliti, til að afskrifa þessa fjármuni bara upp á sitt einsdæmi. Stjórnin hefur ekki heimild nema fyrir liggi samþykki þings LH og það hefði þá verið réttara af Fjárhagsnefnd að koma með ályktun um það að það verði gengið í það að endurmeta og skoða eignarhaldið og þessa skuld og í framhaldi af því verði tekin ákvörðun og flutt tillaga á LH þingi um að afskrifa verðmæti upp á 35 milljónir króna.

Það væri algjört stílbrot og ég veit ekki hvort það væri hægt að láta það viðgangast í sjálfu sér að það yrði bara gert með ályktun að fella út og breyta bara efnahagsreikningi landssamtaka um 35 milljónir út af þessum hugleiðingum Fjárhagsnefndar.

Bendi á það ágætu þingfulltrúar að LM er hlutafélag sem skráð er í hlutafélagaskrá ríkisins. Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með öllum eignarhaldsfélögum og það liggur alveg ljóst fyrir að ríkisskattstjóri hefur engar athugasemdir gert við þetta félag, en ber að gera athugasemd ef það er félag sem á að vera afskrifað eða gjaldþrota, þannig að þá væri ástæða til að afskrifa þetta. Hygg að þeir sem þekkja til reksturs fyrirtækja hljóta að kannast við það.

Bendi líka á það, í lögum LH í grein, 5.1 er skýrt tekið fram að gjöld LH afmarkist af tvennu, í fyrsta lagi fjárhagsháætlun, þannig að ef það hefur verið samþykkt á síðasta LH þingi að afskrifa hana að hluta og gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun þá hefði það verið eðlilegt að það væri gert. Hins vegar afmarkast gjöld LH af samþykktum stjórnar. Stjórnin hefur ekki tekið það til ákvörðunar að afskrifa þennan hluta enda telur í rauninni stjórnin að ekki sé ástæða til þess að afskrifa hlutinn. En það er alveg sjálfsagt mál að taka ábendingum eins og þessum frá Fjárhagsnefndinni og láta fara fram mat á þessum eignarhluta ef það er vilji þingfulltrúa. En að ganga svo langt að fara að fella ársreikninga félagsins það setur okkur í algjört uppnám og ég vona að þingfulltrúar átti sig á því hversu alvarleg þessi tillaga er. Fullyrði það að þessir átta sem samþykktu þetta í fjárhagsnefnd, þeir átta sig ekki á því. Því miður. Ég bara get ekki skilið það að þeir átta sig á því. Það hlýtur að vera eitthvað annað í gangi hérna. Það hljóta að vera aðrar hvatir að baki þessari tillögu Fjárhagsnefndar, að meirihluta.

Það er verið að tala um í þessari greinargerð að samstæðuuppgjör séu ekki gerð. Þarna er bara verið að rugla saman einkahlutafélögum og félagasamtökum. Samstæðureikningar eru yfirleitt ekki gerðir í félagasamtökum nema það sé sérstaklega kveðið á um það. Bendi á það að Landssamband hestamannafélaga er ekki framtalsskylt til RSK og þar af leiðandi eru engar kvaðir eða reglur um að það eigi að halda einhverja samstæðureikninga um þetta. Það kemur hins vegar fram í reikningum LH eignarhluturinn í LM og það er bara samstæðureikningurinn þar á milli. Það er nú ekki flóknara en það. Veit ekki hvaða ráðgjafi hefur gefið upp þennan punkt en væri til í að ræða málin við þann ráðgjafa.

Það hefur komið fram hér áður, hjá fyrri framsögumönnum, að reikningar LM eru ekki til umræðu eða afgreiðslu á þessu þingi því það er annað félagsform um það, einkahlutafélag. Það var bara samþykkt á sínum tíma þegar þetta félag var stofnað, og það er örugglega fyrir mína tíð meira að segja, áður en ég fór að mæta á þing.

Varðandi þetta ákvæði um löggilta endurskoðendur, þá er búið að fara ágætlega yfir það, ef við viljum eyða 2-3 milljónum meira á ári þá er það sjálfsagt mál, ef það er krafa þingfulltrúa að það verði löggiltir endurskoðendur, en ég held að besta leiðin væri þá sú að finna löggilta endurskoðendur innan félagsins sem myndu gera þetta fyrir okkur á litlu gjaldi, því ég veit að löggiltur endurskoðandi sem tekur þetta í gegnum sína stofu hann hefur ákveðnar skyldur og þær kosta, það þarf að fara eftir öllum reglum og við erum, eins og ég tók fram áðan, ekki framtalsskylt fyrirtæki.

Vil líka benda á því það er verði að setja þarna varðandi það að það hafi ekki verið færð þessi skuldbinding varðandi þessa uppskeruhátíð hjá Félagi hrossabænda, það er engin kvöð um það í rauninni heldur hjá félagasamtökum, en alveg sjálfsagt að gera þessa athugasemd og sjálfsagt að hafa það í huga en það er í rauninni, í félagasamtökum eðlilegt að gjaldfæra þegar gjöld eru greidd og tekjufæra þegar tekjur koma inn og þessar tekjur koma ekki inn fyrr en árið 2020 og þessar tekjur koma fram í árshlutauppgjöri 2020.

Þingfulltrúar góðir, ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn ætli að fara að fella ársreikninga félagsins þegar fjárhagurinn er með allra besta móti og alveg klárt mál að reksturinn hefur ekki hlotið neinar athugasemdir. Takk fyrir.

Þingforseti þakkaði Stefáni Loga fyrir sitt framlag og gaf orðið yfir á Dagbjart.

Dagbjartur Halldórsson – þegar ég fór að lesa ársreikningana 2018 og 2019, var með fyrirspurn þegar þeir voru kynntir, þá var þar viðskiptakrafa upp á 17 milljónir og ég gerði fyrirspurn um það hvaðan hún kæmi og hvernig hún stæði.

Ástæðan fyrir því að ég fór að kafa ofan í þetta er einfaldlega sú að þó að LH séu félagasamtök þá þurfa þau að birta ársreikninga, og ársreikningar eru gerðir með ákveðnum hætti, það eru ákveðnar reglur um það hvernig þú setur fram ársreikning.

Hann skal t.d. gefa glögga mynd af rekstri félagasamtakanna á tímabilinu sem hann fjallar um og hann skal líka gefa greinargóða stöðu á efnahag í lok tímabilsins. Það eru skoðunarmenn,

sem kvitta undir þennan ársreikning bæði 2019 og 2018, þar sem stendur að álit þeirra sé að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins og efnahag þess 31/12/2019 og sé í samræmi við lög og samþykktir sambandsins og góðar reikningsskilavenjur.

Það er alveg ljóst að góð reikningsskilavenja hefur verið brotin.

Tek skýrt fram að það er hægt að hafna ársreikningi, hvort sem rekstur viðkomandi félagasamtaka eins og LH, sé í góðu formi eða ekki. Það að bera það upp að fjárhagurinn sé sterkur og það séu 25 milljónir inni á bankabók, það réttlætir það ekki að það sé hægt að rangfæra heildareignir í félaginu, í landssamtökum. Þetta er bara af og frá.

Það háttar þannig til að þegar félagasamtök eru að gera uppgjör, þá reyna þau að gera greinargóð uppgjör. Það væri hægt að telja til tekna, vitna í ársreikninginn, tekjur lh 2019 voru 96,5mkr gjöldin 93,9. Er þetta ekki bara nóg? Skiptir einhverju máli hvaða tekjur þetta voru, hvaðan þær koma tekjurnar eða skiptir einhverju máli í hvað þessar 94 milljónir fóru? Það er enginn ásaka einn eða neinn um svindl eða svínarí í þessu. Það er verið að fara fram á það að þetta séu réttar upplýsingar. Að við fáum upplýsingar um það hvaðan tekjurnar koma og í hvað þeim er eytt. Ég skil ekki þennan málflutning sem menn eru að fara hér fram með á undan mér. Það er líka þannig að í félagasamtökum sem telja um, eftir því sem fram hefur komið hér nokkrum sinnum, 12.500 manns og kemur þeim ekkert við hvað er að gerast þarna? Ég bara spyr. Það er líka þannig í góðri reikningsskilavenju að þó að 500 þúsund í tæplega 100 milljón króna veltu skipti ekki höfuðmáli þá skal telja tekjur og gjöld fram á því ári sem þau tilheyra.

Ástæðan fyrir því að ég fór að spyrja um það, út í efnahag reikningsins, var það að það blasti við í honum að í 68 milljón króna eignum þá voru 30-35 milljónir, þínu ógreinilegt, en ég er búin að sjá það með því að skoða, því ég bað um reikningana, ég bað um að fá að sjá hvað er á bak við þetta. Ég tel ekkert athugavert við það. Þá kemur í ljós að helmingurinn, meira en helmingur eigna félagsins eru bundnar eða taldar vera eignir í dótturfélagi sem félagið á 60% í – er þá óeðlilegt að spyrja um ársreikning þess félags? Þegar það er verið að fjalla um meira en 50% eigna. Nei, það er ekki óeðlilegt. Það var það sem ég gerði og við fengum þessar upplýsingar. Það er búið að koma hér fram allskonar útskýringar sem mig langar að fara hérna aðeins yfir.

Það kom fram hérna í máli stjórnarmanna sem töluðu hér á undan að það væri góður rekstur á LM félaginu. Ég hef undir höndum ársreikning félagsins 2019 og til samanburðar 2018.

Rekstrartekjur LM 2019 voru 0 krónur, rekstrargjöld samtals voru 8.543 þúsund og það er verið að tala um það að það séu engin gjöld í þessu félagi. Það kemur líka fram að skuld LM við LH hækkaði um 3 mkr. Skýringin var að þetta var framlag LH til LM. Á móti LH á Félag hrossabænda 33% í LM. Á sama tíma og LH leggur félaginu til 3mkr þá er verið að greiða niður kröfu til Félags hrossabænda. Þá vil ég gjarnan spyrja, er þá samkomulag um það að LH ætli að taka á sig allan kostnað og þegar illa gengur í LH en félag hrossabænda sitji hjá og fái jafnvel greiddar sínar kröfur.

Svo er verið að tala um það að þessi myndbönd séu mikils virði. Gat ekki betur heyrt en það hafi verið nefndar tölur. Ef ég man rétt þá var verið að nefna einhverjar 20-30 milljónir eða

jafnvel ómetanlegt. Þetta getur verið ómetanlegt í sögulegu gildi en hvers virði er þetta vídeó. Ef verið er að tala um það að LH ætli einhvern tímann að greiða niður þessa kröfu eða það sé réttlætanlegt að færa eignir Landssambands hestamanna, að færa eignina í LH upp á tæpar 20 milljónir eða 18 milljónir og það koma engar tekjur af þessum eignum, þá er þetta alveg galin hugmynd. Gjörsamlega galin hugmynd.

Get ekki látið líða hjá að þegar talað er um það að LM sé skoðað af ríkisskattstjóra, minni þann á sem talaði um það, að hann hafi líka upplýst okkur um það að þetta sé ekki framtalsskylt félag. Hvenær hefur ríkisskattstjóri skoðað þessa reikninga ef þetta er ekki framtalsskylt? Og þetta er félagsskapur. Það hefur orðið hérna gríðarlegur misskilningur og stjórn LH, fráfarandi stjórn tók því illa upp að við gerðum athugasemdir við þessa reikninga. Ég ætla að benda á það að við buðum það í gærkvöldi að stjórn myndi fjalla aðeins um þetta og ræða málið og skýra einhverja stöðu en hún kaus að gera það ekki, bara alls ekki. Hún kaus að leggja þessa ársreikninga hér fyrir og þetta snýst ekkert um rekstur, hvort hann er góður eða vondur, þetta snýst um það hvort þú ert leggja réttar tölur á borð fyrir félagasamtök sem telja 12.500 manns.

Það er líka rangt að Fjárhagsnefndin hafi talað um það að það ætti að afskrifa þetta um 35 milljónir. Það er verið að tala um það að það sé samkvæmt góðri reikningsskilavenju, ég ætla að vona að núverandi stjórn og allar stjórnir í framtíðinni, muni leggja fram reikningana sína skv. góðri reikningsskilavenju en ekki einhverju allt öðru.

Það er verið að tala um það í þessum athugasemdum að samkvæmt góðri reikningsskilavenju miðað við hvernig ársreikningar LM eru og hafa verið undanfarin ár, því þessi skuld er ekki ný, hún er búin að vera býsna lengi í þessum hæðum. Af hverju halda menn að þetta gjörbreytist og muni ganga til baka bara allt í einu. Ég myndi gjarnan vilja fá skýringar á því. En þar sem þetta snýst um það að samkvæmt góðri reikningsskilavenju þá er ekki endilega verið að tala um það að það eigi að afskrifa allt hlutfé sem er eignfært í eignaliðnum Eignarhlutir í öðrum félögum, niður í núll. Við vildum fá umræðu um það hvað ætti að færa þetta mikið niður en henni var algjörlega hafnað og ef menn vilja taka þessa umræðu hér þá er það bara allt í góðu lagi. Og að bera, ég býst að það sé verið að bera mér það á brigsli að það sé einhver annarlegur tilgangur eða einhver önnur sjónarmið sem ráða því af hverju ég fór fram með þessar spurningar. Ég ætla bara að benda mönnum á það að ég er lærður endurskoðandi og þessi reikningur sem lagður var hér fram hann samræmist ekki góðum reikningsskilavenjum. Ég skal líka taka það fram að ég þekki engan í stjórn LH persónulega. Ég tók að mér að vera formaður Léttis fyrir stuttu síðan og hef lítið skipt mér af félagsmálum en mér gjörsamlega ofbauð þau svör við spurningum sem voru lagðar fyrir gjaldkerann í gær þegar verið var að spyrja um strangheiðarlega hluti og það var ekki verið að væna einn eða neinn um neitt. Ég hef lokið máli mínu í bili, takk fyrir.

Þingforseti tekur til máls, þakkar Dagbjarti fyrir sitt framlag og segir að menn hafi fengið að tjá sig núna í löngu máli og að ef einhverjir ætli að tjá sig í framhaldinu þá eru viðkomandi beðnir um að vera stuttorðir.

Þingforseti vill geta þess, svo það valdi ekki misskilningi, að Fjárhagsnefndin vísaði reikningunum til stjórnar yfir nótt en nefndin hefur ekki vald til þess að vísa til stjórnar, það

er bara þingið sem hefur það vald en nefndin getur leitað eftir áliti og upplýsingum og svo framvegis.

Orðið áfram laust um ársreikninga 2018 og 2019.

Lárus Ástmar biður aftur um orðið – vil aðeins bregðast við orðum Dagbjartar þar sem þetta snýst orðið allt í einu um það að það hafi ekki verið talað um að það ætti að afskrifa þetta allt í einu. Það stendur bara klárt í þessu plaggi sem meirihluti nefndarinnar samþykkir: „Eigur LH eru ofmetnar að 35 milljónum.“ Hvað þýðir þetta? Nú er ég ekki endurskoðandi eins og Dagbjartur en fyrir mér þá þýðir þetta bara það að þær séu bara ofmetnar um 35 milljónir eins og tekið er fram í þessu plaggi. Það er ekkert flóknara en það. Varðandi það sem Dagbjartur segir, og Stefán Logi sem getur nú mönnum best svarað fyrir sig, þá ætla ég nú samt að taka það fram að þú misskilur þetta það sem sagt var hérna, LH er ekki framtalsskylt og það er það sem kom fram. Að öðru leyti vil ég ítreka og hvetja ykkur til að kynna ykkur, sum ykkar þekkja söguna og vita hvernig staðan er. Við munum að sjálfsögðu, allir sem vinna hérna, taka þessum ábendingum og bæta sig þar sem eðlilegt er að bæta en ég hvet þingfulltrúa til að samþykkja framlagða ársreikninga.

Þingforseti tekur til máls og segir orðið enn laust um ársreikninga 2018 og 2019, hér hafi komið fram alls konar ábendingar og tilmæli og nefndin leggur til m.a. að ársreikningar verði birtir viku fyrr og þetta verði sett í lög og svo framvegis. Þetta er ábending sem verður væntanlega tekin fyrir innan stjórnar, þetta er ekki til afgreiðslu á þinginu því þetta eru lagabreytingar og það verður ekki tekið inn nema með afbrigðum.

Ekki fleiri kveða sér hljóðs og því gengið til atkvæða um ársreikning 2018.

Reikningarnir voru sendir til þingfulltrúa með rafrænum hætti sl. fimmtudag 26. nóvember. Gengið til kosninga, ríflegur tími gefinn fyrir þessa kosningu vegna hökts á netsambandi.

Fjöldi greiddra atkvæða: 146. Já sögðu 76, nei sögðu 58 og 12 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Ársreikningur fyrir árið 2018 samþykktur.

Þá er borinn undir atkvæði ársreikningur ársins 2019.

Fjöldi greiddra atkvæða: 146. Já sögðu 73, nei sögðu 64 og 9 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Ársreikningur fyrir árið 2019 samþykktur.

Andrea þakkar nefndinni fyrir góð störf og þinginu fyrir góð störf einnig.

Forseti ber þá upp lög og reglugerðir sambandsins í heild sinni með áorðnum breytingum.

Fjöldi greiddra atkvæða: 142. Já sögðu 116, nei sögðu 16 og 10 tóku ekki afstöðu.

Afgreiðsla: Lög og reglugerðir sambandsins með áorðnum breytingum samþykkt.

Forseti þakkar þingfulltrúum, þakkar Berglindi og Hjörný fyrir samstarfið, þær eru forkar. Gaman að sjá hvernig fólk vinnur hér í þessum aðstæðum.

Gerum nú 5 mín hlé og svo tekur Valdimar við fundinum.

Valdimar tók aftur við fundinum og byrjaði á því að hrósa þingfulltrúum og nefndarfólki fyrir skörunglega vinnu.

Tekur fram að liðurinn Íslandsmótin 2021 og 2022 fellur út, vegna samþykktar á þingskjal 4.

Nú fer fram kynning á framboðum til formanns, svo kjósum við til formanns, svo kynning á framboðum til stjórnar fyrir þá sem það vilja. Kynningar má finna á heimasíðu og einnig voru þær útsendar.

Þingforseti fer yfir fyrirkomulag formannskosningar, nú er annað kosningakerfi en í nefndavinnu og þar eru tveir tæknimenn til öryggis og gefnar verða 10 mínútur til að kjósa en það opnast ekki fyrr en báðir frambjóðendur hafa lokið sínu máli.

Dregið var um röðun í kynninguna, fyrst Guðni og síðan Ólafur, Guðna Halldórssyni gefið orðið.

Guðni Halldórsson - Herði

Þakka fyrir gott þing, búið að vera öðruvísi og að mörgu leyti áhugavert en öll umgjörð til háborinnar fyrirmyndar og merkilegt að hægt sé að halda svona stórt þing með rafrænum hætti.

Frá því ég kynnti framboð mitt til formanns LH hef ég verið duglegur að koma sjónarmiðum mínum, áherslum og framtíðarsýn á framfæri. Hef skýra sýn og vil taka LH inn í nýja tíma upp á þann stall sem þessi góðu og glæsilegu samtök eiga að vera á.

Hef verið duglegur að birta greinar, senda pósta, tala við formenn og framámenn í félögum og hlusta eftir skoðunum og þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og ánægjulegt að taka þátt í þessu og verður gaman hvernig sem fer.

Þau helstu áherslumál sem ég hef talað fyrir eru nýliðun og útbreiðsla eins og ég kys að kalla það og mjög ánægjulegt að sjá hvað þessi þáttur hefur fengið mikla athygli og mikið rætt um. Allir sammála um að þetta sé mál númer 1, 2 og 3 en því miður höfum við orðið svolítið eftir í baráttunni við aðrar greinar. Meiri fjölgun í öðrum greinum en hestamenskunni, tel að við getum gert betur. Tel að við eigum að reyna að fá fleiri inn, koma hestamenskunni inn í skólana og frístundastyrkjakerfið. Ekki síður að reyna að ná til fólks á öllum aldri, sem hefur verið í hestamenskun og dottið út einhverra hluta vegna, þurfum að auðvelda fólki það koma ftur inn í hestamenskuna. Nýliðun og útbreiðsla er alfa og omega í þesari starfsemi. Um leið og við fáum fleira fólk þá fáum við meira inn í alla flokka hestamenskunnar. Stóra málið hjá næstu stjórn, og ef ég verð ekki kosinn þá fagna ég því allavega að þetta mál er komið alvarlega á dagskrá og tel mig eiga stóran þátt í því.

Markaðs, ímyndar og kynningar mál – við þurfum að sinna þessu og finna fé í þetta því allt fé sem við setjum í þetta kemur margfalt til baka. Við þurfum að mynda okkur framtíðarsýn um hvernig við sækjum fram, kalla til sérfræðinga á sviði markaðs- og kynningarmála, gera markvissar áætlanir og plön og hvernig við ætlum að fá fólk inn í greinina. Það er sótt að hestamenskunni úr öllum áttum, samkeppni um tíma og peninga fólks eykst stöðugt. Það er afþreying á hverju horni og við þurfum að koma okkur enn betur á blað.

HOI – skemmtilegt verkefni. Hef rætt það við Jelenu, Rúnar og Svein Steinars og fleiri og nú komið alvarlega í umræðuna að nýta þá þekkingu til að sækja fram innanlands, það er okkar verðmætasti markaður. Þetta er fólkið sem er að nota sömu reiðleiðir og við sem erum þegar í hestamenskunni, fólkið sem gerir félagslífið öflugra og gerir meira spennandi og gaman að vera í hestamensku.

Reiðvega og öryggismál – það þrengir að okkur, verið að loka leiðum, verið að sækja inn á reiðleiðirnar okkar öllum stundum. Það eru hjól, gangandi og hlaupandi, og hundafólk og verið að loka leiðum. Fólk og hestamannafélög og einstaklingar hafa verið að berjast í þessum málum en LH regnhlífarsamtök okkar þurfa að aðstoða við að berjast fyrir þessum réttindum okkar. Sækja fé, berjast í að opna leiðir og kynna fyrir fólki, auka skilning annarra á sérstöðu hestamenskunnar á því hvernig þessi skepna hagar sér, án þess að fólk haldi að þetta sé eitthvað hættusport.

Samstaða innan okkar hestamanna – þurfum að hugsa sem ein heild. Erum svo sem að mörgu leyti að gera það, þurfum að snúa bókum saman. Það er nóg af samkeppni út á við, nóg af fólki að berjast við okkur um þessa hluti, þurfum að standa saman. Eyða minni tíma í að rífast um aukahring í aðdraganda skeiðsprettis, eigum að hugsa út frá heildinni hvernig við getum unnið fyrir hestamenn sem heild í landinu. Bætt samskipti við hestamannafélögin í landinu. Hef svo sem ekki verið í þessari kreðsu og veit svo sem ekki hvernig þetta hefur verið, en það er misjafn hljómur, sumir segja að bæta megi þessi samskipti verulega. Mun gera mitt til að þessi samskipti verði mest og best. Þetta eru 12.000 manna samtök, gríðarlegur þekking úti í félögunum, þurfum að nýta þetta fólk betur. Hefur verið á plani sl. ár að fara í þessa vinnu en hefur frestast. Þurfum að drífa okkur í þetta, draga félögin að borðinu, hvað vilja félögin sjá. Hvernig sjá félög og formenn þeirra LH vinna sem best fyrir félögin í landinu.

Fagmennska – við þurfum að vinna faglega á öllum sviðum, kalla til fagfólk, þurfum að nýta allt það góða fólk hvort sem það eru endurskoðendur eða hvað það er, markaðsfólk í félögunum, nýta þetta fólk enn betur, bæta samskipti virkja félagmenn. Ég sem formaður, ef ég verð kosinn, þá mun ég sem stjórnandi fyrst og fremst horfa á verkstjórn og stefnumótun – vil virkja fólk til að vinna með mér, sætta sjónarmið, er búinn að vinna við samningagerð og vinna með flestum stærstu fyrirtækjum landsins, er gríðarlega flinkur í að sætta ólík sjónarmið og vinna með fólki. Það er fyrst og fremst það sem formaður þarf að gera, í mínum huga. Formaður þarf að hlusta eftir sjónarmiðum félaganna, marka í samvinnu við félögin framtíðarsýn og draga fram það besta. Ég mun ekki ætla mér að gera allt innan félagsins.

LH fyrir alla hestamenn, það er stærstur hluti hestamanna sem er lítið upptekin af þessum keppnismálum, sem allt virðist samt hverfast um þegar við komum saman. Það er ekki það sem hinn almenni hestamaður er að pæla í heldur reiðvegum, öryggi, félagsmálum,

samskiptum og hvernig hægt er að njóta hestsins betur. Þurfum að fá fleiri í hestamennskuna fyrst og fremst.

Í minum huga er kyrrstaða sama og stöðnun og stöðnun sama og afturför. Það virðist því miður hafa gerst ef horft er til þróunar iðkenda þeirra íþróttagreina sem við berum okkur gjarnan saman við. Við þurfum að hlaupa hraðar, sækja meira fram. Þurfum að vera framsæknari félagsskapur.

Mitt markmið sem nýr formaður LH verður að hugsa fram á við og efla samtökin og styðja við aðildarfélögin hringinn í kringum landið, þannig að hestamennskan geti blómstrað sem aldrei fyrr.

Býð fram krafta mína til formennsku í LH. Tel mig hafa kjark, dugnað og getu til að koma málum áfram og mun ekki gefast upp fyrr en við verðum búin að koma LH á þann stað sem þau eiga að vera. Bið þingfulltrúa að hugsa hvort ekki er kominn tími til að hleypa að nýju fólki. Mun starfa að heilindum og leggja mig fram og mun þora að standa hér að tveimur árum liðnum og leggja störf mín í dóm kjósenda og félagsmanna LH.

Takk fyrir.

Valdimar þakkaði Guðna fyrir sína framsögu og gaf Ólafi Þórissyni orðið.

Ólafur Þórisson - Geysi

Þingið í ár er haldið rafrænt í fyrsta sinn vegna þeirra aðstæðna sem hrella heimsbyggðina. Það hefði verið gaman að vera með ykkur, en þetta er staðan sem við þurfum að vinna úr og höfum þurft að vinna úr undanfarna mánuði.

En hver er Ólafur Þórisson? Fæddur 1977 og er 43 ára gamall á þessu ári. Starfa sem bóndi og tamningamaður í Miðkoti í Landeyjum. Giftur Söru Nielsen og eigum við þrjú börn. Alinn upp í minni sveit með hesta, man ekki eftir mér nema með hesta og hafa þeir átt hug minn allan alla tíð.

Minn félagslegi bakgrunnur er að ég bý að því að hafa starfað mjög mikið í félagskerfi okkar hestamanna. Hef verið formaður Geysis í 10 ár, sem er eitt af stóru hestamannafélögum innan LH, gjaldkeri Geysis þar áður í tvö ár og þar áður varamaður í tvö ár, samtals 14 ár.

Hef verið gjaldkeri LH sl sex ár og jafnframt gjaldkeri LM ehf. á sama tímabili, hef einnig setið í keppnisnefnd LH í sex ár, þar af formaður í tvö. Hef því ágæta þekkingu á starfi landssambandsins og því víðtæka og góða starfi sem þar er unnið. Minn bakgrunnur og reynsla í félagsmálum mun því nýtast áfram sem og hingað til.

Vil nefna nokkur mál sem ég vil leggja áherslu á, en það er nú kannski að bera í bakkafullan lækinn að fjalla um öll þau mál sem ég hef fjallað um í mínum pistlum sem ég hef sent frá mér en hér fjalla ég um nokkur þeirra.

Menntamál – það sem hefur eflt hestamennskuna undanfarin ár er að hún er orðin valgrein víða í grunnskólum. Þurfum að búa til vettvang fyrir okkar lykilfólk sem eru börn og unglingar, í þessum skólum sem koma að hestabrautum, til að tala saman og efla hvort annað. Þurfum að sjá til þess að það verði samræmd viðurkenning á mati námsins til eininga sem teljast til stúdentsprófs, líkt og til dæmis er með tónlistarnám. Vil sjá LH beita sér fyrir því að hestatengt nám verði víðar í boði, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Þetta nám verður að vera í boði fyrir reiðmenn á hinum ýmsu stigum hestamennskunar.

Fjöggun í LH innan okkar raða. Öll höfum við metnað til að halda hestamennskunni á lofti, viljum hafa sem flesta í hestamannafélög og LH. Í því sambandi nefnum við gjarnan nýliðun og æskulýðsmál. Hvort tveggja er gott og gilt og vík ég að því síðar. Við megum þó ekki gleyma öllum þeim sem eru með hesta en ekki í hestamannafélögum eða eru í varnarbaráttu með að halda lífi í hestamennsku á sínum stöðum. Stjórn LH hefur verið að vinna með þessa stöðu og sótt fram. Við þurfum að halda þessu áfram því það er vont ef hestamenn sjá ekki ástæðu til að vera í hestamannafélagi og taka þátt í og nota þá uppbyggingu sem til staðar er á hverjum stað.

Annað atriði sem snýr að svæðum þar sem hestamennska á undir högg að sækja. Við þurfum að aðstoða hestamenn á þessum svæðum til að sækja fram. Stjórn LH hefur farið yfir þessa stöðu og rætt leiðir. Það er ljóst að við verðum að standa saman við að aðstoða þessi félög og svæðin. Er það ekki einmitt hlutverk félagskerfisins, að standa vörð um hestamennsku um allt land bæði í þéttbýli og dreifbýli. Það er öllum hestamönnum dýrmætt. Það er mín skoðun að það sé dýrmætt og mun vinna í þeim anda.

Annað mikilvægt atriði varðandi fjöggun í hestamannafélögum er að það tvinnast saman tveir flokkar, sem við nefnum æskulýðs og nýliðunarmál. Þessa málaflokka þekki ég vel, en mitt félag Geysir, hefur fengið æskulýðsbikar LH 2019 og tvisvar æskulýðsbikar HSK á þeim tíma sem ég hef verið formaður. Þau félög sem hafa kraftmikla einstaklinga í æskulýðsmálum eru yfirleitt með mesta nýliðun hverju sinni, allt gengur þetta er bylgjum og er það þekkt hjá öllum hestamannafélögum á landinu.

Tel mjög mikilvægt að hafa sem fjölbreyttast æskulýðsstarf og þarf að skoða hvert félag fyrir sig og hvað gæti virkað því ekki hentar það sama á hverjum stað. Eitt hentar í dreifbýli og annað í þéttbýli. LH getur aðstoðað við þessa hugmyndavinnu ásamt því að miðla upplýsingum milli hestamannafélaga og hvað hentar mv aðstæður hverju sinni.

Hestaferðir – sífellt fleiri sem velja að ferðast um á hestum í styttri og lengri ferðum. Aukin hestakerrueign gefur hestamönnum möguleika á að velja reiðleiðir í öðrum sveitum. Á fáum árum hefur hestatengd ferðabjónusta vaxið mikið. Þessir þættir hafa aukið þörfina á góðum reiðleiðum og öruggum reiðvegum. Erum með mjög öfluga nefnd innan LH sem heldur utan um reiðvegamál en það verður alltaf þéttari róður að standa vörð um reiðleiðir í kortasjánni, halda þeim opnum, góðum og öruggum. Er einn af þeim sem ferðast mikið á hestum með fjölskyldu og vinum og hef því góða þekkingu á málafokknum og mun leggja mig fram um að þoka þessum málum og standa vörð um það sem verið hefur. Þurfum að óska eftir meira fé til reiðvegagerðar, sækja í þá sjóði sem í boði eru og grípa þau tækifæri sem gefast.

Áskoranir framtíðarinnar eru ekki síst að standa vörð um að ekki verði lokað á umferð ríðandi manna, og að sjá til þess að reiðvegir verði nýttir sem slíkir. Halda þarf áfram fjölgun áningahólfa á fjölförnustu reiðleiðunum. Ef um blandaða notkun er að ræða á núverandi reiðvegum eða reiðleiðum, þá þarf að passa upp á að við njótum forgangs og upplýsa aðra hópa um hvernig ber að umgangast og mæta ríðandi fólki. Þurfum að halda áfram að vera ábyrg í umgengni við landið og til fyrirmyndar.

Að lokum er gaman að segja frá því að í aðdraganda landsþings LH gaf ég mér góðan tíma til að hringja í alla formenn félaga með aðild, náði í félaga í 41 félagi. Gaman að heyra hljóðið í þeim öllum og heyra það mikla starf sem fer fram í félögunum. Nokkur berjast í bökkum að halda lífi í sínu félagi og óska ég öllum formönnum góðs gengis að halda lífi í sínu félagi.

Landssamband hestamanna er öflugt sérsamband sem á að horfa bjart fram á veginn og grípa þau tækifæri sem gefast til að eflast enn frekar og þróast til framtíðar.

Öll viljum við vera í góðum félagsskap og það skulum við einblína á í framtíðinni.

Eins og margir þekkja mig, verð ég seint talinn maður margra orða en ég hef frekar látið verkin tala. Kæru félagar, ég hef lagt mig allan fram í vinnu undanfarin sex ár fyrir ykkur félagsmenn og hér býð ég fram krafta mína og reynslu enn á ný. Takk fyrir mig.

Valdimar þakkar Ólafi fyrir hans framsögu.

Varðandi framboð til stjórnar þá óskar þingforseti eftir því að vita ef einhverjir óska eftir því að fá að kynna sig, það fá það allir sem það vilja.

Opnað fyrir kosningu til formanns LH. Kosning mun standa yfir/vera opin í 10 mínútur.

Kosningastjóri – er starfsmaður Advania fylgist með spjallinu. Þegar kosningu er lokið, sendir hann niðurstöðu á kjörnefnd sem kemur fyrir fundinn og kynnir niðurstöðuna.

Kosningu lýkur og þingforseti greinir frá því að niðurstaða í formannskjöri liggi fyrir og gefur Margeiri Þorgeirssyni, formanni kjörnefndar orðið.

Kosningar til formanns

Guðni Halldórsson hlaut 92 atkvæði.

Ólafur Þórisson hlaut 68 atkvæði.

Guðni Halldórsson telst því rétt kjörinn formaður Landssambands hestamanna.

Þingforseti gefur bæði Guðna og Ólafi færi á því að koma í pontu og segja nokkur orð.

Guðni þakkar fyrir, auðmjúkur og stoltur og segist munu reyna að rísa undir þessu trausti og leggja mig allan fram fyrir samtökin. Er svolítið orðlaus, þakkar Ólafi fyrir drengilega og góða kosningabaráttu. Vonar að þeir eigi eftir að vinna saman. Þakkar fyrir.

Ólafur þakkar Guðna fyrir drengilega kosningabaráttu og þakkarþöllum sem hann hefur starfað með hjá Landssambandinu undanfarin 6 ár fyrir samstarfið og segist vona að hann hafi komið að gagni. Óskar Guðna til hamingju með sigurinn og nýrri stjórn velgengi til framtíðar. Þakkar fyrir.

Þingforseti þakkar Guðna og Ólafi fyrir.

Greinir frá því að þeir frambjóðendur til stjórnar sem vilji kynna sig, geti gert svo nú.

Hákon Hákonarson - Herði

Reynsla Hákons er 10 ára stjórnarseta í Eiðföxa, tugi ára í stjórnun ýmissa líknarfélaga auk þess að reka sitt eigið fyrirtæki í tæp 30 ár.

Er fyrst og fremst áhugamaður um útreiðar, almenna hestamennsku og ferðalög um heiðar og reiðleiðir landsins. Langar helst að efla tengsl landssambandsins við hinn almenna hestamann. Tel að það verði best gert með því að vinna náið með stjórnun hestamannafélaga um allt land. Að hans mati horfi hinn almenni hestamaður ekki á LH sem sitt félag og því þurfum við að breyta. Þurfum að standa saman og til þess þurfum við að vera í nánara samstarfi en verið hefur. Það vill hann efla.

Gréta V. Guðmundsdóttir - Spretti

Hefur unnið að ímynd og hönnun fyrirtækja í áratugi og það brennur á henni að þurfi að gera gangskör í kynningarmálum hestamanna á Íslandi. Hestamennska á víða undir högg að sækja og það er gríðarlega mikilvægt að verja einstaka byggðir hestamanna í þéttbýli. Til að gera það, þarf að gera hestamennsku sýnilegri fyrir almenningi með átaki. Einnig þarf að verja reiðleiðir um land allt og útbúa kynningarefni til öryggis fyrir hestamenn.

Vill gefa grasrót hestamanna meira vægi og finna leiðir til að opna þennan dásamlega heim fyrir áhugasömum og mögulegum nýliðum. Telur mikilvægt að LH sé í fararbroddi þessara kynninga.

Hefur alla tíð haft óbilandi áhuga á hestum og hóf sína hestamennsku í félagshúsi Gusts í Kópavogi. Tók öll námskeið sem í boði voru, fór í sveit í Landeyjar, teiknaði hesta öllum stundum sem leiddi hana svo í grafíska hönnun og starfar nú sem hönnuður sem sérhæfir sig

í útliti og skilaboðum fyrirtækja. Hefur unnið fyrir Félag hrossabænda, Horses of Iceland, nokkur landsmót og nokkur fyrirtæki tengd hestum.

Á nokkra hesta, hefur keppt lítillaga sér til ánægju, farið í Reiðmanninn og ferðast hundruði kílómetra á hestum á sumrin. Nýtur almennrar hestamennsku og fylgist af aðdáum með fremsta fólki í keppnum.

Hefur unnið í félagsstörfum, hestaáhuginn er að draga hana enn frekar inn í kjarna hestamenskunnar og hefur hún starfað í nefndum hjá Spretti og situr nú þar í stjórn. Telur sig hafa mikið fram að færa í uppbyggingarmálum fyrir hestamenn. Þurfum að snúa bókum saman og skoða stóru myndina til að sjá hestamennsku á Íslandi vaxa og dafna í sinni breiðustu mynd.

Þingforseti greinir frá því að kosning sé hafin til aðalstjórnar, kjósa skal 6 fulltrúa.

Í framboði til aðalstjórnar eru:

Ágúst Hafsteinsson – Sleipni

Eggert Hjartarson – Sörla

Gréta V. Guðmundsdóttir – Spretti

Hákon Hákonarson – Herði

Ingimar Baldvinsson – Sleipni

Ómar Ingi Ómarsson – Hornfirðingi

Siguroddur Pétursson – Snæfellingi

Sóley Margeirsdóttir – Mána/Geysi

Stefán Logi Haraldsson – Skagfirðingi/Borgfirðingi

Þingforseti greinir frá því að niðurstaða í kjöri til aðalstjórnar liggi fyrir og gefur Margeiri Þorgeirssyni, formanni kjörnefndar orðið.

Margeir greinir frá niðurstöðunum sem eru eftirfarandi:

Stjórn LH 2020-2022:

119 Stefán Logi Haraldsson – Skagfirðingi/Borgfirðingi

116 Gréta V. Guðmundsdóttir – Spretti

114 Sóley Margeirsdóttir – Mána/Geysi

106 Siguroddur Pétursson – Snæfellingi

99 Eggert Hjartarson – Sörla

98 Hákon Hákonarson – Herði

Í framboði til varastjórnar eru:

Aníta Aradóttir – Fáki

Einar Gíslaon – Fáki

Lilja Björk Reynisdóttir – Hring

Einnig:

Ingimar Baldvinsson

Ómar Ingi Ómarsson

Kosning hefst um fulltrúa í varastjórn, kjósa skjal þrjá fulltrúa til að raða fulltrúunum fimm í sæti.

Hlé á kosningu vegna kerfisvillu.

Lárus Ástmar fráfarandi formaður fær orðið á meðan.

Þingforsetar og kærufélagar.

Var spurður hérna áðan hvort ég væri ekki orðinn rólegur. Jú, það er ekki vandamál er vanalega dagfarsprúður og jarðbundinn en þegar réttlætiskenndin kitlar mig þá fer eitthvað á hreyfingu.

Byrjar á því að óska nýjum formanni Guðna Halldórssyni til hamingju með kjörið og nýrri stjórn. Er reiðubúinn að veita alla þá aðstoð sem ég get og þurfa þykir og alltaf hægt að leita til mín ef menn þurfa upplýsingar eða eitthvað slíkt.

Þakka líka starfsmönnum þessa þings, þeim Valdimar, Gretari og Írisi fyrir þeirra störf, orðið ágætis tríó hérna sem losnar seint við okkur.

Þessi sex ár hafa verið skemmtilegur tími, ég kom inn í þetta verkefni á óvenjulegan máta á óvenjulegum tíma og horfi stoltur til baka. Þegar við hófum hér gönguna fyrir sex árum hafði öll stjórnin sagt af sér og við vitum hvernig staðan var. Er á því að það sé gott og þægilegt að taka við, stjórnin blönduð fólki með reynslu og því sem er að koma nýtt inn og verður spennandi að fylgjast með því starfi.

Margt spennandi í gangi í Íslandshestaheiminum, virðist vera mikið líf út úm allt og Íslenski hesturinn er að halda áfram að vinna land og heilla fólk um allan heim og mun gera það áfram ef við vöndum okkur, hvort sem það er í ræktun eða í umgengi við hvort annað.

Kæru félagar, félagsmál eru í eðli sínu skemmtileg, svona yfirleitt. Á þessum sex árum hef ég kynnst fullt af fólki sem mun fylgja mér út lífið og það er það sem gefur þessu gildi. Vil nota tækifærið og þakka mínu samstarfsfólki og stjórnarfólki í gegnum þennan tíma fyrir samstarfið. Vil sérstaklega þakka Óla vini mínum í Miðkoti, fyrir samstarfið og vináttu, ótrúlegur félagsmálamaður, ósérhlífinn og magnaður á alla lund og á ekkert nema heiður og þakkir skildar frá mér og sambandinu.

Er á því að maður á ekki að vera of lengi í svona verkefni, maður á að stíga út á meðan ástríða er, fara út á meðan eitthvað er enn eftir á tankanu. Það eru líka gríðarleg gleðitíðindi í þessu sem ég upplýsi ykkur hér um, ég segi af mér formlega sem ábyrgðarmaður sóttvarna fyrir landssamband hestamanna og geri ráð fyrir því að nýkjörinn formaður taki við því kefli, vona að hann þurfi ekki að halda á því eins lengi og ég.

Tímarnir eru þannig að það er ekkert hægt að knúsa, en ég kíki á starfsfólkið og félagana á skrifstofunni og geri það við tækifæri. Held glaður inn í ný verkefni, munum að hafa gaman að okkar yndislega áhugamáli og lífinu og þá mun okkur farnast vel. Kærar þakkir fyrir mig.

Þingforseti greinir frá að kjörnefnd í samráði við þingforseta hefur ákveðið að gera það handvirkt að raða í sæti varastjórnar. Margeir, formaður kjörnefndar ásamt Helgu, sjá um dráttinn.

Margeir segir að þar sem sjálfkjörið er í varastjórn vegna fjölda framboða, skuli raða í sæti varastjórnar. Valið var handvirkt í varastjórn með þeim hætti að nöfn frambjóðenda voru sett í pott og dregið um sætaskipan. Röðun í sæti var eftirfarandi:

1 varamaður er Einar Gíslason

2 er Aníta Aradóttir

3 er Ómar Ingi Ómarsson

4 er Ingimar Baldvinsson

5 er Lilja Björk Reynisdóttir

Þá liggur þetta fyrir.

Þá eru það skoðunarmenn, 2 skoðunarmenn reikninga, þar verða áfram þeir Sigurður Guðmundsson og Haraldur Guðfinnsson, leggjum það undir fundinn segir Margeir og þakkar fyrir.

Þingforseti spyr formann kjörnefndar og áréttar að þetta hafi verið einu framboðin til skoðunarmanna og þeir skoðist því sjálfkjörnir.

Fulltrúar á ÍsÍ þing. Tillaga um að vísa því til stjórnar skv. venju. Enginn hreyfir mótmælum við því og vali á fulltrúum því vísað til stjórnar.

Önnur mál:

Dagbjartur lýsir furðu sinni á þessu kjöri skoðunarmanna, segir að þau hafi sent inn frá Akureyri tillögu um löggiltan endurskoðanda, fengum það staðfest frá starfsmanni þingsins að þetta hefði komist til skila, þannig að hann skilur ekki þessa meðferð.

Þingforseti spyr hvenær það hafi verið sent inn, þ.e. með hve löngum fyrirvara.

Dagbjartur segir það hafa verið sent inn fyrr um daginn (þ.e. á seinni degi þingsins).

Þingforseti segir að verið sé að skoða málið. Kemur svo aftur í pontu og segir að varðandi þessa ábendingu muni formaður kjörstjórnar gera grein fyrir því eftir hvaða lagagrein er farið, gefur orðið til Margeirs.

Margeir – tekur til máls og greinir frá því að kjörnefnd er kosin nokkrum mánuðum fyrir þing og það sem unnið er eftir er kafli 1.4.1 kosning til stjórnar. Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing. Sitjandi formaður og aðrir stjórnarmenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa minnst fjórum vikum fyrir landsþing. Kjörnefnd er heimilt að samþykkja framboð sem koma fram síðar, enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda.

Margeir segir að kjörnefnd hafi borist nægur fjöldi frambjóðenda og því ekki séð ástæðu til þess að samþykkja ný framboð sem kæmu á síðustu stundu. Margeir þakkar fyrir.

Þingforseti segir þessu því hafa verið svarað, spyr hvort fleiri vilji tjá sig undir liðnum önnur mál. Dagbjartur óskar eftir því að fá orðið aftur.

Dagbjartur – þakkar Margeiri fyrir þetta sem hann las um en segist hvergi hafa heyrt að tilkynna ætti um kjör á endurskoðendum fjórum vikum áður eða með fyrirvara, þannig að þetta er túlkun sem hann kys að túlka. Þegar þetta er svona, eða hann kys að túlka þetta svona, þá er þetta misbeiting á valdi. Sérstaklega í ljósi þess að reikningar félagsins fyrir árið 2019 voru aðeins samþykktir með sléttum 50% greiddra atkvæða. Dagbjartur telur því að þetta sé misbeiting á valdi því það kemur ekkert fram í lögum um hvernig eigi að tilnefna endurskoðendur, þeir eru hvorki stjórnarmenn, nei, þetta eru endurskoðendur sem er verið að tala hér um.

Þingforseti tekur við þessari ábendingu og segir að starfsmenn muni setjast aftur yfir þetta. Gefur orðið til Sigurðar Ævarssonar.

Sigurður Ævarsson – vil taka undir með Dagbjarti að ég held að þetta sem Margeir vísaði í segi bara til um stjórnarmenn, er búin að lesa mér til í reglunum með það, ekki til um skoðunarmenn frekar en fulltrúa á ÍSí þing sem er vísað til stjórnar, tel þetta galopið og bjóðið þessa menn velkomna sem vilja fara í þessi embætti. Þakkar fyrir.

Þingforseti spyr hvort fleiri vilji tjá sig undir önnur mál. Gefur orðið til Sigríðar Magneu.

Sigríður Magnea – í ljósi þess hversu óvenjulegt þetta þing hefur verið, langar mig að beina því til nýrrar stjórnar að taka það upp hvernig regluverkið eigi að vera í kringum svona þing, því hugsanlega lendum við í því aftur í framtíðinni og þá væri gott að hafa einhverjar reglur um það, þegar fólk getur ekki tekið þátt í nefndarstörfum, hvort það eigi að bíða eða hvort það er hægt að leysa það öðruvísi. Við höfum verið í allskonar tæknivandræðum og fólk ekki getað tekið þátt, ekki bara hjá Sleipni, hefur heyrt það að margir hafi ekki getað tekið þátt og finnst henni það þess virði að skoða það svona eftir.

Þingforseti segir þetta komið til skila og spyr hvort fleiri vilji tjá sig undir liðnum önnur mál.

Þingforseti greinir frá því að kjörstjórn standi fast á sínu, svona hefur þetta alltaf verið og þessi tveggja vikna framboðsfrestur gilt fyrir öll framboð.

Formaður kjörstjórnar ber upp tillögu.

Margeir þakkar fyrir og segist ekki að vera í einhverjum skotgröfum og standa fyrir því að menn séu að skoða reikningana betur. Segir að þegar farið er að rýna betur í þetta, þá höfum við verið að vinna eftir hefðum, höfum verið með skoðunarmenn tvo og það voru þeir sem hann nefndi áðan. Það stendur líka í kafla 1.2.3 um atkvæðagreiðslur á landsþingi og annað slíkt, að auk kjörinna fulltrúa, hafi rétt til þingsetu, málfrelsi og tillögurétt endurskoðandi og skoðunarmenn, ásamt stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóra. Þá er spurningin um hvort við værum með einn endurskoðanda sem gæti þá verið Dagbjartur og svo værum við með tvo skoðunarmenn. Legg þetta fyrir og við skulum sjá hvort við viljum ræða þetta aðeins.

Dagbjartur – heldur að hér sé einhver misskilningur í gangi, hann er ekki að bjóða sig fram sjálfur, leggur til og er búinn að hringja í mann sem er tilbúinn að taka að sér sem löggiltur endurskoðandi að vera skoðunarmaður og löggiltur endurskoðandi fyrir félagið. Vill líka ítreka það með þessa málsmeðferð að hann er ekki sáttur við hana, ef þetta byggist á hefðum. Það þarf að fara að þingsköpum á landsþingi og fara eftir lögum félagsins. Ef þetta endar svona þá mun hann láta skoða hjá ÍSí hvort að rétt er með farið, ef menn ætla að klára þetta svona.

Þingforseti greinir frá því að það sem kjörstjórn og þingforsetar hafa að byggja á, eru venjur og hefðir, það hafi verið kosnir tveir skoðunarmenn og það hefur verið litið svo á að það þurfi að skila þeim framboðum inn með tveggja vikna fyrirvara. Þannig hefur það verið og ef það er ekkert annað, þá muni þingforsetar fara eftir þessum hefðum og venjum.

Dagbjartur – ítreka það að ég mun láta ÍSí skoða þetta. LH er undir ÍSí og ég mun biðja þá að fara yfir þetta.

Sjálfsgagt mál segir þingforseti og segir þessari umræðu að öðru leyti lokið.

Ekki fleiri sem kjósa að tjá sig undir liðnum önnur mál.

Þingforseti þakkar fyrir gott þing fyrir hönd starfsmanna þingsins og gefur orðið yfir á Guðna Halldórsson, formann þingsins.

Guðni Halldórsson, formaður LH, vill í lokin þakka fráfarandi formanni og stjórn vel unnin störf og segist klárlega muni nýta sér það að vera í sambandi og fá upplýsingar um ýmsa hluti, þakkar starfsmönnum þingsins og tæknimönnum fyrir og segir þessu þingi slitið.